

**skoðun** 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




**Jól í Laugardalnum**
*Unnið er á fullu við að breyta Laugardalnum í jóladal þar sem jólakötturinn mun þvælast um í desember.*
**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**16. nóvember 2012**
270. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Bestur innanhúss**
*Skemmtigarðurinn í Smáralind hlýtur verðlaun alþjóðlegra samtaka.*
**skemmtun** 46

**Lífið er vonbrigði**
*Ólafur Gunnarsson ræðir hvort hann sé vondur við persónur sínar.*
**menning** 32



**Rakel Dögg aftur með**
*Ágúst Jóhannsson valdi í gær 22ja manna hóp fyrir EM í Serbíu í desember.*
**sport** 42

**veðrið í dag**




**SNJÓKOMA** norðanlands og allhvasst en úrkomulítið og hægari vindur sunnan til. Hiti víða nálægt frostmarki en frost inn til landsins.
**VEÐUR** 4



**VÉLSTJÓRAR AÐ VERKI** Vélstjórarnir Hörður og Gylfi voru við vinnu í gær á ístogaranum Bylgju VE-75 þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði við Reykjavíkurhöfn. Í síðasta túr kom Bylgja með 55 tonn að landi, langmest af þorski. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leita álits Feneyjanefndar

**Ráðgjafanefnd Evrópuráðsins verður beðin að rýna í stjórnarskrárfrumvarp. Gefur það heildstæða mat sem fólk kallar eftir, segir nefndarformaður. Stjórnarandstaðan vill slíkt mat áður en málið fer til umræðu.**

**ALÞINGI** Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar vinnur nú að því að fá álit Feneyjanefndarinnar á frumvarpi um nýja stjórnarskrá. Feneyjanefndin er ráðgefandi fyrir Evrópuráðið í stjórnarskrármálum.

Valgerður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar, segir að verið sé að leggja drög að erindi til Feneyjanefndar, sem geti tekið við málinu.

„Þá fáum við þetta heildstæða mat sem fólk er að kalla eftir. Hvaða áhrif þetta hefur á stofnanir landsins og svo framvegis. Það þarf til dæmis að skoða kosningakerfið og þeir eru með sérfræðinga í því líka.“

> Þá fáum við þetta heildstæða mat sem fólk er að kalla eftir.
>
> **VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**
> FORMAÐUR STJÓRNSKIPUNAR- OG EFTIRLITSNEFNDAR

Sérfræðinganefnd sem skoðaði lagatæknilegar hliðar frumvarps um nýja stjórnarskrá benti á að ekki hefði farið fram heildstætt og skipulegt mat á áhrifum stjórnarskrártillagnanna í heild.

Ölöf Nordal, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, segir ótækt að sú vinna hafi ekki farið fram áður en málið kemur til umræðu á Alþingi. „Það er miklu betra og eðlilegra að svoleiðis sé gert áður en frumvarpið er lagt fram.“

Valgerður segir að Feneyjanefndin geti tekið við málinu og unnið matið innan þeirra tímamarka sem með þarf. **- kóp /** **sjá síðu 6**

Leikstjóri og framleiðandi Hrossa fara óhefðbundna leið við fjármögnun:

# Netsöfnun til að klára myndina

**KVIKMYNDIR** „Við erum að safna peningum í eftirvinnsluna svo við getum gert þetta vel,“ segir Benedikt Erlingsson, leikstjóri kvikmyndarinnar Hrossa.

Á síðunni Alpha.karolinafund.com óska aðstandendur myndarinnar eftir fjárhagsaðstoð til að geta klárað myndina og vonast þeir til að safna sex og hálfri milljón króna á tveimur mánuðum.

Tökum á Hrossum er lokið og er stefnt á frumsýningu hérlendis næsta haust.

Spurður hvort þetta sé ekki óvenjuleg aðferð til að fjármagna kvikmynd er Benedikt sammála því.

„Ég held að þetta hafi ekki verið áður gert með mynd í fullri lengd á Íslandi. Stuttmyndir hafa verið fjármagnaðar í gegnum erlendar síður en við erum að ríða á vaðið, eins og það heitir á hestamáli,“ segir Benedikt. **- fb /** **sjá síðu 46**



**SÖFNUN** Friðrik Þór Friðriksson og Benedikt Erlingsson eru framleiðandi og leikstjóri myndarinnar Hrossa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










**SPURNING DAGSINS**



*Palli, verður þetta Stjörnustríð í Hörpu?*

„Já, og leyfum áhorfendum að giska hvor okkar er Leia prinsessa og hvor er Jabba the Hut.“

Stórstjarnan Páll Óskar verður í nýju hlutverki þegar hann hitar upp fyrir aðra stjörnu, Mika, í Hörpunni hinn 18. desember.

Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, í nýrri bók um Sjálfstæðisflokkinn:

# Ólafur Ragnar bauð Alberti borgarstjórastólinn

**STJÓRNMÁL** Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1982 bauð Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi þingflokksformaður Alþýðubandalagsins, Alberti Guðmundssyni, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, embætti borgarstjóra að loknum kosningum gegn því að Albert færi fram með sérlista. Þetta kemur fram í nýrri bók Styrmis Gunnarssonar, Sjálfstæðisflokkurinn – Átök og uppgjör.




Styrmir segir að Ólafur Ragnar hafi jafnframt gefið Alberti til kynna að hann ætti kost á borgarstjóraembættinu þó að hann færi á lista Sjálfstæðismanna ef hann svo klyfi sig frá sjálfstæðismönnum að kosningum loknum.

Að því er Styrmir hermir staðfesti Svavar Gestsson, þáverandi formaður Alþýðubandalagsins, við Sjálfstæðismenn á þeim tíma að Ólafur Ragnar væri að „rækta“ Albert og hefði haft heimild til þess að bjóða honum borgarstjóraembættið ef hann færi fram með sérframboð. Ef Ólafur hefði hins vegar boðið honum borgarstjóraembætti þótt hann færi fram á lista Sjálfstæðismanna, hefði það verið á ábyrgð Ólafs sjálfs.

Ekkert varð þó af þessu. Sjálfstæðisflokkurinn fékk meirihluta í kosningunum, Davíð Oddsson varð borgarstjóri og Albert forseti borgarstjórnar.

Að mati Styrmis sýndu þessar þreifingar fram á hvers konar áhrif stjórnarmyndun Gunnars Thoroddsen 1980 hafði á stjórnmálin, en Gunnar, ásamt nokkrum þingmönnum Sjálfstæðisflokks, gekk til liðs við Alþýðubandalagið og Framsóknarflokkinn.

Þetta hafi orðið til þess að hvetja andstæðinga flokksins „til þess að láta reyna á frekari klofning innan flokksins með því að veifa metorðum framan í menn“, segir Styrmir. **- þj**

Hagnýtingarverðlaun HÍ:

## Forrit sem leiðréttir málfræði

**MENNTUN Leiðréttingarforritið Skrambi hlaut Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands sem veitt voru í gær.**

**Forritið greinir texta málfræðilega og finnur af samhengi hans rétta stafsetningu orða. Það getur því greint villur sem annars er erfitt að greina, til dæmis hvort rita skuli „leyti“ eða „leiti“ í tilteknu samhengi, að því er segir í tilkynningu.**

**Skrambi er afrakstur nokkurra rannsóknaverkefna, þar á meðal er meistaraverkefni Jóns Friðriks í tölvunarfræði við háskólann. Stefnt er að því að þróa það sem viðbót við ritvinnsluforrit, eins og Word, og algengustu vafra. - kh**



**SÝRLENSKIR UPPREISNARMENN** Langvinn borgarastyrjöld er í Sýrlandi.
NORDICPHOTOS/AFP

Fabius vill rjúfa pattstöðu:

## Vill senda vopn til Sýrlendinga

**FRAKKLAND, AP** Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakklands, hyggst fara fram á að Evrópusambandið útvegi uppreisnarmönnum í Sýrlandi vopn.

Rússar segja slíkt geta verið brot á alþjóðalögum.

Fabius viðurkennir að fara þurfi varlega, en segir ótækt að uppreisnarmönnum takist að „frelsa svæði, en síðan er varpað sprengjum á þau“.

Langvarandi pattstaða hefur verið í stríði sýrlenska stjórnarhersins við uppreisnarmenn. **- gb**



**ALLT HREINSAÐ ÚT** Nú standa yfir endurbætur á karlaklefanum í Laugardalslaug. Á meðan hefur kvennaklefanum verið skipt í tvennt og karlar fengið þar inni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Karlar í kvennaklefa

**Vegna endurbóta á karlaklefanum í Laugardalslaug hefur helmingur kvennaklefans verið stúkaður af fyrir karla. Framkvæmdum lýkur um mitt næsta ár.**

**TÓMSTUNDIR** Karlkynsgestir Laugardalslaugar hafa nú í rúma viku haft helming kvennaklefans til afnota þar sem verið er að endurnýja búningsklefa þeirra.

Búist er við því að röskun verði næstu mánuði en Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður laugarinnar, segir gesti hafa sýnt breytingunum mikinn skilning. Endurbætur á lauginni hafa staðið yfir um nokkra hríð en áætlað er að þeim ljúki fyrir mitt næsta ár.

Logi segir að nú sé rétti árstíminn til að ganga í þessi mál, enda sé aðsóknin „ekki nema“ um 40 þúsund manns á mánuði.

„Við stefnum að því að klára karlaklefann fyrir lok janúar og það er unnið hörðum höndum að því.

> Gestirnir sýna þessu svo mikinn skilning því að þeir átta sig á þörfinni á endurbótunum.
>
> **LOGI SIGURFINNSSON**
> FORSTÖÐUMAÐUR LAUGARDALSLAUGAR

Eftir það verður farið í að endurnýja kvennaklefann,“ segir Logi. Fólk hafi einnig nýtt sér nýju útiklefana en þar eru 70 skápar, bæði fyrir konur og karla.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var nokkuð spennufall meðal þeirra karla sem hafa nýtt sér þessi fyrrum helgu vé. Þar sé afar svipað umhorfs og í karlaklefanum gömlu. Meira að segja baðvogin Fröken Halldóra, sem þjónað hefur karlgestum um árabil, hefur verið færð yfir.

Þetta eru ekki einu breytingarnar í laugunum því að þar til karlaklefinn verður fullbúinn hefur afgreiðslu sundlaugarinnar verið lokað og gamla afgreiðslan norðan megin í húsinu tekin í notkun á ný.

Logi segir laugargesti hafa sýnt einstaka biðlund á meðan framkvæmdum hefur staðið.

„Fólk hefur verið ótrúlega jákvætt. Við vorum til dæmis að brjóta allt og bramla hérna úti síðasta vetur og fólk fjölmennti þrátt fyrir það á hverjum degi. Gestirnir sýna þessu svo mikinn skilning því að þeir átta sig á þörfinni á endurbótunum.“ **thorgils@frettabladid.is**



**XI JINPING OG LI KEQIANG** Nýju valdhafarnir í fjölmennasta ríki heims.
NORDICPHOTOS/AFP

Nýja forystusveitin tekin við:

## Erfið verkefni bíða Xi og Li

**KÍNA, AP Xi Jinping tók við sem leiðtogi Kommúnistaflokksins í Kína á 18. landsþingi flokksins, eins og reiknað hafði verið með.**

**Síðar á árinu verður hann forseti þessa fjölmennasta ríkis heims, og Li Keqiang verður varaforseti.**

**Þeirra bíða erfið verkefni, svo sem óleystar deilur við Bandaríkin um efnahagsmál og við Japan um yfirráð yfir nokkrum litlum eyjum.**

**Einnig þurfa þeir að takast á við vaxandi óánægju almennings og líklega óvissu í efnahagsmálum. - gb**

Á gjörgæslu eftir bílslys:

## Barst með bíl í gegnum rúðu

**SLYS** Kona var flutt á gjörgæsludeild Landspítalans í gær eftir að hafa orðið fyrir bíl fyrir utan Bílaumboðið Heklu við Laugaveg.

Ökumaður, sem var á vesturleið á Laugaveginum, fékk hjartaáfall og fór yfir umferðareyju og þrjár akreinar áður en hann skall á mannlausum bíl við Heklu. Mannlausi bíllinn fór á konuna sem barst með honum í gegnum rúðu og inn í húsið.

Konan er sem fyrr segir á gjörgæsludeild og er líðan hennar eftir atvikum. Ekki er vitað um líðan ökumannsins. **- kh**




Vísindamenn við Duke-háskóla gerðu lítið hylki ósýnilegt fyrir örbylgjum:

# Skrefi nær alvöru huliðshjálmi

**VÍSINDI** Vísindamönnum við Duke-háskóla í Bandaríkjunum tókst nýverið að hylja nokkurra rúmsentímetra demantslaga hylki fullkomlega í tilraun. Er þetta í fyrsta sinn sem tekst að gera hlut algjörlega ósýnilegan.

Fjölmargar tilraunir hafa verið gerðar á síðustu árum þar sem reynt hefur verið að sveigja ljós eða bylgjur fram hjá hlutum klæddum ákveðnu efni þannig að þeir verði ósýnilegir.

Þar til nú hefur hluti ljóssins þó ávallt endurspeglast með þeim afleiðingum að það svæði þar sem hlutinn er að finna lítur út fyrir að vera dekkra en umhverfið í kring. Það gerðist hins vegar ekki í nýju tilrauninni.

Það er þó ekki þar með sagt að hægt verði að kaupa huliðshjálma í verslunum á næstunni. Sá galli er nefnilega á gjöf Njarðar að viðkomandi hlutur er einungis ósýnilegur úr einni átt auk þess sem enn er bara mögulegt að fela hann með örbylgjum en ekki sýnilegu ljósi.

Hlutir sem eru huldir með þessari tækni eru því eftir sem áður sýnilegir mönnum þótt þeir geti til að mynda orðið ósýnilegir gagnvart radar-tækni.

David Smith, einn vísindamannanna, telur tilraunina þó stórt skref fram á við. „Í fyrri rannsóknum hafa ekki verið búnir til nytsamlegir huliðshjálmar.

Þessi gæti hins vegar reynst nytsamlegur,“ sagði Smith eftir tilraunina og bætti við: „Ég held að það sé klárlega hægt að byggja á þessari rannsókn.“ **- mþl**



**HARRY POTTER** Þótt rannsóknum á því hvernig gera megi hluti ósýnilega hafi fleygt fram á síðustu árum eru huliðsskikkjur eins og sú sem Harry Potter á enn fjarlægur draumur.

# ÖLL JÓLAVARA

# 25%*

# AFSLÁTTUR

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

Rúmfatalagerinn í 25 ár.

1987 RÚMFATA LAGERINN 2012

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

TILBOÐIN GILDA 16.11 til 18.11

## GENGIÐ 15.11.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,93 | 129,55 |
| Sterlingspund | 204,41 | 205,41 |
| Evra | 164,45 | 165,37 |
| Dönsk króna | 22,047 | 22,177 |
| Norsk króna | 22,346 | 22,478 |
| Sænsk króna | 19,026 | 19,138 |
| Japanskt jen | 1,5883 | 1,5975 |
| SDR | 196,48 | 197,66 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

227,9352

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur snýr dómi í máli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar gegn fréttamanni RÚV:

# Svavar dæmdur sekur um meiðyrði

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur snúið sýknudómi Héraðsdóms Reykjavíkur í meiðyrðamáli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar gegn Svavari Halldórssyni, fréttamanni á RÚV. Hæstiréttur sakfellir Svavar og gerir honum að greiða Jóni Ásgeiri 300 þúsund krónur í miskabætur.

Málið snerist um sjónvarpsfrétt sem Svavar flutti 6. desember 2010. Hún fjallaði um svokallað Pace-mál, þegar félagið Fons, í eigu Pálma Haraldssonar, lánaði Pace Associates í Panama þrjá milljarða króna vorið 2007. Í fréttinni sagði að yfirvöld leituðu fjárins og hefðu undir höndum gögn sem bentu til þess að það hefði ratað, eftir krókaleiðum, aftur til Íslands og í vasa Pálma, Jóns Ásgeirs og Hannesar Smárasonar.



**TVÍDÆMDUR** Svavar Halldórsson var viðstaddur dómsuppkvaðninguna í Hæstarétti í gær. MYND/SIGURJÓN ÓLASON

Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að ummælin í fréttinni verði ekki skilin á annan veg en að með þeim sé Svavar að bera Jóni Ásgeiri refsiverða háttsemi á brýn. Hann hafi hins vegar engin gögn lagt fram sem styðji ummælin og ekki sýnt fram á að hann hafi leitað eftir upplýsingum frá Jóni Ásgeiri um efni hennar.

Fyrir nánast réttu ári var Svavar dæmdur fyrir meiðyrði í garð Pálma Haraldssonar. Þau ummæli snertu annað mál. - sh

Eftir þriggja ára hægan vöxt:

# Aftur kreppa á evrusvæðinu

**BRETLAND, AP Nýjustu hagtölur frá Evrópusambandinu sýna að samdráttur upp á 0,1 prósent varð á evrusvæðinu á milli annars og þriðja ársfjórðungs þessa árs.**

**Þetta er í fyrsta sinn síðan 2009 sem samdráttur mælist á svæðinu, en vegna langvarandi skuldavanda margra evruríkjanna, með miklu atvinnuleysi og ströngum aðhaldsaðgerðum, er búist við því að þessi kreppa muni dýpka fram á næsta ár.** - gb





**MÓTMÆLI Í MADRID** Sjálfsvíg varð til þess að stjórnin skipti um stefnu. NORDICPHOTOS/AFP

Skuldugum hjálpað á Spáni:

# Engir útburðir næstu tvö árin

**SPÁNN, AP** Spænska stjórnin hefur ákveðið að næstu tvö árin verði einstaklingar ekki bornir út úr húsum sínum vegna vanskila, uppfylli þeir viss skilyrði.

Stjórnin breytti um stefnu í þessu máli tæpri viku eftir að kona, sem sá fram á útburð úr íbúð sinni vegna vanskila, svipti sig lífi. Stjórnin er hins vegar gagnrýnd fyrir að taka ekki á málum þeirra, sem gefa húsnæði sitt upp á bátinn en geta áfram verið stórskuldug, jafnvel til æviloka. - gb

Kólígerlar á Eskifirði:

# Þurfa að sjóða neysluvatnið

**ESKIFJÖRÐUR Kólígerlar hafa fundist í neysluvatni á Eskifirði og eru íbúar í bænum beðnir um að sjóða allt neysluvatn. Tekið var sýni úr vatnsbóli bæjarins í fyrradag og bárust niðurstöðurnar í gær. Búið er tilkynna öllum íbúum bæjarins þetta bréfleiðis.**

**Vatnsból Eskfirðinga samanstendur af nokkrum lindum í fjallinu við bæinn en þær eru viðkvæmar fyrir leysingum. Nú er verið að tengja varavatnsból, sem er inni í dal, við krana bæjarins og verður þeirri aðgerð líklega lokið á næstu dögum.**

# Sigurður á svig við ótal reglur

**Ríkisendurskoðandi vill gefa fyrrverandi forstjóra Eirar færi á að endurgreiða 200 þúsund króna sólarlandaferð sem hann gaf tengdasyni sínum úr bleyjusjóði hjúkrunarheimilisins fyrir meint lögmannsstörf.**

**STJÓRNSÝSLA** Séra Sigurði Helga Guðmundssyni, þáverandi framkvæmdastjóra hjúkrunarheimilisins Eirar, var óheimilt að greiða tengdasyni sínum lögmannskostnað með því að láta Eir kaupa sólarlandaferð fyrir hann og fjölskyldu hans á 200 þúsund krónur.

Þetta er niðurstaða Ríkisendurskoðunar, sem leggur til að séra Sigurði verði gefinn kostur á að ljúka málinu með því að endurgreiða 200 þúsund krónurnar.

„Verði hann ekki við þeirri málaleitan verði á hinn bóginn nauðsynlegt að íhuga næstu skref í málinu og mun Ríkisendurskoðun reiðubúin til þess að láta í ljós álit á þeim möguleikum, sem þá yrðu í stöðunni," segir í svarbréfi sem Ríkisendurskoðun sendi til núverandi framkvæmdastjóra Eirar, Sigurðar Rúnars Sigurjónssonar, í fyrradag.

Sigurður Rúnar hafði farið þess á leit við embættið að það tæki til skoðunar greiðslu til Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar, tengdasonar séra Sigurðar, í formi ferðar til Alicante á Spáni.

Séra Sigurður segir í svarbréfi sínu að þáverandi stjórnarformanni Eirar, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, hafi verið „vel kunnugt" um að hann hefði leitað lögfræðiaðstoðar fyrir Eir á þessum tíma.

„Sá er þjónustuna veitti var tregur til að rukka fyrir veitta þjónustu, sem var í sumum tilvikum veruleg, og leið mér ekki vel með það. Ég ákvað því að veita honum umbun fyrir aðstoðina með ávísun á farseðil, en hefði eins vel getað verið greitt með peningum. Tel ég reyndar fullvíst að ef annar háttur hefði verið hafður á hefði kostnaður Eirar vegna þessa numið mun hærri fjárhæðum."

Í svari Ríkisendurskoðunar til Eirar er hins vegar farið hörðum orðum um þessa ráðstöfun Sigurðar. „Engin haldbær gögn eða upplýsingar liggja þannig fyrir um í hverju meint lögfræðiþjónusta, sem umrætt gjafabréf er sagt hafa verið endurgjald fyrir, hafi verið fólgin," segir ríkisendurskoðandi. Lögmaðurinn hafi hvorki gefið út neinn reikning vegna „hinnar meintu vinnu" né vísað til samkomulags við hann.

„Af sömu sökum hefur ekki verið gefinn út verktaka- eða launamiði vegna útgjalda þessara, svo sem lögskylt er ef um þjónustukaup af þessu tagi er að ræða. Loks er þess að geta að umræddur lögmaður, sem fyrrverandi forstjóri umbunaði með framangreindum hætti, mun vera tengdasonur hans."

> Engin haldbær gögn eða upplýsingar liggja þannig fyrir um í hverju meint lögfræðiþjónusta [...] hafi verið fólgin.
>
> ÚR SVARI RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðandi telur því að líta verði svo á að greiðslan hafi verið óheimill örlætisgerningur „með vísan til lögformlegrar stöðu Hjúkrunarheimilisins Eirar sem sjálfseignarstofnunar er starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skipulagsskrárinnar sem slíkrar, umboðs fyrrverandi forstjóra til að skuldbinda sjálfseignarstofnunina, trúnaðarskyldu hans gagnvart henni og tengsla fyrrverandi forstjóra við umræddan lögmann svo og með hliðsjón af meginreglum laga um bókhald og laga um ársreikninga, sem og laga um tekjuskatt og laga um virðisaukaskatt."

stigur@frettabladid.is



SIGURÐUR HELGI GUÐMUNDSSON

## Fóru til Hollands fyrir bleyjusjóðinn



Fram kemur í bréfi Ríkisendurskoðunar að Alicante-ferð tengdasonar Sigurðar hafi verið greidd úr „þróunarsjóði" sem hafi haldið utan um afslátt af innkaupum á sjúkrableyjum. Í svarbréfi frá séra Sigurði segir að með tilkomu þess sjóðs hafi komið „möguleikar til að standa undir kostnaði sem rekstrarsjóður réði ekki við. Þar má til dæmis nefna að þegar formaður og varaformaður fóru í kynnisferð til Hollands var það greitt úr Þróunarsjóði."

Á þeim tíma voru Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Magnús L. Sveinsson formaður og varaformaður stjórnar Eirar.

Námskeið með Kolbrúnu grasalækni

Blómaskeið karla og kvenna

Þriðjudaginn 20. nóvember kl. 18.30



Breytingar í líkama og taugakerfi fólks á besta aldri geta reynst sumum erfiðar og kennir Kolbrún leiðir til þess að takast á við og þekkja raunverleg einkenni breytingaskeiðsins. Námskeiðið er hugsað bæði fyrir karla og konur.

*Námskeiðið er haldið að Laugavegi 2 í sama húsnæði og verslun Jurtaapóteksins. Skráning á jurtaapotek@jurtaapotek.is eða í síma 552 1103.*

**Verð: 4500 kr.**

JURTAAPOTEK KOLBRÚN GRASALÆKNIR

Laugavegi 2 • 101 Reykjavík • Sími 552 1103 • www.jurtaapotek.is • jurtaapotek@jurtaapotek.is

## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**KÓLNAR**

Það kólnar á landinu næstu daga og má búast við talsverðri snjókomu norðanlands. Með snjókomunni verður nokkuð hvasst og því fylgir skafrenningur. Víða má búast við hálku að minnsta kosti fram yfir helgi.



**Á MORGUN**

Strekkingur eða allhvasst norðan- og vestanlands annars hægari.

**SUNNUDAGUR**

Strekkingur víða með ströndum annars hægari.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 11° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 10° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | 5° |
| París | 9° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# VINSÆL LEIKFÖNG

## STYLE ME UP!



verð frá 1.199

8-12 ára

## Mixy
Fashion's a snap!

5-7 ára



verð frá 999

## Clementoni

3+ ára



Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Kringlunni, Skeifunni og Garðabæ.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hversu margir titlar eru skráðir í Bókatíðindi í ár?
2. Hvar fundaði Össur Skarphéðinsson með fulltrúa Palestínumanna fyrr í vikunni?
3. Hvað heitir framkvæmdastjóri Hjúkrunarheimilisins Eirar?

**SVÖR**

1. 842 titlar 2. Í Genf 3. Sigurður Rúnar Sigurjónsson

Athugun FME á lokuðu útboði á hlutbréfum Eimskips leiddi ekkert vafasamt í ljós:

# Engin innherjakaup í útboði Eimskips

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) fann engin dæmi þess að innherjaviðskipti hefðu átt sér stað í lokuðu útboði á hlutabréfum Eimskips sem fram fór í lok síðasta mánaðar.

FME tók útboðið til rannsóknar eftir að ábendingar bárust um að fjárfestar hefðu mögulega ekki setið allir við sama borð.

Þannig voru forsvarsmenn margra lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta óánægðir með að hluti bjóðenda í útboðinu hefði fengið að skila inn tilboðum með fyrirvörum án þess að skráningarlýsing hafi gert ráð fyrir slíku.



**Í SUNDAHÖFN** FME bárust kvartanir vegna lokaðs útboðs á hlutabréfum í Eimskip og tók útboðið í kjölfarið til rannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá hefur því verið haldið fram að einstakir bjóðendur hafi haft spurnir af því að umdeildir kaupréttir stjórnenda Eimskips yrðu felldir niður meðan á útboðinu stóð en ákvörðun um niðurfellingu kaupréttanna var ekki gerð opinber fyrr en að því loknu.

Í tilkynningu frá FME segir að það hafi gert athugun á framkvæmd útboðsins og aflað gagna hjá umsjónaraðilum þess, Straumi fjárfestingarbanka og Íslandsbanka, og fleiri aðilum. Ekki fundust hins vegar dæmi þess að viðskipti hefðu farið fram á grundvelli innherjaupplýsinga. **- mþl**



**LANDSPÍTALINN FOSSVOGI** Minningarathöfn verður við bráðamóttökuna.

Fórnarlömb umferðarslysa:

## Mínútu þögn á sunnudaginn

**UMFERÐARMÁL** **Alþjóðlegur dagur fórnarlamba umferðarslysa er á sunnudaginn. Þá verður minningarathöfn við bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. Fórnarlamba umferðarslysa verður minnst og þær starfsstéttir sem koma að björgun og aðhlynningu verða heiðraðar. Forseti Íslands og ráðherrar verða viðstaddir.**

**Athöfnin hefst klukkan 11.00 og klukkan 11.15 verður einnar mínútu þögn til minningar um fórnarlömbin.** **- gar**

Bíður annarra réttarhalda:

## Í farbann vegna kynferðisbrots

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest ákvörðun Héraðsdóms Vesturlands þess efnis að maður frá Palestínu skuli sæta farbanni þangað til réttað verður að nýju í nauðgunarmáli á hendur honum og dómur fellur.

Héraðsdómur dæmdi manninn í sumar í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum en Hæstiréttur ómerkti dóminn þar sem mikilvæg málsskjöl hefðu ekki verið þýdd á móðurmál sakborningsins.

Manninum, sem er frá Palestínu en án ríkisfangs, verður því óheimilt að yfirgefa landið þar til dómur fellur, en þó ekki lengur en til 21. desember. **- sh**

# Stjórnarskrártillaga verður rædd á Alþingi á þriðjudag

**Frumvarp um breytingar á stjórnarskrá var afgreidd úr nefnd í gær og verður til umræðu á þriðjudag. Stefnt að því að breytingar náist fyrir þinglok. Stjórnarandstaðan vill mat á áhrifum fyrir umræðurnar.**

**ALÞINGI** Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd afgreiddi frumvarp um breytta stjórnarskrá í gær. Málið verður tekið til umræðu á þriðjudag.

Meirihlutinn leggur nú drög að því að senda frumvarpið til Feneyjanefndarinnar, þar sem það verði metið heildstætt. „Ég er að leggja drög að því í smáatriðum. Ég veit að þeir geta tekið við þessu, en smáatriðin eru ekki alveg ljós. Þeir geta tekið við þessu og gert þetta innan þeirra tímamarka sem við þurfum,“ segir Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.



**ÓLÖF NORDAL**



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**

Ólöf Nordal, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, segir óeðlilegt að málið fari í umræðu á Alþingi áður en heildstætt mat hafi farið fram á áhrifum breytinga á stjórnarskrá. Sérfræðingahópur hafi bent á að slíkt mat vantaði.

„Hér er um að ræða frumvarp sem kemur annars staðar frá og mér finnst eðlilegt að meirihlutinn láti þetta mat fara fram áður en hann leggur frumvarpið fram.“

Ólöf segir mikla vinnu eftir við málið, einnig eigi eftir að fara yfir þær athugasemdir sem aðrir sérfræðingar hafa gert.



**SÉRFRÆÐINGAHÓPURINN** Páll Þórhallsson kynnti í síðustu viku skýrslu sérfræðingahóps sem yfirfór lagatæknileg atriði stjórnarskrárdraga. Hópurinn benti á að heildstætt mat á áhrifum breytinganna skorti. Feneyjanefndinni er ætlað að vinna það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við verðum bara að vinna þetta mál. Menn verða bara að gefa sér tíma í það og við munum auðvitað kalla eftir því að það verði gert og þá inni í nefndinni,“ segir Ólöf.

Valgerður er enn sannfærð um að unnt sé að ljúka málinu fyrir vorið, þó mikil vinna sé eftir.

„Við þurfum að fá málið aftur inn í nefndina þannig að við getum hafist handa við að senda þetta inn í ráðuneytin hér til að athuga hvort þurfi einhver bráðabirgðaákvæði, svo eitthvað sé nefnt. Þá vinnu þarf að vinna og svo er hægt að hefja þá efnislegu umræðu sem menn hafa beðið eftir um leið og málið kemur aftur fyrir nefndina,“ segir Valgerður.

„Þú getur líka verið með heildstætt mat og það getur tekið fimm ár og þá gerist aldrei neitt, af því að þú ert alltaf að meta eitthvað. Það virðist nú vera það sem íhaldsmennirnir, hvar í flokki sem þeir standa, eru í núna.“ **kolbeinn@frettabladid.is**

### Feneyjanefndin

Feneyjanefndin er ráðgefandi aðili fyrir Evrópuráðið í stjórnarskrármálum, en hún var sett á fót árið 1990. Feneyjanefndin hefur komið að þróun stjórnskipunar í Evrópu og aðlögun stjórnskipunar ESB að evrópskum stjórnskipunum.





Chevrolet Aveo - Bílalegubíll í ábyrgð
árgerð 2011 - söluverð: 1.590 þús.
Tilboð: 1.390 þús.

Afborgun á mánuði aðeins:
22.756 kr.*

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans. Reiknaðu dæmið á landsbankinn.is

Chevrolet Aveo

| | |
|---|---|
| Söluverð: | 1.590.000 kr. |
| Bílafjármögnun: | 1.190.000 kr. |
| Okkar hlutur: | 200.000 kr. |
| Þín útborgun: | 200.000 kr. |
| **Heildarverð til þín:** | **1.390.000 kr.** |
| **Afborgun:** | **22.876 kr.** |

*Hlutfallskostnaður 12.36%

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Toys R Us

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# 30 %

# afsláttur

## af fjarstýrðum bílum og þyrlum

Tilboðin gilda 16-18.11.2012. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.



AFSLÁTTUR ER DREGINN AF UPPRUNALEGU VERÐI VÖRUNNAR

**AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600 ★ **KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800



**ÖND LENDIR** Í almenningsgarði í bænum Celle í Þýskalandi tyllti þessi önd sér á tjörn stundarkorn. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telur að fjöldi sykursjúkra muni tvöfaldast fyrir 2030:

# 346 milljónir manna sykursjúkar

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) telur að 346 milljónir manna um allan heim séu sykursjúkar. Þessi tala mun líklega meira en tvöfaldast fyrir 2030 ef ekki er að gert. Á hverju ári látast 3,4 milljónir manna vegna of hás blóðsykurs. Nærri 80% þeirra sem látast af völdum sykursýki búa í mið- eða lágtekjuríkjum.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði í ávarpi sínu á Alþjóðadegi sykursýki í fyrradag að sykursýki væri þróunarmál. „Hinir fátæku eru hlutfallslega í mestri hættu og fjölskyldur þeirra steypast enn dýpra í hyldýpi fátæktar. Sykursýki eykur álag á heilbrigðiskerfi og stefnir þeim þróunarárangri sem hefur náðst, með mikilli þrautseigju, í hættu.“

Sykursýki er krónískur sjúkdómur og orsakast af því að briskirtillinn framleiðir ekki nóg insúlín eða líkaminn getur ekki nýtt fyllilega það insúlín sem hann framleiðir. -shá

### Sykursýki – tvær gerðir

- Sykursýki af tegund 1. Orsakir eru óþekktar og ekki er hægt að koma í veg fyrir hana með núverandi þekkingu.
- Sykursýki af tegund 2 hrjáir 90% sykursjúkra í heiminum og má að miklu leyti rekja til of mikillar líkamsþyngdar og hreyfingarleysis. Má forðast eða fresta með því að borða hollan mat og forðast tóbaksneyslu.
- Dagur sykursýki er haldinn 14. nóvember, en þá fæddist Frederick Banting sem ásamt Charles Best átti stóran þátt í að uppgötva insúlín árið 1922.

Dópsmyglarar dæmdir:

## Smygluðu kókaíni í ferðatösku

**DÓMMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær fjóra menn fyrir innflutning á tæpu kílói af kókaíni frá Danmörku í febrúar 2010.**

**Sá sem fékk þyngsta dóminn, Andri Þór Eyjólfsson, var dæmdur í þriggja ára fangelsi.**

**Hafþór Logi Hlynsson var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi en hinir tveir voru dæmdir í átján mánaða og fimmtán mánaða fangelsi.**

**Fíkniefnin flutt mennirnir inn í plastrenningum í ferðatöskum.**



**HEIMAEY VE** Hið glæsilega skip Ísfélagsins þegar það kom í land með aflann. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Mokveiði út af Grundarfirði:

## Risaköst af síld á Breiðafirði

**SJÁVARÚTVEGUR Skipin sem stunda veiðar á íslenskri sumargotssíld hafa á liðnum dögum tekið hvert metkastið á fætur öðru í Grundarfirði. Skessuhorn greinir frá þessu.**

**Hákon EA náði 1.800 tonna kasti á fimmtudaginn í liðinni viku og Heimaey VE fékk enn stærra kast á þriðjudag, eða um tvö þúsund tonn. Eru þau með stærstu köstum sem náðst hafa hér við land og þótt víðar væri leitað.**

**Bæði Hákon og Heimaey miðluðu aflanum til tveggja eða þriggja annarra skipa sem dældu úr nótinni.** - shá

Norðurskautsráðið fundaði:

## Frumbyggjum tryggð þátttaka

**UMHVERFISMÁL** Norðurskautsríkin hvetja stjórnvöld í Rússlandi til þess að leysa úr deilum sínum við samtök frumbyggja í Norður-Rússlandi, RAIPON, svo hægt verði að tryggja þátttöku þeirra í starfi Norðurskautsráðsins.

Þetta kom fram í ályktun sem samþykkt var á fundi embættismannanefndar Norðurskautsráðsins, sem lauk í Svíþjóð í gær. Íslensk stjórnvöld ætla að fylgjast náið með málinu.

Einnig var fjallað um önnur málefni, meðal annars úttekt á málefnum Norður-Íshafsins, samning um viðbrögð við olíumengun í hafi og aðgerðir til að koma í veg fyrir olíumengun. - þeb



**KÖNNUN** Meirihluti Íslendinga borðar fisk tvisvar í viku. Þeir skora hæst í neyslu sykurríkra fæðutegunda en lægst í neyslu brauðs.

# Konur borða hollari fæðu en karlmenn

**Fyrsta sameiginlega norræna könnunin á mataræði, hreyfingu og holdafari gerð. Íslendingar borða mest af sykurríkum fæðutegundum en langminnst af brauði. Aðeins 8% norrænna barna borða í samræmi við manneldismarkmið.**

**MATARÆÐI** Norrænar konur borða almennt hollari mat en norrænir karlar. Þetta sýnir fyrsta sameiginlega norræna könnunin á mataræði, hreyfingu og holdafari Íslendinga, Dana, Finna, Norðmanna og Svía.

Könnunin, sem gerð var í fyrrahaust á vegum Embættis landlæknis ásamt sérfræðingum frá hinum norrænu ríkjunum, leiddi í ljós að níu til 24 prósent fullorðinna borða í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í aðgerðaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um bætta heilsu og lífsgæði með næringu og hreyfingu. Að mati sérfræðinganna borða aðeins um átta prósent barna í samræmi við markmiðin. Yfir 11.500 manns alls voru spurðir um tíðni neyslu á völdum fæðutegundum, hreyfivenjur og hæð og þyngd.

Alls borða um 66 prósent Íslendinga að minnsta kosti tvær fiskmáltíðir í viku en einungis 26 prósent Dana, að því er kemur fram á vef Embættis landlæknis.

Algengasta viðbitið í öllum löndunum er smjör-olíublanda. Á Íslandi, í Svíþjóð og Noregi velja um 20 prósent léttsmjörlíki en um 40 prósent Dana nota ekki viðbit á brauð. Á Íslandi sleppa 14 prósent viðbiti. Íslendingar eru duglegastir að nota olíu við matargerð eða um 80 prósent. Í Svíþjóð nota 30 prósent olíu við matargerð.

Norðurlandabúar borða almennt of lítið af grænmeti og ávöxtum og of mikið af sætindum. Sykurríkra fæðutegunda er neytt oftar en fjórum sinnum í viku. Svíar borða oftar pylsur en aðrar norrænar þjóðir.

Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri næringar hjá Embætti landlæknis, segir niðurstöðurnar ekki koma mikið á óvart. „Þetta er í samræmi við niðurstöður landskönnunar á mataræði. Við borðum ekki nóg af ávöxtum og grænmeti og of mikið af sykri. Þótt við stöndum okkur vel í fiskneyslu miðað við hinar norrænu þjóðirnar þyrfti fiskneyslan að vera enn meiri.“

Á Íslandi teljast fleiri fullorðnir of þungir og of feitir en í hinum norrænu ríkjunum. Enginn munur fannst milli barna.

Samkvæmt niðurstöðunum fylgja um 67 prósent fullorðinna Norðurlandabúa ráðleggingum um lágmarkshreyfingu en aðeins 13 prósent viðmiðum um ákjósanlega hreyfingu. Hlutfall þeirra sem stunda enga hreyfingu er hæst á Íslandi eða rúm 14 prósent. „Miðað við niðurstöður annarra nýlegra kannana er hlutfall þeirra sem stunda lágmarkshreyfingu hér líklega töluvert ofmetið,“ segir Gígja Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hreyfingar hjá Embætti landsæknis.

Samkvæmt norrænu könnuninni hreyfa sig tæp 52 prósent íslenskra barna sjö til 12 ára í samræmi við ráðleggingar. ibs@frettabladid.is

### Neysla ávaxta og grænmetis

Þar af í mesta lagi eitt glas af ávaxtasafa.




Neysla grænmetis og ávaxta 5 sinnum eða oftar á dag.



**OLÍUPALLUR BRENNUR** Umhverfisslysið í Mexíkóflóa var eitt hið versta í sögunni. NORDICPHOTOS/AFP

BP viðurkennir glæpi:

## Tveir ákærðir fyrir manndráp

**BANDARÍKIN, AP** Tveir starfsmenn breska olíufélagsins BP verða ákærðir fyrir manndráp vegna þess að olíulekinn úr borpalli félagsins á Mexíkóflóa árið 2010 kostaði ellefu manns lífið.

Þetta er partur af samkomulagi í dómsmáli Bandaríkjastjórnar gegn olíufyrirtækinu. Meðal annars samþykkti BP að greiða 4,5 milljarða dala, eða jafnvirði 550 milljarða króna.

Fyrirtækið viðurkenndi sekt sína í ákærum um glæpsamlegt athæfi í tengslum við lát mannanna.

Einnig viðurkenndi fyrirtækið að hafa logið að Bandaríkjaþingi. - gb

**SLYS**

### Fótbrotnaði við Gullfoss

Björgunarfélagið Eyvindur á Flúðum var kallað út á sjötta tímanum þegar tilkynning barst um slasaða konu við Gullfoss. Konan, sem er erlendur ferðamaður, rann á ísingu við fossinn og fótbrotnaði. Hún var spelkuð, sett á börur og bar björgunarsveitin hana upp á plan þar sem sjúkrabíll beið þess að flytja hana á sjúkrahús.

DELL Optiplex 3010
Hagkvæm og áreiðanleg
á góðu verði



Vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.
Listaverð ~~179.990~~ kr. stk.
1-9 tölvur 119.900 kr. stk.
10+ tölvur 109.900 kr. stk.
Nánari upplýsingar á www.advania.is/kynningarverd
í síma 440 9010 eða í tölvupósti sala@advania.is
Öll verð eru með vsk.
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.
Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000
advania
Welcome to IT

Hjálparsveit skáta í Hveragerði vinnur að auknu öryggi útivistarfólks í Reykjadal:

# Númer á stikum auðveldar leit

**ÖRYGGISMÁL** Hjálparsveit skáta Hveragerði (HSSH) hefur í haust, í samstarfi við Hveragerðisbæ, sveitarfélagið Ölfus og fleiri, unnið að auknu öryggi á gönguleiðinni um Reykjadal fyrir ofan Hveragerði. Ákveðið var að laga göngustíga, merkja betur hættur, gera göngubrýr, fjölga stikum og númera þær.

Merkingar stikanna eru hugsaðar þannig að ef einhver slasast þá er hægt að gefa upp númer á næstu stiku. Þannig fæst strax nákvæm staðsetning sem auðveldar skipulagningu og vinnu viðbragðsaðila. Einnig getur þetta hjálpað til ef fólk villist í dalnum.

Hluta verkefnisins er lokið og verður áfram unnið að því í vetur og næsta sumar þegar áætlað er að númera leiðir upp úr dalnum.

HSSH hefur gert lista með númerum og staðsetningu stikanna frá bílastæðinu upp að baðstað og hefur hann verið sendur svæðis- og landsstjórn björgunarsveitanna, Neyðarlínu, Landhelgisgæslunni, fjarskiptamiðstöð lögreglu og lögreglunni á Selfossi.

Margir hafa komið að verkinu, meðal annarra aðstoðaði þyrlusveit Landhelgisgæslunnar við flutning á efni í brýr og stíga upp í dalinn. - shá



**Á GÖNGU** Einfaldar merkingar gætu reynst mikilvægar ef neyðarástand skapast á gönguleiðinni um Reykjadal. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

NÝTT KORTATÍMABIL

Tilboðin gilda **15. - 18.** nóvember

# FRAMANDI&
# FREISTANDI




Rjúpur
Akurhænur
Fasanar
Skógardúfur
Endur
Ungdúfur

Aligæsir
Kengúrur
Dádýr
Hérar
Krónhirtir

NÝKOMIN Í NETTÓ
NÝKOMIN Í NETTÓ
**3.990** KR/STK

HEIL ÖND - FRAKKLAND
DOUX
**999** KR/KG

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**nettó**
*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold
Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



**STÓRTÆKUR PLASTFLÖSKUSAFNARI** Í borginni Allahabad á Indlandi mátti sjá þennan mann hjóla með fyrirferðarmikla plastflöskubagga á aftanívagni. NORDICPHOTOS/AFP

Sláandi niðurstöður í nýrri úttekt heilbrigðisyfirvalda í Danmörku vekja óhug:

# Aldrei fleiri Danir látist vegna eiturlyfja

**DANMÖRK** Alls eru 285 mannslát í Danmörku í fyrra rakin til eiturlyfjaneyslu og hafa aldrei verið fleiri. Þetta kemur fram í árlegri skýrslu heilbrigðisyfirvalda um eiturlyfjaneyslu í landinu sem kynnt var í vikunni.

Í frétt Politiken segir frá niðurstöðum skýrslunnar, en síðustu ár hefur andlátum sem tengjast eiturlyfjum, hvort sem er vegna ofneyslu, sjálfsmorða, slysa, ofbeldis eða sjúkdóma, fjölgað nokkuð þar í landi.

Undir lok níunda áratugarins létust um 130 til 140 á ári, en árin 2009 og 2010 var fjöldinn í kringum 275.

**285** mannslát í Danmörku í fyrra eru rakin til eiturlyfjanotkunar samkvæmt nýrri skýrslu heilbrigðisyfirvalda þar í landi.

Astrid Krag heilbrigðisráðherra segir mikilvægt að kryfja ástandið til mergjar til að stemma stigu við þessari slæmu þróun, þar sem „hvert dauðsfall er einu of mikið“.

Í nýlegri löggjöf er sveitarfélögum heimilað að koma upp aðstöðu fyrir fíkla þar sem þeir geta sprautað sig undir eftirliti og er vonast til þess að það komi til með að fækka dauðsföllum, en tveir af hverjum þremur létust vegna ofneyslu.

Ljósu punktarnir í skýrslunni eru þó þeir að meðalaldur þeirra sem látast hefur hækkað nokkuð og er nú um 40 ár. Þá hefur hlutfall ungs fólks sem hefur prófað hörð eiturlyf, til dæmis kókaín, heróín og e-töflur, lækkað um helming á fáum árum. **- þj**



**BANVÆNT** Aldrei hafa fleiri Danir látist vegna eiturlyfjaneyslu á einu ári en einmitt í fyrra. Ný skýrsla sýnir að 285 létust. NORDICPHOTOS/GETTY



**GÖGNIN AFHENT** Viðamikið einkaskjalasafn Svavars er nú í vörslu Þjóðskjalasafns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skjölin í Þjóðskjalasafn:

# Svavar afhendir einkaskjöl sín

**MENNING** Svavar Gestsson afhenti í gær Þjóðskjalasafni Íslands einkaskjalasafn sitt til varðveislu. Eiríkur G. Guðmundsson, settur þjóðskjalavörður, veitti safninu viðtöku.

Svavar sat á þingi frá 1978 til 1999, lengst af fyrir Alþýðubandalagið en síðustu mánuðina í þingflokki Samfylkingarinnar. Hann var viðskiptaráðherra 1978 til 1979, félags- og tryggingarmálaráðherra 1980 til 1983 og menntamálaráðherra 1988 til 1991. Hann var formaður Alþýðubandalagsins 1980 til 1987 og formaður þingflokks Alþýðubandalagsins og óháðra 1995 til 1999. **- kóp**

# Hjúkrunarrýmum fækkað um 103 en biðlisti styttist

**Hjúkrunarrýmum á landinu hefur fækkað úr 2.575 árið 2009 í 2.472 í ár. 244 einstaklingar bíða eftir hjúkrunarrými, þar af 128 á höfuðborgarsvæðinu. Meðalbiðtími tæpir fjórir mánuðir, en getur verið mun lengri.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Biðlistar eftir hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu hafa lengst undanfarið, en biðtíminn er styttri en víða annars staðar á landinu. Biðlistar eftir hjúkrunarrýmum á landinu hafa styst, þrátt fyrir að rýmunum hafi fækkað um rúmlega hundrað síðustu þrjú ár.

244 einstaklingar biðu eftir hjúkrunarrými á landinu öllu í lok október, að því er fram kom í svari Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra við fyrirspurn frá Sigmundi Erni Rúnarssyni um biðlista eftir hjúkrunarrýmum. Í tölum sem landlæknisembættið lét Fréttablaðið hafa í byrjun september kom fram að 267 manns hefðu verið á biðlista eftir hjúkrunarrými í lok ágúst. Á sama tíma í fyrra beið 281 einstaklingur eftir rými.

Til viðbótar við þá sem bíða eftir plássi eru 76 manns í annaðhvort hjúkrunarrými eða dvalarrými en vilja flytjast annað.

„Þótt biðlistinn sé lengstur á höfuðborgarsvæðinu er biðtíminn styttri en í ýmsum öðrum heilbrigðisumdæmum. Stafar það af því að íbúar hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu eru veikari þegar þeir koma inn á hjúkrunarheimilin og umönnunarþyngd þeirra er yfirleitt mun meiri en annars staðar á landinu. Dvalartími þeirra er því styttri,“ segir í svari Guðbjarts.

Greint var frá því fyrr í vikunni að um fimmtíu manns á Landspítalanum hefðu lokið meðferð þar en biðu eftir hjúkrunarrými. Fram til ársins 2008 var þetta stöðugt vandamál, en síðustu árin hefur fjöldinn verið í kringum 20 til 25 manns. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru einhver hjúkrunarrými laus á höfuðborgarsvæðinu en fólk vill ekki flytjast í þau sökum aðstæðna á hjúkrunarheimilunum.

Uppbygging um 850 rýma er ýmist nýbúin, komin af stað eða fyrirhuguð á landinu. Mikill fjöldi þessara rýma snýr að því að fækka fjölbýlum og bæta aðbúnað, í samræmi við viðmið velferðarráðuneytisins um aðbúnað í hjúkrunarrýmum. „Enn sem komið er hefur fjölgun hjúkrunarrýma þó ekki verið eins og til stóð þar sem efnahagserfiðleikar ríkissjóðs leiddu til þess að fækka varð hjúkrunarrýmum,“ segir í svari Guðbjarts, en heildarfjöldi hjúkrunarrýma hefur frá árinu 2009 farið úr 2.575 í 2.472. **thorunn@frettabladid.is**

**Biðtími eftir hjúkrunarrými lengstur fyrir austan**




Þingmenn Hreyfingarinnar vilja „afglæpavæða“ fíkniefnaneyslu í landinu:

# Vilja endurskoðun á fíkniefnalöggjöfinni

**ALÞINGI** „Ég vil að það sé skoðað. Ég er ekki tilbúin að segja já við því, en það er algjörlega útséð að leiðin sem hefur verið farin hingað til hefur ekki virkað,“ segir Margrét Tryggvadóttir, þingflokksformaður Hreyfingarinnar, spurð hvort hún vilji láta lögleiða fíkniefni á Íslandi.



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR**

Margrét sagði á Alþingi í gær að forvirkar rannsóknarheimildir væru ekki lausnin í stríðinu gegn fíkniefnum, sem væri hvort eð er tapað. Það þyrfti að „afglæpavæða“ fíkniefnaheiminn til að ná árangri, eins og gert hefur verið víða erlendis, og vitnaði hún í skýrslu alþjóðlegrar nefndar um stefnur í eiturlyfjamálum.

Margrét segist ekki vera fíkniefnaneytandi og ekki mæla með neyslu, en kallar eftir því að löggjöfin verði endurskoðuð og fíkniefnamálum komið inn í heilbrigðiskerfið í stað þess að lögreglan sinni þeim. „Hvað ættu Hells Angels til dæmis að gera ef við tökum af þeim fíkniefnamarkaðinn?“

Þór Saari, flokksbróðir Margrétar, segir umræðuna á þinginu hafa verið algjörlega einhliða og snúist um blátt bann við fíkniefnum. Hann segir enga lausn felast í beinni lögleiðingu, en nauðsynlegt sé þó að endurskoða lögin.

„Ég er sjálfur fyrrverandi alki og þekki þennan heim. Ég veit að það er engin lausn að opna hér búðir sem selja hass og heróín,“ segir hann. „Þetta verður alltaf vandamál, hvort sem þetta er löglegt eða ekki, en það er kannski hægt að gera lífið bærilegra.“

Róbert Marshall, þingmaður og stjórnarmaður SÁÁ, er sammála því að endurskoða þurfi refsilöggjöfina um fíkniefnaneytendur, þá sér í lagi er varðar ungt fólk sem er að flytja efni á milli landa til að fjármagna sína neyslu.

„Ég er ekki á þeirri skoðun að það eigi að heimila fíkniefni á nokkurn hátt. En í mínum huga er hins vegar lítill munur á áfengi og öðrum fíkniefnum,“ segir Róbert. **- sv**

**Stríðið gegn fíkniefnum tapað**

„Hið alþjóðlega stríð gegn fíkniefnum er tapað, með hræðilegum afleiðingum fyrir einstaklinga og samfélög um allan heim.“

Þetta eru upphafsorð skýrslu alþjóðlegrar nefndar um stefnu í eiturlyfjamálum, sem Kofi Annan, fyrrum aðalritari SÞ, er einn höfunda að. Þar sem fíkniefnaneysla eykst áfram, þrátt fyrir tilraunir til að sporna við því, er lagt til að einstaklingar sem nota fíkniefni án þess að skaða aðra verði afglæpavæddir, fræðsla almennings verði aukin og ýtt undir tilraunir er varða lögleiðingu fíkniefna með heilsu og öryggi samfélagsþegna að leiðarljósi.

**Fjöldi fíkniefnaneytenda skv. SÞ**

**Ópíum / Heróín**

| | |
|---|---|
| 1998 | 12.9 milljónir |
| 2008 | 17.35 milljónir |
| Fjölgun | 34,5% |

**Kókaín**

| | |
|---|---|
| 1998 | 13.4 milljónir |
| 2008 | 17 milljónir |
| Fjölgun | 27% |

**Kannabis**

| | |
|---|---|
| 1998 | 147.4 milljónir |
| 2008 | 160 milljónir |
| Fjölgun | 8,5% |



sími



tölva



snjallsími




# Íslenska er snjallasta samskiptatækið

Þrátt fyrir að samskiptatækni hafi fleygt fram síðustu ár er íslenskan enn þá helsta samskiptatæki okkar Íslendinga. Ólíkt búnaði sem úreldist er tungumálið í sífelldri þróun. Fyrir fimmtíu árum var orðið „tölva“ ekki til í íslensku og orðið „snjallsími“ er einungis átta ára gamalt. Samspil tækni og tungu gerir að verkum að nú geta tölvur og snjallsímar lesið upp á íslensku og breytt talaðri íslensku í ritaðan texta.
Íslenska er snjallt og lifandi mál!

**Til hamingju með dag íslenskrar tungu!**

ENNEMM / SÍA / NM55314

www.ms.is

ÍSLENSK MÁLNEFND

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL



**MENNÓNÍTAR Á FERÐ** Tvær stúlkur af trúflokki mennóníta á hestvagni í Paragvaí, þar sem mennónítar hafa verið fjölmennir áratugum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarráð fjallar um tillögu borgarstjóra um kaup á Perlunni og leigu undir safn:

# Hillir undir náttúruminjasýningu í Perlunni

**SAFNAMÁL** Borgarráð tók tillögu Jóns Gnarr borgarstjóra um að heimila Reykjavíkurborg að ganga til samninga um kaup á Perlunni af Orkuveitu Reykjavíkur til umfjöllunar í gær.

Í tillögunni er Reykjavíkurborg einnig heimilað að ganga til samninga við ríkið um að það leigi húsið í allt að 15 ár og komi þar upp náttúruminjasýningu. Að auki verður Reykjavíkurborg heimilað að gera breytingar á Perlunni fyrir allt að 100 milljónir króna gangi samningar við ríkið eftir. Jón segir að náttúruminjasýning í Perlunni sé fagnaðarefni fyrir landsmenn alla, ekki síst fyrir skólabörn og ferðaþjónustuna í borginni.

„Þetta er frábært mál. Perlan er best komin í opinberri eigu á þessu fallega og viðkvæma útivistarsvæði. Ég vonast til þess að þarna verði blómleg starfsemi sem laði að innlenda sem erlenda gesti. Börn og unglingar fá þarna einstakt tækifæri til að auka víðsýni sína og fræðast um náttúru Íslands og Perlan mun fá göfugra hlutverk en hún hefur haft,“ segir borgarstjóri.

Í greinargerð segir að með kaupunum gefist Reykjavíkurborg tækifæri til þess að stjórna uppbyggingu og nýtingu svæðisins til framtíðar.

Tillögunni var frestað um eina viku að beiðni borgarstjórnarflokks Sjálfstæðismanna. - shá



**VÆNTANLEGT SAFNAHÚS** Heimild borgarráðs er bundin við það að viðunandi leigusamningur um sýningu Náttúruminjasafns Íslands náist við ríkið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Góð afkoma HS Orku:

## Hagnaðist um einn milljarð

**VIÐSKIPTI HS Orka hagnaðist um rúman milljarð króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Þetta kemur fram í uppgjöri sem félagið hefur sent til Kauphallarinnar og greint er frá á Vísi.is.**

**Staða HS Orku samkvæmt uppgjörinu er góð en eiginfjárhlutfall félagsins er um 50%. Hins vegar hafa tekjur HS Orku minnkað um 11% á tímabilinu miðað við sama tímabil í fyrra og námu tæpum fimm milljörðum króna. Munar þar mestu um lækkanir á heimsmarkaðsverði á áli. Á móti hefur rekstrarkostnaður lækkað um 12% miðað við sama tímabil í fyrra.**

Lögin hafa þegar tekið gildi:

## Málefni innflytjenda í lög

**VELFERÐARMÁL** Alþingi hefur samþykkt ný lög um málefni innflytjenda og hafa þau þegar tekið gildi.

Lögin mæla fyrir um það hvernig stjórnsýslu í málefnum innflytjenda á að vera háttað. Þá er hlutverk og starfsemi Fjölmenningarseturs, innflytjendaráðs og þróunarsjóðs innflytjenda bundið í lög.

Á næsta ári þarf velferðarráðherra að leggja fram þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda til fjögurra ára. Þá á ráðherra að leggja fram skýrslu fjórða hvert ár þar sem kemur fram mat á stöðu og þróun í málaflokknum. - þeb

# Árásir hertar á Gasaströnd

**Loftárásir Ísraelshers á Gasaströnd höfðu kostað að minnsta kosti 15 manns lífið síðdegis í gær. Forseti Egyptalands fordæmir árásir Ísraela og boðar heimsókn sína til Gasa í dag. Palestínumenn halda áfram að skjóta flugskeytum yfir til Ísraels, meðal annars til Tel Avív. Að minnsta kosti þrír Ísraelar létu lífið.**

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsher herti loftárásir sínar á Gasaströnd í gær og bjó sig undir að fara með herlið sitt yfir landamærin. Palestínumenn hafa svarað með því að halda áfram að skjóta flugskeytum yfir til Ísraels.

Árásir Palestínumanna kostuðu að minnsta kosti þrjá Ísraela lífið, en árásir Ísraela höfðu síðdegis í gær kostað að minnsta kosti 15 Palestínumenn lífið. Á annað hundrað manns særðust.

Palestínumenn sögðust hafa skotið flugskeytum á Tel Avív, næst stærstu borg landsins. Ísraelar segja þær sprengjur engu tjóni hafa valdið.

Ísraelski herinn sagðist síðdegis í gær hafa varpað sprengjum á 250 skotmörk á Gasaströnd frá því árásirnar hófust nærri hálfum öðrum sólarhring fyrr.

Jafnframt fullyrðir Ísraelsher að Palestínumenn hafi skotið 274 sprengjuflaugum yfir landamærin til Ísraels. Tekist hafi að skjóta 105 þeirra niður með sprengjuvarnarkerfi sem Bandaríkjamenn aðstoðuðu Ísraelsmenn við að koma upp.

Átökin eru þau hörðustu í fjögur ár. Ísraelar segjast vera í fullum rétti til að verja sig gegn sprengjuflaugum frá Gasasvæðinu, sem hafi skipt hundruðum á þessu ári.

„Það er mikilvægt að átta sig á einföldu atriði: Það er ekkert siðferðilegt jafnræði með hryðjuverkamönnum á Gasa og Ísraelum,“ sagði Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels: „Þeir eru að fremja tvöfalda stríðsglæpi: Þeir skjóta á almenna borgara í Ísrael, og fela sig á bak við almenna palestínska borgara.“

Mohammed Morsi, forseti Egyptalands, fordæmdi í gær árásirnar og boðaði jafnframt heimsókn sína til Gasastrandar í dag. Hann lýsti yfir stuðningi við Palestínumenn á Gasa, en forðaðist þó að hafa hörð orð um Ísraela og sagðist hafa rætt við Barack Obama Bandaríkjaforseta um að hægt væri að „koma á friði og öryggi fyrir alla án hernaðarátaka“.

Bandaríkjastjórn fordæmir hins vegar Hamas fyrir að skjóta flaugum á Ísraela. Bandaríkjamenn hafa, eins og Evrópusambandið, litið á Hamas-samtökin sem hryðjuverkasamtök og viðurkenna ekki stjórn þeirra á Gasaströnd. gudsteinn@frettabladid.is



**RÁÐIST Á GASABORG** Þykkan reyk lagði frá Gasaborg eftir að sprengja frá Ísraelsher lenti þar í gær, ein af mörgum. NORDICPHOTOS/AFP

### Ísraelsher í Twitter-stríði við Hamas

„Við mælum með því að engir Hamas-liðar, hvort heldur lágt eða hátt settir, láti sjá sig ofanjarðar næstu dagana,“ sagði talsmaður Ísraelshers á Twitter-síðu sinni á miðvikudagskvöld, þegar ný hrina sprengjuárása hersins á Gasasvæðið var hafin fyrir alvöru.

Hamasliðar svöruðu á sama vettvangi: „Okkar blessuðu hendur munu ná til leiðtoga ykkar og hermanna hvar sem þeir eru (þið hafið opnað gáttir ykkar eigin vítis).“

Ísraelsher hefur óspart notað netið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þessu stríði, bæði á Twitter-síðu sinni og á bloggsíðu, auk fréttatilkynninga og yfirlýsinga í fjölmiðlum.

www.volkswagen.is




Volkswagen Polo

**Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km***

Þarfir okkar eru misjafnar og við leitum leiða til þess að uppfylla þær. Volkswagen Polo er öruggur, hagkvæmur og þægilegur bíll sem mætir þínum þörfum fullkomlega.

Komdu og reynsluaktu nýjum Volkswagen Polo í dag.

**Polo kostar aðeins frá**

**2.350.000 kr.**

Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskiptur

Das Auto.

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

**29.898 kr. á mánuði** miðað við Volkswagen Polo Trendline 1,2 TDI beinskiptan og óverðtryggðan bílasamning með gullvildarkjörum frá Ergo til 84 mánaða og 25% útborgun. Hlutfallstala kostnaðar 11,25%.

ergo

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

# BAUHAUS

# BAÐLAND®

## ALLT FYRIR BAÐIÐ

## ...við bjóðum heildstæðar baðlausnir

**Baðlandið er öruggur samstarfsaðili sem býður heildar lausnir fyrir baðherbergið, allt frá ráðgjöf til uppsetningar. Við gerum draumabaðherbergið þitt að veruleika - einfalt og þægilegt.**






**DELOS STURTUKLEFI**
90 x 90 x 210 cm. Króm, með hertu öryggisgleri. Hornhilla, segullistar, vatnslás, sturtustöng, handsturta og niðurfall fylgir með. Sérpöntun.
**39.995,-**




**GROHE/SOLIDO VEGGHENGT SALERNI**
Allt innifalið, Salerniskassinn, krómaður þrýstihnappur, salernisskál og seta.
**59.995,-**



**ZIMO BAÐINNRÉTTING**
60 cm, hvít einföld baðinnrétting. 60 x 45 cm handlaug úr steyptum marmara og 60 x 80 cm spegill með ljósi fylgir með. Blöndunart. fylgja ekki.
**46.995,-**



**IBIZA LED HANDLAUGARTÆKI**
Glæsilegt handlaugartæki með LED ljósi. Lýsir í bláu ef hitastigið er undir 38° og í rauðu ef hitastigið er yfir 38°.
**19.995,-**



GROHE **PRECISION TREND**
Krómað með hitaöryggi. Rósettur fylgja ekki,
**13.995,-**




- Við bjóðum fast verð í allan pakkann.
- Framúrskarandi ráðgjöf og einstaklingsbundin 3D-skipulagning
- Við sjáum um að samræma vinnu ólíkra iðnaðarmanna.
- Við förum ávallt eftir þeim reglum sem gilda þegar unnið er með votrými.
- Við bjóðum mesta úrval landsins af þekktum vörumerkjum.
- Við bjóðum faglega eftirfylgni með áherslu á upplýsingar og ábyrgðir.

## Allt fyrir baðið á einum stað hjá BAUHAUS

Auglýst verð gildir frá föstudeginum 16. nóvember til og með sunnudagsins 18. nóvember 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

**Mikið úrval af merkjavöru:** NORO, SCANBAD, damixa, GUSTAVSBERG, oras, Ifö, GROHE, hansgrohe, Villeroy & Boch, Ideal Standard, BØRMA

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

# ALVÖRU STEAK
## á diskinn minn!

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR

**DRY AGED**

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*






TILBOÐ
**3.994** kr/kg.
Verð áður 4.699.-

Ribeye - hægmeyrnuð
*úr framhrygg*



TILBOÐ
**2.794** kr/kg.
Verð áður 4.299.-

T-bone
*úr spjaldhrygg*



TILBOÐ
**3.439** kr/kg.
Verð áður 4.299.-

Entrecote
*úr spjaldhrygg*



NÝTT
**1.199** kr/kg.
Kynningarverð

Bringa (brisket)
*úr framhluta*

*Pylsur að hætti Ameríkana*



Slim Jim´s snakkpylsur

Steikarpylsur

BBQ grillpylsur

Morgunverðarpylsur



**Ben & Jerry´s**
– 5 nýjar tegundir



**Celentano skeljar og ravioli**
– fljótlegt og gott



**Lender´s beyglur**
– ekta amerískar beyglur



**Sweet Cinnamon Pretzel**
– mjúkar og góðar...



**Mrs. Renfro´s sósur**
– ekta USA salsasósur



**Smucker´s íssósur**
– enn meira úrval



**Pringles**
– 4 tegundir



**Sweet Baby Ray´s**
– BBQ sósa

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 25. nóvember á meðan birgðir endast.

# AMERÍSKIR EFTIRRÉTTIR

AMERÍSKIR DAGAR




**Eggo**
Vöfflur

**Cheesecake Factory**
Ostkakökur

**Aunt Jemima**
Vöfflur, pönnukökur og síróp

**Edwards**
Sælkerakökur 5 teg.



*úrval af drykkum*




*gamla góða!*













**Fridays forréttir**
– yumm yumm

**Amerískt morgunkorn**
– gott á morgnana

**Girnilegt snakk**
– ostapopp og ostasnakk

**Totino´s Pizza Rolls**
– með ostafyllingu

*2 fyrir 1*













**Orville Popp**
– 2 fyrir 1

**Frappuccino frá Starbucks**
– vanillu og mocha

**Arizona ice-tea**
– sætt og grænt te

**Jif hnetusmjör**
– creamy og crunchy

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Framtíð málsins ræðst á stafrænum vettvangi:

# Geturðu talað við tölvuna þína?

Íslenzkan er sprelllifandi og mikið notað tungumál. Það má til dæmis má sjá af þeirri staðreynd að aldrei hafa verið fleiri titlar í Bókatíðindunum en í ár. Þar ræður meðal annars sú þróun að bækur séu gefnar út á fleiri en einu formi; á pappír, sem hljóðbók og rafbók. Þannig er líklegt að næstu árin muni æ fleiri lesa jólabækurnar í spjaldtölvu eða á lesbretti fremur en á pappír. Texti á íslenzku skilar sér þá í nýjum miðlum, sem er gott.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Þá vakna hins vegar stórar spurningar. Innan skamms geta lesendurnir talað við tölvuna sína og beðið hana vinsamlegast að opna nýju bókina eftir uppáhaldshöfundinn sinn. En geta þeir gert það á íslenzku? Og ef um rafbók er að ræða, mun tölvan geta lesið bókina fyrir þá á íslenzku?

Á degi íslenzkrar tungu, sem er haldinn í dag á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, eru spurningar eins og þessar, sem lúta að íslenzkri máltækni, í brennidepli. Íslenzk málnefnd hefur augljóslega áttað sig á því að framtíð íslenzkunnar getur ráðizt á vettvangi stafrænnar tækni. Viðurkenningar nefndarinnar, sem kynntar voru fyrr í vikunni, fóru báðar til fólks sem hefur unnið merkilega sigra á sviði máltækni.

Málnefndin leggur sömuleiðis aðaláherzlu á máltæknina í árlegri ályktun sinni um stöðu íslenzkrar tungu. Þar er bent á staðreyndir eins og þá að tölvur stýra nú þegar margvíslegum tækjum sem við notum í daglegu lífi, allt frá snjallsímum til bíla, og að í vaxandi mæli taka tölvurnar við raddskipunum. Það er líka staðreynd að samkvæmt nýlegri rannsókn er íslenzkan næstverst í stakk búin af 30 evrópskum tungumálum að bregðast við þessari þróun vegna skorts á gagnasöfnum, forritum og öðrum tæknilegum stuðningi við tungumálið.

„Staða og framtíðarhorfur málsins ráðast ekki fyrst og fremst af fjölda málnotenda, heldur notkunarsviði málsins innan málsamfélagsins," segir málnefndin. „Íslenska er notuð á öllum sviðum – í stjórnkerfinu, skólakerfinu, viðskiptalífinu, og öllum samskiptum fólks. Komi hins vegar upp sú staða að málið verði ekki nothæft innan tölvu- og upplýsingatækninnar er hætta á ferðum vegna þess hve stórt hlutverk tæknin leikur í daglegu lífi almennings – hlutverk sem fer ört stækkandi."

Þetta er laukrétt. Málnefndin bendir líka á að það sé jafndýrt að græja tungumál lítillar þjóðar í hinn stafræna ólgusjó og að gera tungumál sem hundruð milljóna tala nothæf á öllum sviðum tölvu- og upplýsingatækni. Þess vegna sjái íslenzk fyrirtæki sér lítinn hag í að þróa íslenzkan máltæknibúnað.

Það skiptir máli að allir sem vilja íslenzkunni vel skilji þessa stöðu. Þróun máltækninnar mun þurfa opinberan stuðning sem stjórnmálamenn úthluta. Skólastjórnendur sem vilja útskrifa fólk sem hefur gott vald á íslenzku geta ekki verið þekktir fyrir að nýta sér ekki íslenzkt notendaviðmót fyrir tölvur sem þeim stendur til boða. Applefríkin eiga að heimta af seljendum tækjanna að þeir hlutist til um að stýrikerfið verði þýtt á íslenzku. Ef við viljum halda áfram að tala íslenzku verðum við líka að geta talað við tölvurnar okkar.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bara að drífa þetta af!

Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði flokkssystur sína, Katrínu Júlíusdóttur fjármálaráðherra, um stöðuna á Vaðlaheiðargöngum í gær. Katrín svaraði því til að Ríkisábyrgðasjóður væri að meta lánasamninginn og innanríkisráðuneytið verksamninginn. Það næðist vonandi í næstu viku, en þeir sem kæmu að fjármögnun með ríkinu ættu eftir að ganga frá henni. Óvíst væri hvort hún gæti sprengt fyrstu sprengjuna í embætti. Kristján sagði ekki hægt að una við að kerfið tæki svo langan tíma í þetta verk. Einhver hefði hins vegar haldið að það væri gott að kerfið tæki þann tíma sem til þarf að meta hvernig níu milljörðum úr ríkissjóði verður varið.



### Tæknin eitthvað að stríða okkur

Stjórnmálamenn eru nú í óðaönn að hringja í vænlega kjósendur og biðja um stuðning. Sumir þeirra nýtast við tæknina og spara sér peninga með því að hringja úr netsímum. Það hefur hins vegar stundum valdið því að sambandið slitnar í miðju samtali, sem er bagalegt, svo ekki sé meira sagt.

### Skáldaleyfið

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar í gær. Setja ætti fé sem fæst inn með veiðigjöldum í skapandi greinar. Sem dæmi nefndi hann áætlun um að fjölga skáldum í landinu um 50, það væri ómögulegt ef hugsað er til þess að til þess þurfi að segja upp 50 sjómönnum hjá Ögurvík. Mögulega tók Tryggvi Þór sér skáldaleyfi þarna.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Íslensk tungutækni


Íslenska



Helgi Hjörvar
alþingismaður


Á degi íslenskrar tungu er fagnaðarefni að íslensk málnefnd hefur veitt viðurkenningar fyrir tungutækniverkefni. Þær hlutu Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins, og Jón Guðnason og Trausti Kristjánsson, kennarar og vísindamenn við Háskólann í Reykjavík.

Allir hafa þeir unnið mikilvægt starf í tungutækni, sem breytir stöðu íslenskrar tungu. Íslenskan hefur fram að þessu verið eftirbátur annarra tungumála á þessu sviði.

Verðlaunahafarnir hafa einnig unnið starf sem kemur blindum og sjónskertum Íslendingum að miklu gagni og veitir okkur svipaða möguleika til að nota nýjustu tölvutækni og aðrar þjóðir búa við.

Blindrafélagið kynnti fyrr í ár nýjan íslenskan talgervil. Það er hugbúnaður sem breytir texta í tal. Hann gjörbreytir möguleikum til að nota símtæki, tölvur og tölvustýrðan búnað eins og hraðbanka.

Talgervillinn byggist á stórum íslenskum málgagnasöfnum og vandaðri greiningu á framburði íslenskrar tungu. Íslensk málnefnd veitir Kristni Halldóri viðurkenningu fyrir hans ötula starf að þessu verkefni.

Í Háskólanum í Reykjavík voru Jón og Trausti lykilmenn í því að nýr talgreinir fyrir íslensku, sem hægt er að nota í farsímum með Android-stýrikerfinu, varð að veruleika í lok sumars.

Talgreinir er hugbúnaður sem skilur talað mál og getur framkvæmt skipanir sem eru settar fram í töluðu máli. Hann gerir m.a. mögulegt að tala við símann sem þá breytir töluðu máli í texta fyrir leit eða sms-skilaboð. Þetta er búnaður sem hefur lengi verið til fyrir ensku og ýmis önnur tungumál. Nú er hann einnig til á íslensku.

Talgervillinn og talgreinirinn eru auðvitað mjög mikilvæg tækni fyrir okkur blinda og sjónskerta. Til þessa höfum við notað frumstæðar, íslenskar tölvuraddir sem ekki ganga með nýjustu farsímum og fleiri tækjum sem nú eru hluti daglegs lífs. En fyrst og fremst er þetta starf Blindrafélagsins og Háskólans í Reykjavík mikilvægt fyrir vöxt og viðgang íslenskrar tungu.

Til þess að rækta íslenskuna sem okkar samskiptamál í framtíðinni verðum við að fylgja þróun tækninnar á þessu sviði þannig að bíllinn, síminn, tölvan og tækin öll tali og skilji íslensku eins og önnur tungumál.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Opið bréf til forseta ASÍ

Lífeyrissjóðir

Jóhann Hauksson
upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar



Kæri Gylfi Arnbjörnsson.

Ég er einn þeirra sem tóku út séreignarsparnað til þess að mæta áföllum bankahrunsins. Það var gert með heimild sem núverandi stjórnvöld lögleiddu. Þessi úttekt á sparnaði var mitt tjón vegna glæframennsku, gáleysis og vanrækslu sem ég tel mig ekki bera sérstaka ábyrgð á. Ég átti einnig svolítinn sparnað hjá Allianz í gjaldeyri sem ég varð einnig að tæma vegna hækkunar á íbúða- og lífeyrissjóðslánum mínum.

Fyrir réttu ári höfðu landsmenn tekið út 60 milljarða króna af séreignarsparnaði til að mæta áföllunum.

Hækkun íbúða- og lífeyrissjóðslánanna voru um leið tekjur lífeyrissjóðs míns og viðskiptabanka í krafti verðtryggingarinnar. Möglunarlaust hef ég borið byrðar gliðnunar milli tekna og skulda líkt og tugþúsundir annarra samlanda minna. Stundum svolítið pirraður en sett undir mig hausinn. Seldi bíl, greiddi niður lán og ek nú um á gömlum jálki.

Þú veist eins vel og ég að auknar vaxtabætur léttu undir í þessu bankahrunsbasli undanfarinna ára. Og það get ég sagt þér Gylfi, að í stóra samhenginu vekur það góðar vonir og léttir lund að sjá að hagvöxtur er ágætur hér á landi, jöfnuður hefur aukist á ný og tekist hefur ágætlega að halda atvinnuleysi í skefjum. Þú veist þetta allt saman. Þú vilt sem forseti ASÍ taka þátt í að milda áföllin fyrir launamenn þessa lands. Ekki satt?

### Ný tegund kjarabaráttu

En nú gengst þú fyrir því – og ASÍ – að höfða mál gegn stjórnvöldum. Vegna hvers? Jú, álagning tímabundins skatts á lífeyri í þágu launamanna og heimila vegna fjármálahrunsins þykir þér og lögfræðingi ASÍ vera brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ríkisstjórnin hafi ekki efnt loforð um að afnema tímabundnar kvaðir á lífeyrissjóðina og hafi jafnvel sett heimsmet í vanefndum.

Er þetta ný tegund af kjarabaráttu? Að reyna að fá ógilt lagaboð sem færir fé tímabundið úr lífeyrissjóðum í vasa launamanna og heimila í verðtryggðu öryggiskerfi lífeyrissjóðanna? Finnst þér kannski að ég eigi að fara í mál við einhvern vegna þess að ég neyddist til að taka út séreignarsparnað minn? Þú og lögfræðingur ASÍ megið endilega láta mig vita hverjum ég á að höfða mál gegn.

### Að draga lappirnar

Ertu viss um það Gylfi að þú hafir að þessu sinni horft yfir allt sviðið? Þú kannast áreiðanlega við viljayfirlýsingu lífeyrissjóðanna, bankanna og ríkisstjórnarinnar frá því í desember 2010. Þar stendur að „ríkisstjórnin muni í samstarfi við aðila þessarar yfirlýsingar leita leiða til að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir fjármagni nýja tegund tímabundinnar vaxtaniðurgreiðslu“. Þetta skyldi gerast í gegnum vaxtabótakerfið sem og var gert og var reiknað með 6 milljörðum króna á ári í tvö ár, 2011 og 2012. Í heildina var sem sagt gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir létu samtals 6 milljarða króna af hendi rakna vegna skuldavanda heimilanna í sérstaka vaxtaniðurgreiðslu. Þessar greiðslur voru síðar lækkaðar. Bankarnir skyldu greiða tvisvar sinnum 2,1 milljarð króna en lífeyrissjóðirnir tvisvar sinnum 1,4 milljarða króna.

Skemmst er frá því að segja að bankarnir hafa staðið við sinn hluta en lífeyrissjóðirnir ekki eins og fram kom í máli Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Alþingi í gær. Þessar greiðslur voru síðar áréttaðar af löggjafarþinginu með lagasetningu sem þú hefur nú á hornum þér.

> Finnst þér kannski að ég eigi að fara í mál við einhvern vegna þess að ég neyddist til að taka út séreignarsparnað minn?

### Að hugsa stórt eða smátt

Veist þú Gylfi hvernig lífeyrissjóðirnir höfðu hugsað sér að leggja fram 6 milljarða í þágu heimilanna úr því þeir með harmkvælum geta vart lagt fram nema 2,5 milljarða þegar upp er staðið?

Inn í þetta blönduðust svo gjaldeyrisútboð Seðlabankans með þeim hætti að lífeyrissjóðirnir skyldu njóta þess ef ríkið hagnaðist á þeim (lífeyrissjóðirnir eru stærstu kaupendurnir í útboðunum). Sá hagnaður kæmi til lækkunar á framlögum lífeyrissjóðanna til tímabundnu vaxtabótanna.

Ólíkt bönkunum hefur staðið í stappi, þjarki og þrefi við lífeyrissjóðina um framlögin til heimilanna og launamanna í gegnum vaxtabótakerfið. Þú kannast við þetta Gylfi. Þú kannast þá einnig við að fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi boðið að síðari greiðslan yrði felld brott. Er það ekki? Málið dautt?

Nei, málshöfðun skal það vera á hendur stjórnvöldum og borið við brotum á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar eð hætta sé á að framlög lífeyrissjóðanna skerði réttindi á almenna markaðnum en ekki hjá opinberum starfsmönnum. En staðfestu ekki lífeyrissjóðirnir sjálfir að þeir ætluðu að taka þátt í greiðslu sérstakra vaxtabóta í þágu launamanna og heimilanna í landinu? Var það ekki brot á jafnræðisreglu? Já, eru stjórnvöld ekki reiðubúin að ræða um þessar áhyggjur ykkar af jafnræðinu?

Má ég spyrja þig kurteislega Gylfi: Í þágu hverra yrði málshöfðun ASÍ í raun og veru?

## Leiðrétting

Í aðsendu greininni minni „Grín eða einelti“, sem birtist í Fréttablaðinu 14. nóvember sl., gætti misskilnings hjá mér. Ég skrifaði að „Tong Monitor“ í auglýsingu Stöðvar 2 talaði íslensku en hann talar hins vegar ensku. Málið snýst samt um að taka upp framburð með hreim og grínast með hann. Eftirherma á ensku verður fljótt að eftirhermu á íslensku í huga manns. Misskilninginn vil ég þó leiðrétta og biðjast afsökunar.



*Toshiki Toma*

AF NETINU

### Fortíðarþrá lagatækna

Sérfræðinefnd lagatækna spillti frumvarpinu að stjórnarskrá. Dró úr rétti og valdi fólksins í 14., 15. og 16. grein. Vill ekki þvinga kerfið til að hafa gögn opin almenningi á netinu, með þröngt skilgreindum undantekningum. Vill enn hugsa um gögn sem eitthvað á pappír, er fólk þurfi að biðja um að fá. Það er efnisleg breyting, en ekki tæknileg. Lagatæknar geta ekki hugsað sér opna stjórnsýslu, þar sem fólk sér sömu gögn og innvígðir og innmúraðir. Sérfræðinefndin er því miður forn í hugsun. Hún hefur að þessu leyti farið út fyrir verksvið sitt og reynir að draga úr upplýsingarétti þjóðarinnar.

http://www.jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**

# Landspítalalóð – 817 gerðu athugasemdir við deiliskipulagið

Skipulagsmál

Guðl. Gauti Jónsson
arkitekt



Samtals gerðu 817 aðilar athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi á Landspítalalóð. Þar af voru þrjár frá opinberum aðilum, fjórar frá íbúa- og/eða hverfasamtökum og 810 frá einstaklingum.

Flestar athugasemdir voru vegna mengunar, byggingarmagns, aðlögunar að umhverfi, staðarvals og framkvæmdarinnar sjálfrar. Einnig voru gerðar athugasemdir við kostnað og arðsemisútreikninga. Í 519 samhljóða athugasemdum er m.a. skorað á borgina að falla frá deiliskipulaginu.

### Er 817 mikið eða lítið?

Þetta er gríðarlegur fjöldi athugasemda og miklu meiri en verið hefur vegna annarra deiliskipulagstillagna. Fjöldann ber að meta í ljósi þess að engin skipuleg samtök stóðu bak við þær og engar auglýsingar hvöttu fólk til að mótmæla.

Fjöldi athugasemda þarf ekki að koma á óvart. Strax eftir staðarvalið árið 2002 byrjuðu athugasemdirnar að birtast. Síðan hafa verið skrifaðar mörg hundruð greinar með málefnalegum athugasemdum í prentmiðla og mörg þúsund pistlar og umsagnir á móti framkvæmdinni í netmiðla. Það sem kemur á óvart er að þeir sem standa að þessum stærstu byggingaráformum Íslandssögunnar skuli enn ekki hafa séð ljósið.

### Hvað næst?

Það segir sig sjálft að umhverfislega og framkvæmdalega er erfitt að koma þessum tröllauknu byggingum fyrir og reisa þær innan um fínlega íbúðabyggð. Í opinberri stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist segir m.a. að gætt skuli að „heildarmynd og mælikvarða þegar byggt er í og við eldri byggð“. Jafnframt skuli „tryggja heildrænt og sögulegt yfirbragð húsa, götumynda og byggðamynsturs“. Þessi stefnumörkun ætti að tryggja að ekki sé byggt á þann máta sem stendur til að gera á Landspítalalóð.

Eðlilegast væri að talsmenn áformanna einhentu sér í að endurskoða þau frá grunni með það fyrir augum að finna þeim betri farveg. Jafnframt mætti byrja að skipuleggja blandaða byggð íbúða og þjónustu á Landspítalalóðinni. Þetta er eftirsóttur staður sem myndi henta vel margs konar starfsemi og íbúum á öllum aldri.

> Það sem kemur á óvart er að þeir sem standa að þessum stærstu byggingaráformum Íslandssögunnar skuli enn ekki hafa séð ljósið.

Líklegast er þó að gerðar verði minniháttar breytingar á tillögunni til málamynda og síðan haldið áfram. Að lokum munu borgarbúar e.t.v. þurfa að láta reyna á nýtt ákvæði um íbúakosningu samkv. sveitarstjórnarlögum. Til þess að slík kosning verði að veruleika þurfa um 20 sinnum fleiri að óska eftir henni en gerðu athugasemdir núna. Það verður að teljast frekar líklegt að það geti náðst með skipulegu átaki.



# Skaðleg heilbrigðisþjónusta

Heilbrigðismál
Auðbjörg Reynisdóttir
hjúkrunarfræðingur



Aukið öryggi sjúklinga er gjarnan notað sem rökstuðningur fyrir kröfum um aukið fjármagn í heilbrigðisþjónustuna. Vissulega er ástæða til að heiðra vísindafólk og starfsfólk sem leggur hart að sér til að gera mannverunni lífið bærilegra og skapa okkur tækifæri til að sigrast á annars óvægu hlutskipti lífsins. En öllu þessu ágæta fólki getur orðið á í starfi. Þá er mikilvægast að vera tilbúinn að læra af því, hafa hugrekki til að horfast í augu við mistökin og gera nauðsynlegar breytingar til að forðast endurtekningar. Það má ekki stinga hausnum í sandinn og halda áfram eins og ekkert sé. Það eitt veldur enn meiri þjáningu og tjóni. Mér finnst rétt að rifja upp að allar líkur eru á að rúmlega 200 einstaklingar látist árlega vegna svonefndra læknamistaka og þau munu halda áfram að gerast þótt ný tæki verði keypt og nýr spítali byggður.

Ég mun taka tvö alvarleg og raunveruleg dæmi hér á eftir um úrelta og óeðlilega úrvinnslu læknamistaka. Hætturnar leynast nefnilega í daglegum störfum, samskiptum, skráðum og óskráðum verkferlum. Hús og tæki gera ekki mistök. Traustið á eigin þekkingu og reynslu hefur blindað og blásið upp marga starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar svo þeir eru bæði blindir og heyrnarlausir þegar eitthvað út af ber.

Skilgreint lærdómaferli mistaka mundi klárlega gera heilbrigðisþjónustuna betri en hún er og gerir æðsta draum okkar, þolenda mistaka, að veruleika. Fyrir utan að ná heilsu á ný eigum við einn draum: „Ég vil bara að þau læri af þessu og allt verði gert til að þetta endurtaki sig ekki“.

Verandi sjálf hjúkrunarfræðingur veit ég líka að æðsti draumur starfsmanns sem veldur mistökum er: „Ég vil ekki lenda í þessu aftur, ég vil að skjólstæðingar mínir séu öruggir.“ Hann vill vera áfram stoltur af starfi sínu.

Flestir einsetja sér að gera sitt besta og gæta þess að valda engum tjóni. Það mistekst stundum engu að síður. Til þess að auka umferðaröryggi var stofnuð óháð nefnd sem hefur það hlutverk að draga fram lærdóm af umferðarslysum og allt hennar starf er opinbert eins og sjá má á vef nefndarinnar www.rnu.is. Sams konar nefndir starfa vegna sjóslysa og flugslysa. Meira að segja atvik hjá lögreglunni eru rannsökuð af óháðum aðila. Þegar slys verða inni á sjúkrahúsi gerist ekkert. Ekkert kerfi fer í gang til að tryggja lærdóm af slysum þar. Málin eru þögguð niður og þeir sem ábyrgð bera geta skýlt sér á bak við persónuverndarlög. Rannsókn Landlæknisembættisins á kærum er ekki rannsókn. Hún fer fram með bréfaskriftum milli kollega, lýtur nær eingöngu að læknismeðferð og erfitt er að sjá að sú „rannsókn“ sé óháð og hlutlaus. Lærdómur er aldrei dreginn fram í dagsljósið né er krafist úrbóta, því síður er þolandanum bætt tjónið. Tökum nú dæmin.

> Skilgreint lærdómaferli mistaka mundi klárlega gera heilbrigðisþjónustuna betri en hún er og gerir æðsta draum okkar, þolenda mistaka, að veruleika. Fyrir utan að ná heilsu á ný eigum við einn draum: Ég vil bara að þau læri af þessu og allt verði gert til að þetta endurtaki sig ekki.

Fyrir nokkrum dögum féll dómur í Hæstarétti í máli drengs á Akureyri sem hlaut alvarlegan skaða við læknamistök. Landlæknir og læknar sjúkrahússins (FSA) höfnuðu því að mistök hefðu verið gerð. Dómurinn rannsakaði málið og komst að annarri niðurstöðu en landlæknir. Gríðarlegir fjármunir almennings hafa nú farið í að reyna að réttlæta ranga niðurstöðu landlæknis sem í raun rannsakaði aldrei málið.

Í febrúar 2001 leitaði ég á bráðamóttöku barna við Hringbraut með yngri son minn Jóel, 14 mánaða gamlan. Sú heimsókn endaði með andláti hans tveimur dögum síðar. Harða lífsbaráttan í kjölfarið skildi ekki eftir orku til að kanna grunsemdir mínar um mistök fyrr en í ágúst 2010. Nú er ár liðið síðan mistökin voru viðurkennd af landlækni. Þá neyddust stjórnendur LSH til að biðjast afsökunar. Hversu sannfærandi er slík afsökunarbeiðni þegar engin merki um yfirbót fylgir? Hvað finnst þér? „Við höfum vonandi lært mikið“ var svar stjórnenda.

**Áskorun til þín**

Kannski eigum við að hætta að tala um „læknamistök“ því það er ekki rétt að tengja svona alvarlega hluti við eina starfsstétt. Við gætum t.d. farið að tala um þjónustumistök í staðinn. Þetta er ekki einkamál eða vandamál sem læknar einir geta leyst. Klárlega þarf að koma þessum málum upp á yfirborðið líkt og gert er með umferðarslys, sjóslys og flugslys. Ég vil leggja mitt af mörkum til að sjá breytingar á þessu úrelta og óréttláta kerfi og ef þú hefur áhuga á taka þátt í því máttu senda mér línu á netfangið audbjorgreynis@gmail.com. Við finnum leið í sameiningu til að láta drauminn rætast.

# Undir merkjum Jóhönnu

Efnahagsmál
Mörður Árnason
alþingismaður



Jóhanna Sigurðardóttir hættir stjórnmálastörfum við lok kjörtímabilsins. Ferill hennar er merkilegur og glæsilegur. Þegar frá líður held ég að menn staldri ekki síst við endurreisnina úr hruninu. Við það erfiða forystuverk hefur Jóhanna haft skýra sýn – sýn jafnaðarstefnunnar.

Strax var ljóst að velferðarþjónustunni yrði hlíft eins og hægt var við niðurskurði – öfugt við hörmungar í ýmsum löndum sem lentu í fjármagnskreppu um leið og Ísland. Til að verja þá sem verst voru staddir, en líka atvinnulífinu í hag. Velferðarþjónusta og gott menntakerfi er ekki lúxus sem menn geta því aðeins leyft sér að það veiðist vel og markaðir séu hagstæðir. Velferð og menntir eru lífsgæði – en líka forsenda þess að atvinnufyrirtækin njóti heilbrigðra og hæfra starfsmanna.

Það yrði að halda á floti sem flestum fyrirtækjum, til þess að tryggja samfellu í atvinnulífinu og forðast himinhrópandi atvinnuleysi – þar komu meðal annars ráð frá sænskum jafnaðarmönnum, og ekki síður frá Finnum sem á sínum tíma völdu vonda leið gjaldþrotahrinu og fjöldaatvinnuleysis. Atvinnuleysið varð yfir 50% í norðurhéruðum landsins með tilheyrandi eymd og drunga.

Jóhanna og hennar fólk lögðu líka áherslu á að hreinsa til í stjórnsýslunni og koma böndum á fjármálakerfið eftir átján ára græðgisvæðingu hægriaflanna. Undir forystu Jóhönnu gáfu stjórnmálamenn sérkjörnum fulltrúum þjóðarinnar svigrúm til að móta nýja stjórnarskrá, sem um daginn sigldi þöndum seglum gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu.

**Verk að vinna**

Það hefur ekki allt tekist. Þar ber meðal annars að nefna að þrátt fyrir að hér hafi verið gert meira en nokkurs staðar annars staðar í okkar samtíma til að aðstoða fólk í skuldavanda er víða mikill vandi – einkum hjá lánsveðshópnum og öðrum sem tóku verðtryggð lán rétt fyrir hrun. Þar er verk að vinna.

Og víðar er verk að vinna – með jafnaðarstefnuna að leiðarljósi. Við þurfum að byggja upp velferðarþjónustuna að nýju – og virða þar meðal annars rétt fólks á „þriðja æviskeiðinu“.

Raunar í húsnæðismálunum yfirhöfuð. Eftir sameiginlegt skipbrot okkar í húsnæðisskuldunum – þótt einstaklingarnir hafi sloppið misvel eru í öllum fjölskyldum dæmi um vanda, jafnvel neyð – er kominn tími til að líta upp úr séreignarþrákelkni og líta til annarra þjóða, svo sem jafnaðarsamfélaganna á Norðurlöndum, eftir fyrirmyndum við að koma þaki yfir höfuð nýjum kynslóðum.

Margt bendir til þess að nú sé að ljúka stóriðjuöldinni í íslenskri atvinnusögu, rétt eins og skútuöldin rann sitt skeið. Lítið er orðið eftir af virkjanlegri vatnsorku og reynsla liðinna ára sýnir að á jarðvarmann er ekki að stóla. Sovésk einblíning á orkuöflun og stóriðju sem bjargráð er ekki vænleg til árangurs á 21. öld. Nú þarf að sinna öðrum greinum í undirstöðunni: Velrekinni og markvissri ferðaþjónustu, þekkingargreinunum, nýsköpun í iðnaði, sjávarútvegi og landbúnaði. Græna hagkerfið er að koma – ef við kunnum að greiða því leið.

Til þess að ná árangri verðum við að temja okkur aga í hagstjórn, og við þurfum að losna við sífelldar sveiflur og óróa. Til þess þurfum við nána samvinnu við grannþjóðir okkar, sem við höfum umgengist í blíðu og stríðu í þúsund ár. Slíkt samstarf hentar vel stoltri og sjálfráða þjóð með góðan menningararf og langa sköpunarhefð. Evrópa endar hér, sagði Hannes Pétursson nokkurn veginn í góðu kvæði. Ég segi: Evrópa byrjar hér.

Evrópa, græn framtíð, betri velferðarþjónusta, almennileg húsnæðisstefna, stjórnfesta hjá ríki og sveitarfélögum, markaðurinn notaður sem þjónn en ekki hafður sem húsbóndi. Þessi eru nokkur erindi jafnaðarmanna á næstu árum – með fordæmi Jóhönnu Sigurðardóttur í farteskinu.

# Mikilvægt að hælisleitendum sé ekki refsað

Mannréttindi
Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi



Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands



Í umræðu undanfarið um málefni hælisleitenda og fórnarlömb mansals hafa verið dregnir fram ýmsir vankantar á þeim reglum sem nú gilda um málaflokkinn. Þeir sem til þekkja eru almennt sammála um að íslensk stjórnvöld þurfi að koma betur til móts við þá sem hingað leita hælis undan stríðsátökum og ofsóknum eða hafa jafnvel verið seldir hingað mansali.

Í sumar kom út skýrsla nefndar á vegum innanríkisráðuneytisins sem fjallaði um málefni útlendinga utan EES. Rauði krossinn á Íslandi og Mannréttindaskrifstofa Íslands fagna almennt tillögum nefndarinnar sem taka að verulegu leyti tillit til ábendinga og athugasemda sem félögin hafa haldið á lofti.

Mannréttindaskrifstofan og Rauði krossinn vilja sérstaklega vekja athygli á mikilvægi þess að innleidd verði í lög ákvæði sem miða að því að hraða málsmeðferð hælisumsókna og bæta hana. Afgreiðsla umsókna um hæli ætti að jafnaði ekki að taka lengri tíma en þrjá mánuði. Það þyrfti að vera í lögum ákvæði um hámarksafgreiðslutíma umsókna enda hefur langur afgreiðslutími hælisumsókna almennt afar slæm áhrif á andlega og líkamlega heilsu hælisleitenda.

Brýnt er að komið verði á fót sjálfstæðum og óhlutdrægum úrskurðaraðila sem fari sjálfstætt yfir synjanir Útlendingastofnunar en ýmsar alþjóðastofnanir á sviði mannréttinda hafa borið brigður á núverandi fyrirkomulag þar sem innanríkisráðuneytið fer yfir neikvæðar ákvarðanir undirstofnunar sinnar. Önnur hugsanleg leið væri að hægt væri að kæra neikvæðar ákvarðanir Útlendingastofnunar beint til dómstóla. Þá er mikilvægt að nýtt ákvæði í útlendingalögum taki sérstaklega til þeirra hælisleitenda sem eru í mjög viðkvæmri stöðu og að réttindi barna verði styrkt verulega með nýjum málsmeðferðarreglum. Einnig er afar mikilvægt að tryggja frekar í lögum réttaröryggi útlendinga utan EES-svæðisins á Íslandi og fjölskyldna þeirra, s.s. hvað varðar jöfnun réttindasöfnunar meðal dvalarleyfisflokka og heildstætt mat á högum útlendinga sem sækja um dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið.

> Rauði krossinn og Mannréttindaskrifstofan binda því vonir við að frumvarp til breytinga eða nýrra laga um útlendinga verði lagt fram á Alþingi á næstu vikum.

Rauði krossinn og Mannréttindaskrifstofan telja sérstaklega mikilvæga tillögu sem sett er fram í skýrslunni um að lögfest verði sú meginregla að flóttamönnum og hælisleitendum sé ekki refsað fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum við komuna til Íslands. Það er afar íþyngjandi fyrir flóttamann að hefja nýtt líf í landinu með fjársekt og dóm á bakinu og stangast í ofanálag mögulega á við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins.

Almennt eru tillögur nefndarinnar, og þær sem hér hafa verið tíundaðar, til þess fallnar að styrkja mannréttindi ásamt því að auka réttaröryggi og velferð einstaklinga sem hér óska hælis eða eru staddir á landinu. Rauði krossinn og Mannréttindaskrifstofan binda því vonir við að frumvarp til breytinga eða nýrra laga um útlendinga verði lagt fram á Alþingi á næstu vikum.

# Launalækkun er í boði ríkisstjórnar

Sjávarútvegsmál
Páll Steingrímsson
sjómaður



Nú er það að ganga eftir sem sjómenn óttuðust í vor, þ.e. að krafa ætti eftir að koma fram um að laun þeirra yrðu lækkuð. Þetta ætti þó ekki að koma neinum á óvart. Í sérfræðiáliti, sem ríkisstjórnin kallaði sjálf eftir, sagði m.a.: „Umfangsmikil skattlagning rentu mun LÆKKA laun sjómanna.“ Svo mörg voru þau orð um áhrif frumvarps um stórhækkuð veiðigjöld á laun sjómanna.

Steingrímur J. hefur lofað því fjálglega að sjómenn muni ekki þurfa að taka á sig veiðigjöldin. Þetta er sami Steingrímur og tók sjómannaafsláttinn af þeim með loðnum yfirlýsingum um að kannski, ef til vill, hugsanlega, einhvern tíma þegar kæmi betri tíð væri mögulegt að þeir nytu afsláttarins aftur. Það verður hins vegar ekki á meðan þessi ríkisstjórn er við völd. Málið er að enginn tekur lengur mark á orðum Steingríms því allir vita orðið fyrir hvað J-ið í millinafninu hans stendur.

**Rætinn málflutningur**

Fáar starfsstéttir hafa mátt sitja undir jafn rætnum málflutningi af hálfu stjórnvalda og sjómenn. Þegar er farið að svífa undan veiðigjöldunum – eins og fréttir af undanförnu vitna best um – og nú hafa útgerðarmenn verið þvingaðir í hlutverk böðulsins gagnvart sjómönnum. Um leið hvítþvo stjórnvöld hendur sínar af því að ráðast að kjörum sjómanna og skella skuldinni á útgerðarmenn.

Allir, sem hafa kynnt sér áhrif stórhækkaðra veiðigjalda, vita að þau munu leiða til þess að útgerðum og skipum fækkar og að sjómönnum fækkar um leið. Skattlagningunni verður ekki mætt nema með hagræðingu og niðurskurði útgjalda. Þar gilda sömu lögmál og hjá almenningi eftir fall bankanna, hver er sjálfum sér næstur.

**Lýðskruminu engin takmörk sett?**

Á sama tíma og ráðist er að kjörum þeirra sem hafa gert sjómennsku að starfsvettvangi sínum stæra stjórnvöld sig af því að hafa veitt hundruðum hobbýkarla atvinnu við strandveiðar í nokkra daga í mánuði yfir hásumarið. Finnst stjórnvöldum það þess virði að fórna rótgrónum útgerðarfyrirtækjum og störfum atvinnusjómanna á altari tækifærismennskunnar? Eru lýðskruminu engin takmörk sett?

eilersen





Sérfræðingar frá Eilersen og Hay veita ráðgjöf í verslun okkar Skeifunni 6, í dag föstudag og á morgun.

**20%**
afsláttur af öllum húsgögnum frá þessum aðilum um helgina.

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal







HAY







# Evran eða hjólbörur (eða yuan!)

Gjaldmiðlar

Birgir Guðjónsson
læknir



Meðal minninga frá barnæsku frá fimmta áratug síðustu aldar er að við bræður og 2 frændur á aldrinum 6-9 ára fundum krónupening þ.e. eina krónu á götu í Vestmannaeyjum. Skömmu síðar hittum við afa og ömmu frændanna á göngutúr og sögðum þeim diplómatískt að þegar við værum búnir að finna tíeyring í viðbót gætum við keypt okkur eina kók. Afinn fann að sjálfsögðu tíeyring í vestisvasanum. Coca Cola kostaði þá sem sagt eina krónu og tíu aura og nutum við hennar vel fjórir strákar.

Ég minnist þess einnig frá þessum tíma að útvarpsþulur kynnti mikilvæga frétt og kom þá fram dimmraddaður forsætisráðherra og tilkynnti að fella þyrfti gengið um 40(-50)% til að bjarga útgerðinni. Síðan hafa slíkar fréttir dunið reglubundið yfir þjóðina með verðbólgu og launaskerðingu almennings. Nú hefðu strákar þurft að finna allt að 20.000 gamlar krónur til þess kaupa eina slíka kók. Slíkar krónur vægju núna milli 60-70 kg. Hjólbörur sem voru veigamikið peningaflutningatæki um tíma í Þýskalandi á fyrri öld hefðu varla dugað til, fremur fjórhjól. Til að forða drengjunum frá slíku hlassi varð að fella tvö núll aftan af krónunni og slá stærri mynt. Þetta er eina vitræna aðgerðin í íslenskum efnahagsmálum frá lýðveldisstofnun, en gengisfelling hefur samkvæmt þessum tölum verið að jafnaði um 16% á ári. Ef drengir fyndu nú 100 kr. pening á götunni myndi það samt ekki duga fyrir einni kók, þeir yrðu að finna afa eða ömmu til að slá um annan 100 kr. pening, þeir vægju þó ekki nema um 17 grömm.

Haustið 2008 hafði ég fyrir hrun gert ráðstafanir til þátttöku á ráðstefnu erlendis og greitt ráðstefnugjöld þegar evran var um 90 kr. Við dvölina erlendis var fallið orðið um 170-190 kr. og stöðugt þurfti að leita á vefsíðum hvort yfirleitt væri hægt að skipta krónum og þá á hvaða gengi. Við áskrift að tímariti greidd með kreditkorti fór evran í 246 kr. Dollarinn í bílaláni fór úr 65 kr. í 130 kr.

Ungir ættingjar lentu í húsnæðishremmingum eins og fleiri og fengu 15 milljóna króna lán. Eftir tuttugu jafnar mánaðargreiðslur og búið var að greiða sem samsvarar 15% of upphaflegu láni, voru eftirstöðvar vegna verðbóta hærri en upphaflegt lán. Ættingi í Bandaríkjunum fékk á sama tíma endurfjármögnun á húsnæðisláni á föstum langtíma 2,8% vöxtum. Ungt fólk hér á landi missir smám saman allt meðan bankastjórar með ofurlaun afskrifa milljarða hjá fyrirtækjum og kunningjum. Ungt fólk flytur úr landi, eða snýr ekki aftur heim eftir langt og þýðingarmikið framhaldsnám. Nokkur hundruð fyrirtæki skrá bókhald og gera upp í evrum og öflug fyrirtæki flytja höfuðstöðvar burt.

> Ungt fólk hér á landi missir smám saman allt meðan bankastjórar með ofurlaun afskrifa milljarða hjá fyrirtækjum og kunningjum. Ungt fólk flytur úr landi eða snýr ekki aftur...

Svo lofsyngja stjórnmálamenn íslensku krónuna þrátt fyrir ábendingar forystumanna í atvinnulífinu, verkalýðsleiðtoga og jafnvel Seðlabankans um að hún sé vonlaus og leggja til upptöku evru sem stjórnmálamenn hafna. Þeir lofa bót og betrun og aga í fjármálum og hagstjórn. Á sama tíma kemur fram að þeir hafa ekki gert grein fyrir framboðskostnaði sínum og fjáraustri í stórgallað bókhaldskerfi ríkisins með þöggun Ríkisendurskoðunar. Skýrsla um Orkustofnum leiðir í ljós að dýr lán voru tekin til að greiða arð og byggingarkostnaður var fjórum sinnum hærri en upphaflega áætlað var og skuldir mörg hundruð milljarðar.

Andmælin við inngöngu í Evrópusambandið eru aðallega varðveisla „sjálfstæðis“ þjóðarinnar, en með EES-samningi fékk Ísland aðgang að mörkuðum Evrópusambandsins og ótakmörkuðum atvinnumöguleikum Íslendinga í Evrópu sem Svisslendingar hafa t.d. ekki. Ísland varð hins vegar að taka upp og aðlaga sig að talið er 75-80% reglum og tilskipunum Evrópusambandsins, en án nokkurrar umsagnar eða áhrifa eins og hver önnur nýlenda. Minnisstæðar reglur frá almennum fréttum er að atvinnubílstjórar jafnvel á útkjálkum Íslands verða að sofa (og standa) eins Brussel ákveður. Hljóðmanir í bæjarfélögum hafa ekki verið nógu góðar og samkvæmt ESB reglum. Það áhugaverðasta og síðasta sem hefur komið fram er að alla útibaðstaði sem Íslendingar hafa notað um aldir verður nú að votta samkvæmt Evrópustaðli!

Við höfum sem sagt undirgengist að sofa, baða okkur og takmarka hávaða samkvæmt Evrópustaðli. Hvað er þá eftir? Jú gengisfelling krónunnar og fjármálaóstjórn stjórnmálamanna og áhrif sérhagsmunahópa, okurlánara og kvóta-oligarka.

Ég hefði aldrei orðið fjármálasnillingur þrátt fyrir stöðugan gjaldmiðil. Unga fólkið gæti hins vegar skipulagt fjármál sín og eignast eigið húsnæði með traustum og stöðugum gjaldmiðli sem það gerir nú ekki með krónunni og núverandi fjármálastjórn. Ef ekki á að taka upp evru því þá ekki yuan sem verður sennilega með sterkustu gjaldmiðlum?

# Aukinn áhugi á íslenska fjárhundinum

Hundarækt

Stefanía Sigurðardóttir

Þorsteinn Thorsteinsson
hundaræktendur





Hér á landi eru flestir vanir því að til sé íslenskur hundur, líkt og íslenskur hestur. Færri gera sér grein fyrir því að það er ekki sjálfsagt að þjóð eigi sína eigin hundategund. Íslenski hundurinn er viðurkennd tegund hjá FCI sem er Alþjóðasamband hundaræktarfélaga með 86 aðildarlönd. Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) hefur borið ábyrgð á velferð íslenska hundsins hér og ættbók hans frá stofnun þess árið 1969. Mikilvægt brautryðjendastarf er unnið hvort sem litið er til stofnunar félagsins eða elstu ræktunardeildar þess, deildar íslenska fjárhundsins (DÍF), sem stofnuð var árið 1979. FCI er stofnað árið 1911 en HRFÍ fékk fulla aðild í fyrra, árið 2011, sem sýnir vel hversu ung við erum í hinum gamla, virta hundaheimi, líkt og hin stutta ræktunarsaga íslenska hundsins í ættbók HRFÍ. Hreinræktaðir hvolpar eru nú um 100 skráðir í ættbók hér á landi árlega og er margföld sú tala ættbókfærð utan landsteinanna. Hvað segir það okkur?

Íslenskur fjárhundur er ekki í útrýmingarhættu, hann er upprunaleg gömul hundategund sem varðveittist í okkar landi, og dó aldrei út. Hann á sér aldagamla sögu en nú stöndum við frammi fyrir stórauknum vinsældum hans.

Mikil viðbót er að American Kennel Club (AKC) viðurkenndi íslenskan fjárhund sem tegund hjá sér árið 2010. Stofninn er í stöðugum vexti eftir því sem fleiri uppgötva þá gersemi sem þjóðarhundurinn okkar er. Hann nýtur vaxandi vinsælda og ber að fagna þeim vinsældum og aðstoða ábyrga ræktendur eftir mætti svo byggja megi upp góðan stofn utan landsteinanna, rétt eins og hér heima. Þetta teljum við vera tímamót fyrir okkur ræktendur og alla velunnara íslenska fjárhundsins.

Við sjáum fram á áframhaldandi grósku stofnsins og enn frekari samvinnu milli ræktunarlanda. Það er því þýðingarmikið fyrir ræktunardeild íslenska fjárhundsins hér á landi að viðhalda ábyrgu starfi og kynna fyrir Íslendingum þessa tegund. Icelandic Sheepdog International Cooperation (ISIC) er samvinnuverkefni 10 þjóða um málefni íslenska fjárhundsins og þar gefst DÍF tækifæri til samstarfs við aðrar ræktunardeildir hundsins. Í dag sjáum við að allt samstarf er mikilvægt og er það leið til upplýsingaflæðis svo okkur sé unnt að fylgjast með stofninum og ástandi hans í heild sinni. Í því ljósi heldur ISIC sérstakan gagnagrunn um heildarstofn íslenska fjárhundsins og hafa erfðafræðingar einmitt lagt áherslu á mikilvægi þess að líta á heildarstofninn, hvar sem er í heiminum, sem eina heild. Samstarf sem þetta er talið einstakt í hundarækt og er litið öfundaraugum af ræktendum ýmissa annarra hundategunda.

Við verðum því að skilja betur hvað það þýðir að eiga hundategund, leggja til hliðar fordóma og ágreining um hundamálefni þau sem eiga ekkert skylt við þann rétt íslenska fjárhundsins að tilheyra Íslandi og halda sínum velli hér. Við getum þá haldið áfram að vera vön að eiga íslenskan hund, hér á hann heima og ber þess skýr merki.

Við þökkum fyrri ræktendum íslenska fjárhundsins á Íslandi og HRFÍ að geta nú ræktað okkar tegund við góð skilyrði og viðhaldið mikilvægum áherslum í stofninum. Framtíð hundsins er björt og ekki síst í hinu stóra samfélagi hundaræktenda um allan heim.


# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2012 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2012

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli


# Kastljós og tónlist

Menning

Matthías Hemstock
félagi í FÍH



Það er eitthvað sem okkur finnst öllum leiðinlegt, að öll þáttagerð sé komin út úr Kastljósi. Þetta er gert út af sparnaði en ég held að þetta sé ákvörðun sem enginn er sáttur við að taka,“ segir XX, ritstjóri þáttarins. Samningur sem Ríkisútvarpið gerði við Félag þáttagerðarfólks, FÞF hefur sökum niðurskurðar orðið til þess að þáttagerðarfólk er hætt að vinna í Kastljósinu. Ástæðan er sú að þátturinn getur ekki lengur borgað þáttagerðarfólki fyrir að koma þar fram.

Þrátt fyrir að þáttagerðarfólkinu sjálfu sé flestu sama þótt það fái ekkert greitt, svo lengi sem það fær að vera í sjónvarpinu, getur Kastljósið ekki orðið við ósk þeirra vegna samningsins við FÞF. Hann kveður á um að hver þáttagerðarmaður fái um 22 þúsund krónur fyrir hverja framkomu. „Þetta er skrýtin staða að vera með óánægt þáttagerðarfólk sem vill koma fram. Við viljum fá þau en það er ekki hægt. Það eru allir að tapa á þessu ástandi,“ segir XX.

Glöggir lesendur Fréttablaðsins kannast hugsanlega við textann hér að ofan úr viðtali sem tekið var við ritstjóra Kastljóss og birt var þann 13. nóvember síðastliðinn. Textinn er nánast orðréttur nema orðinu „tónlistarmenn“ er skipt út fyrir „þáttagerðarfólk“. Ég hvet lesendur til að prófa fleiri starfsheiti á sama hátt og athuga hvað þeim finnst um útkomuna. Sem tónlistarmaður vil ég koma eftirfarandi á framfæri: Munurinn á flutningi lifandi tónlistar og auglýsinga er alveg skýr. Lifandi tónlistarflutningur, t.d. í sjónvarpi, er nákvæmlega það sem tónlistarmenn starfa við: Að flytja tónlist. Í sömu blaðagrein var hugtakið auglýsing notað yfir flutning lifandi tónlistar í sjónvarpi. Hér er um ranga hugtakanotkun að ræða. Ef tónlistarmenn auglýsa það sem þeir eru að gera fer það að sjálfsögðu fram í auglýsingatímum samkvæmt þeirri gjaldskrá sem þar gildir. Það má benda á að samningsbundin greiðsla Kastljóssins til tónlistarflytjenda gerir í mörgum tilfellum ekki meira en að rétt duga fyrir kostnaði við að koma upp í Efstaleiti með þau hljóðfæri og tækjabúnað sem til þarf. Og að lokum: Það væri óskandi að tónlistarmenn sjálfir hugleiddu vel hvers virði vinnuframlag þeirra er.

> Lifandi tónlistarflutningur, t.d. í sjónvarpi, er nákvæmlega það sem tónlistarmenn starfa við: Að flytja tónlist.




# Besti innanhúss skemmtigarður í heimi



Við óskum Skemmtigarðinum innilega til hamingju með titilinn „Besti innanhúss skemmtigarður heims“ árið 2012. Verðlaunin voru veitt af IAAPA, alþjóðasamtökum skemmtigarða, við hátíðlega athöfn í Flórída þann 14. nóvember 2012. Skemmtigarðurinn stendur svo sannarlega undir nafni.

**Smáralind – fullt hús af skemmtun!**

IAAPA

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

Smáralind

# Niðurrif Hamraneslínu var tryggt

Orkumál

Rósa Guðbjartsdóttir



Ó. Ingi Tómasson



fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar

Allir Hafnfirðingar eru sammála um nauðsyn þess að raflínur í Vallarhverfinu verði teknar niður hið fyrsta enda liggja þær nærri byggð og hamla þróun skipulags og uppbyggingar á svæðinu til framtíðar. Hafnarfjarðarbær og Landsnet gerðu árið 2009 samkomulag um uppbyggingu flutnings raforkukerfisins og þann þátt framkvæmdarinnar sem snýr að Hafnfirðingum, þ.e. að Hamraneslínur 1 og 2 verði fjarlægðar og það fyrir árið 2011. Fyrirvari var þó gerður um efnahagslegar forsendur framkvæmdarinnar sem byggja á raforkusölu til Suðurnesja.

### Forsaga málsins

Hafnarfjarðarbær lagði í apríl 2006 fram kröfu um að Landsnet hf. tæki niður raflínurnar og að þær yrðu lagðar í jarðstreng. Samningar þar um náðust þó ekki vegna mikils kostnaðar við framkvæmdina. Í aðdraganda íbúakosninga 2007 vegna fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík bauðst Alcan til að greiða kostnað við niðurrif línumannvirkja við Vallarhverfið ásamt stórum hluta spennustöðvarinnar við Hamranes. Einnig ætlaði Alcan að setja aðrar línur fyrir ofan byggðina í jörð við Kaldárselsveg að spennustöðinni sem var svo ætlað að þjóna eingöngu íbúðabyggðinni á svæðinu. Fyrirvari var á tilboði Alcan sem fólst í því að Hafnfirðingar samþykktu breytingar á auglýstu deiliskipulagi sem var forsenda stækkunar álversins.

### Mikilvæg tímamörk

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim tímamörkum sem hafa verið sett í þessu máli og hvers vegna þau hafa ekki staðist. Fyrstu tímamörkin eru 31. mars 2007 þegar Hafnfirðingar höfnuðu stækkun álversins en allir vita hver afstaða VG var í því máli og einnig að bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar þögðu þunnu hljóði í aðdraganda kosningarinnar þó svo að ýmsir þeirra hafi síðan lýst vonbrigðum sínum með úrslit kosningarinnar. Til upprifjunar þá má geta þess að áætlaður tekjuauki Hafnarfjarðar vegna stækkunarinnar hefði verið um einn milljarður á ári auk þess sem mörg hundruð starfa hefðu orðið til. Samkomulagið við Landsnet frá 2009 hefur ekki haldið þar sem engin uppbygging orkufreks iðnaðar hefur farið af stað á Suðurnesjum sem má skrifa að stórum hluta á ríkisstjórn VG og Samfylkingar sem með aðgerðum og aðgerðarleysi hefur staðið í vegi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum sem og annars staðar á landinu.

### Viðvera Vinstri grænna og Samfylkingar

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði og oddviti VG, skrifar grein í Fréttablaðið 10. nóvember sl. þar sem hún lýsir því hve stolt hún er af viðauka sem nýlega var gerður við umrætt samkomulag Hafnarfjarðar og Landsnets. Í viðaukanum er búið að draga á langinn tímamörkin, eða allt til ársins 2020. Þar sem minnihlutinn fékk enga aðkomu að gerð viðaukans sátum við hjá við afgreiðslu hans í bæjarstjórn.

> Það er hins vegar ljóst að með viðveru sinni í bæjar- og ríkisstjórn er það á ábyrgð VG og Samfylkingar að ekki sé nú þegar búið að fjarlægja Hamraneslínur…

Það er hins vegar ljóst að með viðveru sinni í bæjar- og ríkisstjórn er það á ábyrgð VG og Samfylkingar að ekki sé nú þegar búið að fjarlægja Hamraneslínur ásamt spennuvirki við Hamranes. Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði og á landsvísu hefur ávallt verið reiðubúinn til að styðja við mál er varða uppbyggingu atvinnulífsins sem hefur verið og er grunnforsenda þess að línurnar hverfi og ekki síður að Hafnfirðingar svo og allir Íslendingar geti lifað heilbrigðu og góðu lífi.

# Ræðum um staðreyndir

Orkumál

Inga Sigrún Atladóttir

forseti bæjarstjórnar í sveitarfélaginu Vogum



Hluti af umræðu um jarðstrengi og loftlínur hefur snúist um hve mikið dýrara það sé að leggja jarðstreng en loftlínu. Skellt hefur verið fram fullyrðingum um að jarðstrengur sé tvisvar til þrisvar sinnum dýrari eða sex sinnum dýrari eða jafnvel níu sinnum dýrari en loftlína. Því miður hafa deilur milli sveitarfélagsins Voga og Landsnets um lagningu Suðurnesjalínu 2 ekki komist á hærra stig en þetta því ekkert mat hefur farið fram á hagkvæmni framkvæmdarinnar.

Til að nálgast kostnaðartölur er hægt að skoða arðsemismat sem Landsnet lét gera árið 2009 á 132 kV jarðstreng milli Nesjavalla og Geitháls, en það arðsemismat er að finna á síðunni www.öxnadalur.is. Í umræddri greinargerð Landsnets kemur fram að þjóðhagsleg hagkvæmni Nesjavallastrengsins er mjög mikil en hagkvæmni Landsnets nálægt núlli. Þjóðhagslega hagkvæmni þarf að meta samkvæmt raforkulögum en það hefur ekki verið gert með Suðurnesjalínu 2.

Opinberar arðsemisupplýsingar Nesjavallastrengs eru einnig birtar á vef Landsnets. Þar kemur fram að kostnaður á kílómetra á Nesjavallastreng var þá talinn u.þ.b. 54 milljónir og er það langt fyrir neðan áætlaðan kostnað (áætlunin var þó gerð fyrir hrun íslensku krónunnar). Á sama tíma er talað um yfir 60 milljónir á km. fyrir loftlínu á 220 kV spennu. Í þessum útreikningum er fjallað um beinan stofnkostnað en Landsnet hefur ekki verið til viðræðu um líftímakostnað sem tekur með í reikninginn bæði tap og viðhald. Ef reiknaður er líftímakostnaður er hlutfallið enn þá hagstæðara, jarðstreng í hag.

Lögum samkvæmt ber Landsneti að byggja upp flutningskerfi raforku á sem hagkvæmastan hátt og hafa allar tillögur fyrirtækisins á Reykjanesi miðast við það. Landsnet hefur ekki sýnt fram á kostnað með rökstuddum gögnum en á vefsíðu þeirra má finna fullyrðingar um að viðbótarkostnaður við að grafa fyrirhugaða Suðurnesjalínu 2 í jörð í landi sveitarfélagsins Voga yrði um 6 milljarðar króna (17,25 km) en komi til fyrirhugaðar tvöföldunar yrði kostnaðurinn 12 milljarðar króna (http://www.sudvesturlinur.is/is/frettir/248-yfirlysing-fra-landsneti.html). Þessar upplýsingar Landsnets eru ekki í neinu samræmi við erlendar skýrslur og rannsóknir sem m.a. er að finna í heimildaskrá jarðstrengjanefndar Atvinnu- og auðlindaráðuneytisins.

Landsnet hefur ekki sýnt fram á neinar raunhæfar kostnaðartölur vegna Suðurnesjalínu 2 og í umræðunni komast Landsnetsmenn upp með að slá fram hlutfallstölum sem ekki eru í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Nú árið 2012 komast þeir upp með áróður og afarkosti gagnvart sveitarstjórn og leyfa sér að leggja hvorki fram gögn um þjóðhagslega hagkvæmni né raunverulegan stofnkostnað leiðarinnar.




# Helgarblað Fréttablaðsins

Hinn ungi **Nick Andrew Torres La-Um** hefur slegið í gegn í hlutverki í sínu í Pressu á Stöð 2. Í forsíðuviðtali helgarblaðs Fréttablaðsins segir Nick frá athyglisverðu lífi sínu sem innflytjandi á Íslandi. Byrjaðu góða helgi með helgarblaði Fréttablaðsins!

## Meðal efnis núna um helgina



**Skuggaeigandi Íslands**
Ótal þræðir um allt samfélagið liggja til sama alþjóðlega vogunarsjóðsins.



**Stórborgir í flóðahættu**
Feneyjar eru á kafi. Hvaða stórborgir eru næstar ef hnattræn hlýnun heldur áfram?



**Masterchef – loksins á Íslandi**
Dramatískasta matreiðslukeppni í heimi er nú loksins haldin á Íslandi. Hver verður næsti meistarakokkur?



**Jólabjórinn í ár**
Hvaða jólabjór er bestur? Dómnefnd Fréttablaðsins smakkaði þá alla.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

FRÉTTABLAÐIÐ

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!




3490 kr.
Ljúfmeti úr lækningajurtum




4490 kr.
Húsið




3890 kr.
Reykjavíkurnætur




4290 kr.
Kuldi

# JÓLABÆKURNAR ERU KOMNAR Í KRÓNUNA!




2890 kr.
Stóra Disney heimilisréttabókin




1995 kr.
Uppáhaldsrétturinn minn!




5590 kr.
Stafræn ljósmyndun




3399 kr.
Skórnir sem breyttu heiminum






2699 kr.
Fjársjóðskistan




2290 kr.
Fimmtíu dekkri skuggar




4590 kr.
Íslenskir kóngar




2999 kr.
Jólakúlur

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

# Það verða ekki fleiri álver

Stóriðja

Guðmundur Hörður Guðmundsson
formaður Landverndar



Það er óhætt að fullyrða að það verða ekki byggð fleiri álver hér á landi. Fyrir því eru þrjár ástæður. Í fyrsta lagi efnahagsleg áhætta sem tekin er með því að auka hlut álvera í hópi orkukaupenda, í öðru lagi ofmetin efnahagsleg áhrif álvera og í þriðja lagi horfur á álmörkuðum.

### Slæmar horfur

Framtíðarhorfur á alþjóðlegum álmörkuðum eru slæmar og verð hefur farið lækkandi undanfarið eitt og hálft ár. Það eru afar vondar fréttir fyrir skuldum vafin orkufyrirtæki sem hafa tengt raforkuverð til stóriðju við verð á áli. Í umfjöllun Financial Times um álmarkaðinn, sem birt var 7. október síðastliðinn, segir að verð á áli hafi lítið breyst frá 1980. Á sama tímabili hefur verð á kopar þrefaldast og járngrýti áttfaldast. Enda eru álframleiðendur í miklum vanda staddir að mati blaðsins. Þannig eru framleiðsluverðmæti stærstu álfyrirtækjanna nú 65 milljarðar dala samanborið við 200 milljarða fyrir fimm árum. Þessi þróun stafar af alþjóðlegu efnahagskreppunni, miklum uppsöfnuðum birgðum og mjög aukinni álframleiðslu Kínverja. Árið 2000 framleiddu Kínverjar 2,8 milljónir tonna af áli en á liðnu ári var framleiðslan komin í 17,8 milljónir tonna og nam þá 40% heimsframleiðslunnar. Kínverjar stefna að því að auka ársframleiðsluna um tíu milljónir tonna á næstu þremur til fjórum árum. Á sama tíma sitja tíu milljónir tonna af álbirgðum í vöruhúsum um allan heim. Þetta gerir það að verkum að aðrir álframleiðendur þurfa að halda að sér höndum eða draga úr framleiðslu sinni.

### Efnahagsleg áhætta

Tæp 80% af framleiddri raforku hér á landi eru seld álverum. Nær öll eggin eru því komin í sömu körfuna með meðfylgjandi efnahagslegri áhættu. Eðlileg krafa um ráðdeild í efnahagsmálum hlýtur að leiða okkur til þeirrar niðurstöðu að hér verði ekki reist fleiri álver. Að minnsta kosti hvatti starfshópur iðnaðarráðherra um erlenda fjárfestingu til þess að ekki yrði sóst sérstaklega eftir frekari erlendri fjárfestingu til nýrra álvera, meðal annars vegna þess að hún væri ekki ákjósanleg fyrir íslenskt efnahagslíf vegna einhæfni í atvinnulífinu. Financial Times segir í áðurnefndri umfjöllun sinni að samfélög sem byggja afkomu sína á álframleiðslu verði berskjölduð fyrir þeirri þróun sem nú á sér stað á álmörkuðum.

### Ofmetin áhrif

Að undanförnu hefur runnið upp fyrir flestum að jákvæð efnahagsleg áhrif álvera hafa verið ofmetin. Í Orkustefnu fyrir Ísland segir t.d. að árið 2009 hafi sjávarafurðir numið tæpum 30% af nettóútflutningi vöru og þjónustu, ferðaþjónusta tæpum 15% en ál og kísiljárn einungis tæpum 14%. Það er mjög lágt hlutfall miðað við þá fjárbindingu sem liggur í álverum og virkjunum, svo ekki sé minnst á þær fjárhagsábyrgðir og náttúrufórnir sem þjóðin hefur tekið á sínar herðar. Skýrsla Landsvirkjunar um efnahagsleg áhrif af rekstri og arðsemi fyrirtækisins til ársins 2035 vekur athygli á litlum efnahagslegum ávinningi stóriðjustefnunnar. Þar segir m.a. að stóriðja leggi aðeins um 1,7% til landsframleiðslunnar, sem endurspegli fyrst og fremst þá staðreynd að innlend framleiðsluþáttanotkun þessara fyrirtækja fyrir utan raforku sé mjög takmörkuð. En þessi litlu efnahagslegu áhrif hafa verið dýru verði keypt. Á nokkurra ára tímabili var fjárfest í Kárahnjúkavirkjun, Hellisheiðarvirkjun og Reykjanesvirkjun upp á 220 milljarða króna. Fyrir þetta greiddi almenningur með óhóflegri styrkingu krónunnar, hækkun vaxta og efnahagsbólu. Á sama tíma og orkufyrirtæki í eigu almennings ráða vart við þær skuldir sem á þau hafa verið hlaðnar upplýsa erlendir eigendur Norðuráls að fyrirtækið sé skuldlaust, einungis fjórtán árum frá því að það hóf rekstur.

### Gullkistan Ísland

Ísland hefur ekki efni á fleiri álverum. Eitt álver enn myndi auka á efnahagslega áhættu í hagkerfinu og leiða til óhóflegrar skuldsetningar fyrirtækja í eigu almennings. Samt krefjast ASÍ og SA álvers, jafnvel tveggja. Einn talsmaður verkalýðshreyfingarinnar orðaði það svo að íslenska kotsamfélagið yrði að veruleika ef hér yrðu ekki byggð fleiri álver! Samt eigum við heimsmetið í raforkuframleiðslu á hvern íbúa með tvöfalt meiri raforkuframleiðslu en næsta þjóð á eftir okkur, við erum sautjánda umsvifamesta fiskveiðiþjóð heims með 2% heildarafla og hingað koma ferðamenn á hverju ári sem eru tvöfalt fleiri en þjóðin. Á þessari gullkistu sitjum við, rétt rúmlega 300.000 manna þjóð. Það að hér þurfi fólk að lifa við fátækt stafar ekki af of lítilli nýtingu auðlinda. Orsakir fátæktar eru aðrar, t.d. gríðarlegar skuldir fólks og fyrirtækja og sú staðreynd að þjóðin hefur ekki fengið eðlilegan arð af auðlindum sínum, hvorki orku né afla. En það þjónar hagsmunum ákveðinna hópa að telja þjóðinni trú um að hana vanti eitt álver enn, kannski tvö.

> Ísland hefur ekki efni á fleiri álverum. Eitt álver enn myndi auka á efnahagslega áhættu í hagkerfinu og leiða til óhóflegrar skuldsetningar fyrirtækja í eigu almennings. Samt krefjast ASÍ og SA álvers, jafnvel tveggja.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BJARNI ARA SYNGUR GOSPEL

**Bjarni Arason verður með tónleika í Guðríðarkirkju í Grafarholti í kvöld kl. 20.30 þar sem hann kynnir nýja plötu sína, Elvis Gospel. Bjarni syngur þekkt gospel-lög úr safni Elvis Presley ásamt frábærum bakraddasöngvurum og tónlistarmönnum.**


wilfa JuiceMaster



Endalausir möguleikar
með **JuiceMaster**

Búið til ljúffenga safa úr berjum, kiwi, chillí, salatblöðum, brokkólí og auðvitað appelsínum og tómötum! JuiceMaster er kröftug og hljóðlát safapressa með 150 watta mótor sem gefur hámarks árangur og heldur ferskum öllum næringarefnunum sem eru í grænmetinu og ávöxtunum. JuiceMaster tekur lítið pláss og er mjög einfalt að þrífa á aðeins einni mínútu.



Juicemaster fæst bæði hvít eða stállituð.

Skannið merkið og sjáið mynd um JuiceMaster!

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*



Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur forsmekk að jólunum með uppskrift að reyktum hátíðarfugli með rauðvínssósu og rauðrófum. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 20.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is. Næstu föstudaga heimsækir Úlfar fleiri matreiðslumeistara.

## REYKTUR HÁTÍÐARFUGL

### MEÐ RAUÐVÍNSSÓSU OG RAUÐRÓFUM

**HRÁEFNI**

1 reyktur hátíðarfugl um 2 kg
3 skrældar rauðrófur
2 msk. olía
1 msk. smjör
15 skrældir smálaukar eða tveir venjulegir í bátum
15 sveppir
1 msk. tómatpurée
1/2 flaska rauðvín
2-3 tímíangreinar eða 1 tsk. þurrkað
3-4 lárviðarlauf
1/2 tsk. nýmalaður pipar
1 msk. kjúklingakraftur
2 dl vatn
Sósujafnari
50 g kalt smjör í teningum

**AÐFERÐ**

Látið fuglinn í eldfast mót ásamt rauðrófum. Kraumið lauk og sveppi í potti með olíu og smjöri í 2 mínútur. Bætið þá tómatpurée, rauðvíni, lárviðarlaufum, timíani og pipar í pottinn og sjóðið í 1 mín. Hellið úr pottinum í eldfasta mótið og færið það í 170 gráðu heitan ofn. Bakið í 40 mín. Snúið þá fuglinum við og látið hann liggja á bringunni í 40 mín. til viðbótar eða þar til kjarnhiti sýnir 71 gráðu. Sigtið allan safa úr eldfasta fatinu í pott og bætið vatni saman við ásamt kjúklingakrafti og þykkið með sósujafnara. Skerið rauðrófurnar í báta og setjið í pottinn. Takið því næst pottinn af hellunni og bætið smjöri, í teningum, saman við. Hrærið þangað til smjörið hefur bráðnað. Eftir það má sósan ekki sjóða. Berið fuglinn fram með sósunni og til dæmis sellerírótarkartöflumús og salati.


tilboð fyrir 2 og fleiri

tilboð 2

og kroppurinn blómstrar

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með plómusósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Kjúklingastrimlar og grænmeti í kókos karrýsósu



3780 krónur fyrir tvo

1890 krónur á mann

Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

NINGS

www.nings.is

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899







# JÓLIN UNDIRBÚIN

**SAMVINNA** *Á aðventunni breytist Laugardalurinn í Jóladal. Hildur Arna Gunnarsdóttir vinnur þessa dagana ásamt öðru starfsfólki í Laugardalnum að skipulagningu dagskrár og að því að gera dalinn upplýstan og jólalegan.*

Undanfarin tvö ár hefur Laugardalnum verið breytt í svokallaðan Jóladal. Að þessu sinni verður hvergi slegið af og mikið um að vera. „Við höfum verið að skreyta og skipuleggja á fullu til að búa til huggulega og rólega fjölskyldustemningu hér í Grasagarðinum, og erum enn að,“ segir Hildur Arna Gunnarsdóttir, verkefnastjóri miðlunar og fræðslu í Grasagarðinum.

Verkefnið er samstarfsverkefni Grasagarðsins, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, Skautahallarinnar, Laugardalslaugar og Ásmundarsafns. „Laugardalurinn er auðvitað dásamlegur staður fyrir fjölskyldur. Hér er allt til alls. Hægt að hoppa í sund, fá sér kaffi og kakó á Café Flóru, líta við hjá dýrunum í Húsdýragarðinum, skauta í kringum jólatré í Skautahöllinni og dást að listinni í Ásmundarsafni eða fá sér bara göngutúr um Laugardalinn. Það er því tilvalið að sameina krafta okkar hér á svæðinu og bjóða upp á yndislega jólastemningu.“

Börnin eru gleðigjafar og þykir gaman að heimsækja Grasagarðinn. „Virka daga á aðventunni eru hér aðventustundir leikskólabarna. Þá tökum við á móti þeim, þau fá aðstöðu í garðskálanum, þar sem Café Flóra er og allt er fallega upplýst og ótrúlega jólalegt. Þar borða þau nesti, lesa kannski litla jólasögu, drekka kakó og hafa það notalegt. Svo er kannski dansað í kringum jólatréð sem búið er að skreyta hér fyrir utan.“

Jólakötturinn fer víst snemma á kreik og laumast um Laugardalinn. „Honum hefur sést bregða fyrir hér og þar um dalinn. Ef vel er að gáð er hægt að heyra í honum og jafnvel sjá honum bregða fyrir og hafa skólahópar komið í Húsdýragarðinn á virkum dögum til að líta hann augum.“

Formleg opnun Jóladalsins er ekki fyrr en á aðventunni en það er nú þegar búið að kveikja nokkur jólaljós og skreyta og vel þess virði að líta við. Á Facebook er líka hægt að finna okkur „undir nafninu Jóladalurinn. Þar munum við svo setja inn upplýsingar og fréttir af því sem í gangi er hverju sinni.“

■ vidir@365.is

**UNNIÐ HÖRÐUM HÖNDUM** Við erum að skreyta og skipuleggja á fullu hér í Laugardalnum til að búa til huggulega og rólega fjölskyldustemningu,“ segir Hildur Arna. MYND/GVA






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**




16. NÓVEMBER 2012

# Lífið

FRÆGIR FAGNA Í KONFEKTBOÐI

DÁSAMLEGUR JÓLAKRANS

HÖNNUÐUR HEIMSÓTTUR



# TÓNLISTIN HLUTI AF MÉR FRÁ BLAUTU BARNSBEINI

## ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR SÖNG- OG LEIKKONA UM NÝJU PLÖTUNA, SÖNGINN OG FJÖLSKYLDUGILDIN.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Heiðursverðlaun Baileys voru veitt við glæsilega athöfn á Kjarvalsstöðum í gærkvöld en þá voru þær Jóhanna Methúsalemsdóttir, Sara Riel og Andrea Maack heiðraðar. **Harpa**



**Einarsdóttir**, listakona Baileys 2010, var á meðal gesta, sömuleiðis Lakkalakk-systurnar ***Ása og Jóna Ottesen***. Aron Bergmann leik-



myndahönnuður kíkti inn, Aftursystur, þær **Hrafnhildur** og Bára Hólmgeirsdætur, voru á staðnum sem og Andrea Helgadóttir förðunarmeistari.





Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Stefán
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Klæðnaður Þórunnar: Gammi Förðun: Alma Ösp Arnórsdóttir

# HÚRRANDI GLEÐI Í HAFNARFIRÐI

Nítján ára afmæli skartgripaverslunar Siggu og Timo var fagnað á dögunum. Fjöldi fólks mætti og fagnaði.

LJÓSMYNDARI/ÓLAFUR ÞÓRISSON



Erla Andrea, Arna Rut og Halla.



Ylfa Grönvold og Sigríður Anna Sigurðardóttir.



Bergþóra Jónsdóttir og Þórey Vilhjálmsdóttir.



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir og Lára Janusdóttir.



Thelma Björgvinsdóttir, Ingibjörg Agnes Jónsdóttir og Elfa Björk Björgvinsdóttir.



Berglind Ýr Hrafnsdóttir, Hafrún Pálsdóttir, Hrefna Magnúsdóttir og Guðrún Halldórsdóttir.



Katrín Sigmarsdóttir og Anna Snædís Sigmarsdóttir.

› Myndir á visir.is/lifid







# FRÆGAR Í FJÖLSKYLDUFÍLING

Jólaundirbúningnum var ýtt úr vör í fyrradag þegar margir helstu súkkulaðiunnendur landsins söfnuðust saman í konfektboði Nóa Síríus á Nauthól. Tilefnið var afhjúpun jólakonfektkassa. Fjöldi þekktra Íslendinga var viðstaddur ásamt börnum og eða mæðrum þegar hulunni var svipt af nýju kössunum.



María Sigrún Hilmarsdóttir ásamt móður sinni, Svanhildi Sigurðardóttur, og syni, Hilmari Árna Péturssyni.



Manuela Ósk Harðardóttir, dóttir hennar Elma Rós og Lilja Pálsdóttir með dóttur sína, Ragnhildi Örnu.



Þórunn Antonía Magnúsdóttir og móðir hennar, Sjöfn Pálsdóttir. MYNDIR/LÍFIÐ



Guðrún Dís Emilsdóttir og 4 ára dóttir hennar, Aðalheiður Helga.


Give The Look
Merry Christmas
Nærfatasett
3.595,-
LINDEX



Húsið er hlýlegt og fallegt, ekki síst vegna fjölda fallegra og sérstakra muna Guðrúnar.



Hugmyndahönnuðurinn festi efri hluta skápsins við borð- stofuborðið til að nýta rýmið betur.



Takið eftir hversu vel vinnurýmið er skipulagt.

# HUGMYNDAHÖNNUÐUR HEIMSÓTTUR



Í Heimsókn annað kvöld strax að loknum fréttum Stöðvar 2 bankar Sindri Sindrason upp á hjá Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur hugmyndahönnuði sem býr í gömlu og fallegu leiguhúsnæði á Einimel í Reykjavík. Hún gefur góð ráð um hvað hægt sé að gera þegar engu má breyta.



Stofan er hlýleg og í anda Guðrúnar. MYNDIR/VILHELM


VILD ER SNILLD

NÝTT OG ÖFLUGRA FRÍÐINDAKERFI

UPPLIFÐU HAUST Í PARÍS Á ÓTRÚLEGU VERÐI

Flug með Iceland Express til Parísar 20.–23. sept. fram og til baka með sköttum og öðrum greiðslum. Aðeins **26.900 kr.** Takmarkað sætaframboð. Skráning á stod2.is/vild

Virkjaðu kreditkortið þitt og annarra fjölskyldumeðlima á MÍNAR SÍÐUR á WWW.STOD2.IS. Ört vaxandi hópur samstarfsaðila. Fylgstu með!

PARÍS 26.900 kr.

Iceland Express - lækkar verð


## Dagur í lífi

**Marentza Poulsen**
Smurbrauðsjómfrú og veitingakona á Café Flóru



**07.00** Klukkan byrjar að hringja og þar sem ég fór allt of seint að sofa í gær leyfi ég mér að „snooza“ nokkrum sinnum. Ég er svo lánsöm að matreiðslumeistarinn hann Þórhallur Sverrisson, sem er miklu meiri A-maður en ég, mætir alltaf á réttum tíma á vaktina og gerir það sem gera þarf ef svona kemur upp á. Eftir að hafa tekið lýsið og borðað góðan morgunverð græja ég tvo góða kaffibolla, drekk annan strax og tek hinn með mér í bílinn.

**10.00** Ég er mætt í Stórkaup til að sækja sírópið sem bráðvantar í rúgbrauðsbaksturinn sem er í vændum, en það er ekki seinna vænna að fara að prófa sig áfram með brauðið því engin er síldin án rúgbrauðsins. Þaðan liggur svo leiðin inn í Grasagarð.

**10.30** Allt er komið á full sving í eldhúsinu í Café Flóru við að útbúa jólasíldarsalatið með uppbakaðri sósu sem þarf að fá að ryðja sig vel. Ilmurinn er dásamlegur. Því næst hringi ég nokkur símtöl varðandi nýju heimasíðuna okkar, Cafeflora.is, og spjalla við nokkra af birgjunum mínum varðandi hráefni fyrir jólahlaðborðið.

**13.00** Við erum byrjuð að hræra í brauðin sem þurfa að fá að bakast í nokkra klukkutíma og svo tökum við Þórhallur test á síldarréttunum sem lofa góðu.

**17.00** Ég fer með yfirþjóninum mínum, honum Friðriki Atla Sigfússyni, yfir ýmis mál sem varða borðaskipan fyrir jólahlaðborðið okkar sem hefst núna 29. nóvember og því nóg sem þarf að huga að.

**19.00** Eftir að búið er að ganga frá í eldhúsinu renni ég við í Eymundsson við Skólavörðustíg, finn til vænan bunka af nýjum og spennandi tímaritum, kaupi mér samloku og góðan latte hjá Te og kaffi og sit svo þar til kl 21.30 og grúska í öllum þessum endalausu hugmyndum að skreytingum, mat og öðru sem viðkemur jólunum. Þetta er sannkölluð gæðastund.

**23.00** Ég sit við tölvuna og er að renna yfir póstinn minn en planið er að fara ekki of seint í háttinn í þetta sinn …


EITTHVAÐ FALLEGT UM JÓLIN
99.900
DAYS SVEFNSÓFI
SUSHI SETT
VERÐ FRÁ
4.990
NÝ SENDING
PLASTDÚKAR, LÖBERAR OG DISKAMOTTUR
FLOTTAR GRÍMUR
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# BÖRNIN OG FJÖLSKYLDAN Í FYRSTA SÆTI

**Þórunn Lárusdóttir söng- og leikkona stendur á tímamótum því fyrir þessi jól gefur hún út plötu með þekktum dægurperlum. Lífið ræddi við þessa hæfileikaríku og hörkuduglegu fjölskyldukonu um sönginn, það sem fram undan er og síðast en ekki síst fjölskylduna.**



Þórunn er í fötum frá Gammi, Alma Ösp Arnórsdóttir farðaði. MYND/STEFÁN

> **Ég fór í Háskólann í Reykjavík að læra sálfræði sem var alveg dásamlegt. Ég náði þar að hrista dálítið upp í ryðguðum heilasellum.**

**ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR**
**STARF:** Leik- og söngkona.
**ALDUR:** 39 ára.
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Gift.
**BÖRN:** Tvö.
**HVAR SÉRÐU ÞIG EFTIR 10 ÁR?** Alveg að verða fimmtug.

**Byrjum á plötunni þinni „Þórunn Lár og félagar“ sem þú gefur út. Hvernig kom það til?** Ég hef alltaf haft yndi af tónlist og þykir ofboðslega gaman að geta haft hana sem hluta af vinnunni minni. Mig langaði til þess að skapa mér tækifæri til þess að syngja tónlist í mínum uppáhaldsstíl. Til þess að geta verið alfarið í „bílstjórasætinu“ ákvað ég að gefa plötuna út sjálf. Þetta er heilmikil vinna en mjög skemmtileg. Ég er búin að vera á fullu undanfarið, þar sem ég er bæði ræstitæknir og forstjóri hjá fyrirtækinu og allt þar á milli.

## Veislustjórn fékk boltann til að rúlla

Í vor var ég veislustjóri á ráðstefnu í Hörpunni og fékk félaga mína, Kjartan Valdemarsson, Gunnar Hrafnsson og Jóhann Hjörleifsson til liðs við mig til að spila undir í nokkrum lögum. Við eigum langa sögu þar sem við spiluðum saman í „Kjallarakabarett“ í Þjóðleikhúskjallaranum í upphafi aldarinnar. Það samstarf gekk mjög vel og þegar við komum saman í vor fannst mér tilvalið að kalla þessa snillinga til og gera plötu. Platan inniheldur lög sem mér þykir afar vænt um og reyndar held ég að flestir Íslendingar tengi á margan hátt við þau af ýmsum ástæðum. Ég hef alltaf haldið mikið upp á Afmælisdiktur til dæmis. Mér finnst útsetningin á því lagi á plötunni hafa tekist einstaklega vel en við unnum allar útsetningarnar saman. Við töldum bara í og þegar lagið var búið var „fundur“, því haldið inni sem virkaði og uppástungur um betrun voru lagðar á borðið. Við spiluðum svo aftur og þannig urðu útsetningarnar til. Við tókum plötuna upp á heimaslóðum mínum og Kjartans, í Mosfellsbænum, í Hlégarði. Þar er dásamlegur Bösendorfer-flygill og andrúmsloftið mjög skemmtilegt. Platan er tekin upp í lifandi flutningi en við það myndast alveg sérstakur hljómur og tilfinningin í spilamennskunni nær inn á upptökurnar. Það er alveg nauðsynlegt í svona tónlist að mínu mati. Allt svolítið fljótandi og spontant. Við vorum að skemmta okkur við að breyta og bæta alveg fram að síðustu stund, í upptökunum sjálfum. Þetta var alveg rosalega gaman.

**Hefur þú ávallt verið hrifin af íslenskri tónlist?** Ég hef alltaf haft unun af íslenskri tónlist. Sér í lagi gömlum dægurperlum. Ég hef unun af fallegum íslenskum ljóðum og söngtextum. Ætli það sé ekki uppeldið, ég veit það ekki. Ég reyni líka alltaf að fylgjast vel með nýrri íslenskri tónlist og þykir mjög gaman að því hvað tónlistarflóran er breið hérna á Íslandi. Það er alveg frábært og einstakt í svona litlu samfélagi.

## Dagur í lífi Þórunnar

**07.00** Vakna, vek Kolbein Lárus, við spjöllum saman og borðum morgunmat, röltum svo saman í Vogaskóla. Ég kem heim, vek Kötlu mína og Snorra og þau fara af stað í leikskóla og vinnu.

**09.00** Fer að sækja veggspjald úr prentun hjá Odda. Veggspjaldið er auglýsing um útgáfutónleikana mína á Borginni nk. miðvikudag. Keyri um allar trissur og hengi veggspjaldið upp.

**12.00** Hitti vinkonur mínar, Viggu, Lindu og Þóru, á Gló. Við spjöllum og fáum okkur dásamlegan hádegisverð saman.

**13.00** Tékka á tölvupósti og svara nokkrum. Æfi mig á trompetinn og vel jólalög sem ég ætla að syngja á tónleikum fyrir austan í byrjun desember.

**16.00** Sæki börnin í skóla og leikskóla. Við spjöllum saman og fáum okkur íþróttanammi. Ester vinkona mín kemur í heimsókn með strákana sína. Við ræðum um stuttmynd sem við ætlum að taka um helgina og börnin leika sér saman.

**19.00** Borðum saman kvöldverð fjölskyldan. Ég las um það í vísindagreinum í sálfræðinni að samverustund við kvöldverð er að verða ein mikilvægasta stund fjölskyldunnar. Finnst þetta nauðsynlegur hluti af deginum, góður siður sem ég mun halda í þar til börnin fara að heiman.

**20.00** Kolbeinn æfir sig á sellóið, við lesum saman og þau fara bæði í háttinn.

**21.00** Tengdamamma kemur til að passa fyrir okkur, við Snorri eigum stefnumót og förum að sjá enska eðaltöffarann James Bond í bíó.

**12.00** Leggst upp í rúm og sofna um leið og höfuðið snertir koddann.




## Uppáhalds

**HEIMASÍÐA:** Nýja heimasíðan mín thorunnlar.is er ofarlega á listanum en annars reyni ég að kíkja á TED.com þegar tími gefst.

**TÍMARIT:** Á ekkert uppáhaldstímarit, en þykir gaman að glugga í uppskriftablöð, Vogue og InStyle magazine.

**DEKUR:** Nudd og líka góður matur/vín í góðra vina hópi.

**HÖNNUÐUR:** Gunnhildur Stefánsdóttir/Gammur.

**VEITINGASTAÐUR:** Golden Dragon í China Town í London. Besta dim sum í heimi.



Þessi mynd er af okkur Snorra og börnunum, Kolbeini Lárusi og Kötlu, hún er tekin í Ásbyrgi.




**Útgáfutónleikarnir eru á miðvikudaginn 21. nóvember á Borginni klukkan 20.30.**

**Ertu alin upp á tónlistarheimili?** Tónlist hefur verið hluti af mér frá blautu barnsbeini. Faðir minn, Lárus heitinn Sveinsson, var trompetleikari og móðir mín, Sigríður Þorvaldsdóttir, er leikkona og við systurnar þrjár ólumst því upp á miklu menningarheimili. Maður var að skottast um Þjóðleikhúsið meðan mamma var á æfingum og eins í Háskólabíói þegar pabbi var að vinna. Þannig saug maður inn alls kyns þekkingu á menningarsviðinu án þess að taka eftir því. Við gátum allar raulað Haydn-trompetkonsertinn áður en við fórum að tala. Pabbi var einnig kórstjórnandi. Hann stjórnaði meðal annars karlakórnum Stefni í mörg ár og í gegnum þá vinnu pabba kynntist ég mörgum lögum sem eru í uppáhaldi hjá mér. Ég held reyndar alveg sérstaklega upp á karlakóratónlist. Mamma var líka mikið í tónlistinni í leikhúsinu og þegar hún var að æfa fyrir hin ýmsu hlutverk kynntist maður annars konar tónlist. Þau hjónin voru ekki mikið fyrir rokkið og okkur systrunum þótti alltaf ömurlegt að það voru bara til klassískar plötur á heimilinu, en við kynntumst rokkinu bara á annan hátt eins og allir vinir okkar! Maður sér það núna að það voru forréttindi að fá að kynnast klassískri tónlist svona vel!

**Söngurinn – lærðir þú að syngja eða er söngurinn þér í blóð borinn?** Ég lærði söng í leiklistarskólanum í London. Þar var ég í söngtímum hjá tveimur frábærum en mjög ólíkum kennurum. Ég lærði bæði á trompet og píanó þegar ég var yngri og hefur það komið sér mjög vel á ferlinum. Ég hefði hins vegar alveg sjúklega gaman af því að læra meira í söng. Ég nýti mér auðvitað að systir mín er útlærður óperusöngvari og sæki tíma hjá henni þegar tími gefst. Nýjasti draumurinn er að skrá mig í djassdeild FÍH og læra dálítið í þeim fræðum.

### Tekur að sér leikstjórn innan tíðar

**En hvað er að frétta af leiklistinni – munum við sjá þig á sviði fljótlega?** Ég mun alveg örugglega rata aftur inn á leiksvið. Ég hef ekki sagt skilið við leiklistina þó ég hafi ekki verið að leika undanfarið. Ég mun stíga mín fyrstu spor sem leikstjóri í vetur og hlakka mikið til. Ég er líka að skrifa leikrit sem ég stefni á að frumsýna þarnæsta leikár ef allt gengur samkvæmt áætlun þannig að þó að það verði kannski ekki alveg strax, þá munið þið sjá mig á sviði aftur. Ég elska að leika á sviði og það kemur ekki til greina að gefa það upp á bátinn.

### Lagði stund á sálfræði í HR

**Hvað hefur þú verið að bauka undanfarið – hvar hefur þú haldið þig?** Ég hef starfað við leiklist síðan ég útskrifaðist úr leiklistarskóla árið 1998. Lengst af hjá Þjóðleikhúsinu en hef þar að auki unnið með hinum ýmsu leikhópum. Í fyrra urðu straumhvörf í mínu lífi þegar mér var sagt upp störfum hjá Þjóðleikhúsinu. Það var mjög skrítið og erfitt. Ég fór í Háskólann í Reykjavík að læra sálfræði sem var alveg dásamlegt. Ég náði þar að hrista dálítið upp í ryðguðum heilasellum. Ég tók seint í sumar þá erfiðu ákvörðun að hætta því þar sem listin togar svo ofboðslega sterkt í mig. Allt sem ég var að læra um í sálfræðinni varð mér mikill innblástur og ég komst að því að ég get ekki flúið blessuðu listabakteríuna í mér. Ég verð bara að fá að vera í skapandi vinnu. Ég áttaði mig á þessu þegar ég var, eftir eitt ár í háskólanámi í sálfræði, komin með drög að kvikmyndahandriti, tveimur leikritum og á leiðinni að gefa út geislaplötu. Ég ákvað að byrja í tónlistinni. Ég stofnaði fyrirtæki í kringum útgáfuna og svo er stefnan að litla fyrirtækið mitt Leitóda ehf. starfi í hinum skapandi geira, gefi út tónlist, framleiði kvikmyndir og leikhús.

### Hefur unun af matargerð

**Hvernig gengur að vera svona framkvæmdaglöð og reka fjölskyldu og heimili?** Ha, ha! Já, það er nú stundum strembið. En maður verður bara að vera dálítið skipulagður. Nú heyri ég vini mína flissa. Ég lít nefnilega ekki út fyrir að vera neitt svakalega skipulögð. En ég er snillingur í skipulagðri kaos. Ég er með mitt kerfi sem virkar alveg. Ég get ekki verið með rútínu sem virkar eins alla daga. Ég hugsa að ég yrði brjáluð á svoleiðis. Sem betur fer á ég mann sem er svipaður og börn sem þola svoleiðis. Ég bý bara til kerfi í kringum þá vinnu sem ég er að stunda og þá gengur þetta allt saman upp. Það er samt lykilatriði að forgangsraða rétt. Börnin og fjölskyldan eru í fyrsta sæti.

**Hver eru þín áhugamál – hvað gerir þú á góðum degi til að lyfta andanum og já, lyfta þér upp?** Ég og Snorri, maðurinn minn höfum bæði unun af matargerð og af því að fá fólk í heimsókn. Við fluttum

Framhald á síðu 8






Hér erum við mæðgur á ferðalagi um Ísland.



**Ég hef alltaf haft unun af íslenskri tónlist. Sér í lagi gömlum dægurperlum. Ég hef unun af fallegum íslenskum ljóðum og söngtextum. Ætli það sé ekki uppeldið, ég veit það ekki.**




Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.






Allt sem þú þarft...

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.


**Framhald af síðu 7**

nýlega í Vogahverfið, sem er mjög miðsvæðis og það er alltaf líf hérna hjá okkur. Vinir okkar kíkja í heimsókn með börnin sín og það þykir mér algert æði. Þá skellir maður í pönnsur og spjallar um pólitík, listir eða bara daginn og veginn við vinina á meðan krakkarnir leika sér. Ef ég vil algera afslöppun þá veit ég ekkert betra en að fara í gott nudd. En áhugamálin eru mörg. Mér þykir yndislegt að ferðast, hvort sem er hér innanlands eða erlendis. Ég gæti alveg búið heilt sumar uppi á íslensku fjalli en ég gæti líka verið heilt sumar á lúxushóteli í París. Hvort tveggja er yndislegt. Tónlistin er eðlilega stórt áhugamál hjá mér og eins og ég nefndi áðan, matargerð.

## Systrasamkomulagið náið

**Þú kemur úr stórri fjölskyldu. Systur þínar og þú, eruð þið duglegar að syngja saman og vera saman og eruð þið duglegar að hjálpast að með börnin?** Við systurnar höfum alla tíð verið mjög nánar. Það eru forréttindi að eiga tvær systur. Það var bara fínt að alast upp í systrahópi. Ég myndi segja hvorki erfitt né létt. Við áttum okkar rifrildi eins og öll systkini en við áttum miklu fleiri ánægjustundir. Við höfum stundum sungið saman og þykir okkur það öllum mjög skemmtilegt. Nú síðast í sumar vorum við með tónleika á æskuslóðum okkar í Hlégarði í Mosfellsbæ. Það var troðfullt hús og við skemmtum okkur konunglega! Við reynum að hittast sem oftast en það gengur því miður ekki allt of vel því Dísella býr í New York þar sem hún er að sinna óperusöngnum. Hún er að vinna hjá Metropolitan óperunni svo maður getur nú ekki annað en verið ánægður með það. Það er þó ansi kostnaðarsamt að fara á milli svo við getum ekki hist eins oft og okkur langar. Við Ingibjörg heimsóttum hana um daginn og lentum í fellibylnum Sandy. Sem betur fer hélst rafmagnið og flóðið náði ekki að íbúðinni hennar Dísellu. Við áttum því dásamlegar stundir í nokkra daga, borgin sem aldrei sefur fékk sér smá lúr og við nutum þess að vera bara saman. Ekkert stress og engin læti. Bara samvera. Það var ljúft.

Þrátt fyrir að vera mjög uppteknar reynum við að hjálpast að með börnin okkar. Í það minnsta höldum við góðu sambandi, borðum oft saman og hringjum í Dísellu og Bjart Lárus, strákinn hennar á Skype.

## Mikilvægt að horfa á jákvæðu hliðarnar

**Svona að lokum. Hvaða gildi ætlar þú að kenna börnunum þínum eftir það sem þú hefur lært í gegnum tíðina?**

Mér þykir afar mikilvægt að kenna börnunum mínum að fara sínar eigin leiðir og að þora að vera þau sjálf. Það er númer eitt, tvö og þrjú. Ég legg líka ríka áherslu á að þau virði heiðarleika og góðvild gagnvart náunganum. Svo finnst mér líka mjög mikilvægt að kenna þeim að horfa á jákvæðar hliðar lífsins, njóta þess að vera til, eins og mamma mín hefur alltaf kennt mér. Þurfum við ekki öll að muna það?


VILD ER SNILLD
VILD
er snilld
Splass
Engin venjuleg bílaþvottastöð
10 11
ÓB
Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND
Borgarleikhúsið
Ellingsen
Quiznos
SUSHI
MAX1
BÍLAVAKTIN
olís
GRILL 66
design by: Tong
SAMSTARF VIÐ MÖRG MÖRG
MÖRG FYRIRTÆKI
„HIGH FIVE"
Skráðu þig á
stod2.is

Lífið telur niður að jólum



Þórdís Harpa er mikill fagurkeri.

LJÓSMYNDARI/TINNA STEFÁNSDÓTTIR



Þessi skemmtilegu kerti sem eru merkt aðventuvikunum eru úr Ikea.

# LITRÍK JÓL Í ÁR

Styttist nú óðum í aðventu þessa árs. Ýmsar eru hefðirnar en meðal þeirra er að gera aðventukrans. Hér áður fyrr voru þeir heldur einfaldir en í dag fylgja þeir tískustraumum eins og flest annað. Vissulega halda margir í hefðirnar en aðrir leyfa hugmyndafluginu að njóta sín á hverju ári.

Þórdís Harpa Lárusdóttir, flugfreyja og fagurkeri, sýndi Lífinu einfaldan en afar skemmtilegan og jólalegan krans sem hún var að leggja lokahönd á.

**Ertu mikið jólabarn?** Ég er agalega mikið jólabarn og skreyti húsið hátt og lágt, þannig að það breytir gjörsamlega um ásýnd, er dugleg að taka hluti úr umferð og setja aðra jólalega inn í staðinn.

**Byrjarðu snemma að undirbúa jólin?** Já, ég skreyti frekar tímanlega og er svo tiltölulega fljót að taka jólin niður í byrjun janúar. Ég hef lifað og hrærst í verslunarrekstri í mörg ár en ætla núna að njóta jólanna og aðdragandans í botn með börnunum mínum í ró og næði.

**Hvaða þema er hjá þér í ár?** Undanfarin ár er ég búin að vera með mjög mikið um náttúruliti í skreytingunum mínum, aðallega hvítt, silfur og brúnt. En í ár datt ég í rauða litinn og finnst voða gaman að hafa grænan með, mig langar að hafa litrík og kósý jól í ár.

**Segðu okkur aðeins frá fallega kransinum?** Stóri hvíti bakkinn er úr Ilvu, silfurbakkinn hefur fylgt mér lengi, kertin og hjörtun eru úr Ikea, silfurkúlurnar eru héðan og þaðan og hnotubrjótarnir eru úr Crate&barrel. Einfalt og fljótlegt.




JÓLIN KOMA



# GOTT ER JÓLAGLÖGGIÐ

Þó svo að aðventan sé ekki hafin er ekkert sem bannar það að blanda í gott jólaglögg til að ylja sér við á köldum kvöldum. Á www.cafesigrun.com deilir Sigrún, konan á bak við vefinn, einfaldri og meinhollri uppskrift að óáfengu glöggi.



500 ml hreinn trönuberjasafi
500 ml hreinn eplasafi
2 kanilstangir
4 negulnaglar
2 msk. agavesíróp
Safi úr hálfri sítrónu
1 lófafylli heilar möndlur
1 lófafylli rúsínur

**Aðferð**

Setjið trönuberjasafa, eplasafa, kanilstangir, negulnagla og agavesíróp í lítinn pott. Látið suðuna koma upp og leyfið blöndunni að malla í um 5-10 mínútur.

Fjarlægið negulnagla og kanilstangirnar.

Setjið sítrónusafann út í og látið malla í 2-3 mínútur.

Rétt áður en bera á drykkinn fram má bæta rúsínum og möndlum út í (einnig getur hver og einn sett í sinn bolla).


OROBLÙ

Lífið

# UNDIRBÝR SPENNANDI VEF FYRIR KONUR

Tísku- og lífsstílsvefurinn Tíska.is lítur innan tíðar dagsins ljós þar sem áherslurnar eru á lífsstíl, tísku, verslun, hönnun og útlit. Eigandinn Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, konan á bak við vefinn, er þessa dagana að undirbúa opnun vefsins í næstu viku. Pistlahöfundar verða Díana Bjarnadóttir stílisti, Dóra Lind Vigfúsdóttir og Edda Björgvins svo einhverjir séu nefndir. Hægt er að fylgjast með framhaldinu á Facebook.com/tiska.is.





Instagram-myndirnar á Facebook-síðu Tiska.is segja til um hvað koma skal. Hér má sjá pallíettutopp, skart og fleira.

## Helgar-MATURINN



**Auður Ingibjörg Konráðsdóttir gefur okkur uppskrift að dásamlegri súpu úr bókinni sinni „Heilsusúpur og salöt". Engan sykur eða hvítt hveiti er að finna í uppskriftunum. Þessi uppskrift er sérlega bragðgóð og yljar líkama og sál á hráslagalegum haust- og vetrarkvöldum.**

### Heilsusúpa fyrir helgina

Byggsúpa
200 g sveppir
2 laukar
3 msk. sólblómaolía
2 dl rauðvín eða
1 msk. balsamik-edik
2 l vatn
250 g bygg, soðið
2 msk. tómatpúrra
1 msk. tamarisósa
1 lárviðarlauf
3 msk. sólblómaolía
2-4 gulrætur
2 sellerístilkar
1 tsk. timían
1 tsk. rósmarín
1 tsk. reykt paprika
½ tsk. svartur, nýmalaður pipar
2 tsk. sjávarsalt
3 msk. ferskt basil, saxað
1 tsk. miso, má sleppa

Sneiða sveppi og lauk. Brúna sveppi, lauk, timían og rósmarín í olíu og bæta rauðvíni eða ediki við. Láta sjóða niður. Bæta öllu nema basil og miso við og láta malla við vægan hita í 10-15 mínútur. Smakka til með salti og pipar. Bæta miso við og skreyta með fersku basil rétt áður en borið er fram.






# TÍSKA LITUÐ AF HERNAÐI

**TÖFF EÐA TRIST?** *Ýmislegt tengt hernaði hefur í gegnum tíðina smeygt sér inn í dægurmenninguna og áhrifa hennar gætir víða í fatatísku nútímans. Helstu fatahönnuðir heims sækja innblástur þar.*



1. **ULLARFRAKKI OG STUTTBUXUR** Þykk og hlý ullarföt með hermannabrag.
2. **LOÐKRAGI OG LEÐURSTÍGVÉL** Síður frakki með loðkraga í hermannastíl, góður fyrir veturinn.
3. **TOP GUN** Hér er sóttur innblástur í fatnað herflugmanna. Hver man ekki eftir Tom Cruise í Top Gun?
4. **SKARPAR LÍNUR** Hér er leikið með feluliti, skarpar línur og leðurstígvél.
5. **SJÓLIÐATÍSKA** Peysur í sjóliðastíl hafa löngum verið vinsælar.


Reiki

Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

I. stig helgarnámskeið 1.–2. desember

II. stig kvöldnámskeið 19.–21. nóvember



Guðrún Óladóttir reikimeistari og hómópati

Pantanir í síma 553 3934, milli kl. 10 og 13 virka daga.

Gjafakort fáanleg.



VÉLSLEÐASÝNING

17. NÓVEMBER 2012 KL. 13 TIL 17

YAMAHA

FXNytro M-TX árgerð 2013 er kominn!

Laugardaginn 17. nóvember verður opið hús hjá Yamaha þar sem árgerð 2013 af FXNytro M-TX verður frumsýnd. Einnig verða til sýnis Yamaha Nytro Turbo sleðar sem breyttir eru í samstarfi við Alpine ehf.

Komdu í heimsókn á Kletthálsinn!



Farðu lengra!

Arctic Trucks | Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.yamaha.is




# KJÚKLINGUR MEÐ PESTÓI

Þessi kjúklingaréttur er afar ljúffengur. Hann er með fullt af grænmeti og passar því vel í vetrarkuldanum. Hægt er að nota tilbúið pestó úr búð en best er að gera það sjálfur. Ferskt pestó geymist í ísskáp í fimm daga.

**Fyrir fjóra**
500 g litlar kartöflur, skornar í tvennt
2 paprikur, rauð og gul, hreinsaðar og skornar í stóra bita
200 g kirsuberjatómatar
3 kúrbítar, skornir í sneiðar
4 hvítlauksrif
Ferskt rósmarín, smátt skorið
Ferskt timían, smátt skorið

Hitið ofninn í 200°C.
Setjið kartöflur í eldfast mót.
Setjið álpappír yfir og bakið í 20 mínútur.
Takið mótið út og bætið í það papriku, tómötum, kúrbít, hvítlauk, rósmaríni og timíani.
Bakið áfram í 20 mínútur eða þar til grænmetið er orðið mjúkt. Gott er að hræra í grænmetinu á eldunartímanum.

**PESTÓ**
1 box basil
1 msk. furuhnetur
30 g parmesanostur
ólífuolía

Á meðan grænmetið bakast er pestóið búið til. Setjið allt í matvinnsluvél og maukið. Bætið ólífuolíu út í þar til maukið er hæfilega þykkt.

**KJÚKLINGURINN**
Hitið olíu á pönnu og steikið bringurnar í 5-7 mínútur eða þar til þær eru eldaðar, fer eftir stærð. Setjið þá pestóið út í og hrærið. Setjið lok á pönnuna og látið malla í nokkrar mínútur. Skerið kjúklinginn niður og berið fram með bakaða grænmetinu.




OPNUNARTILBOÐ

Höfum opnað Glænýtt hjólbarðaverkstæði byggt á reynslu og þekkingu

Dalbrekku Kópavogi (gamla Toyota)

Eiður Örn býður nýja sem gamla viðskiptavini velkomna. Það verður auðvitað heitt á könnunni og gamla góða mjólkurkexið á sínum stað.

Nú má víst ekki auglýsa betri þjónustu, meiri gæði, myndarlegri starfsmenn og lægra verð en hjá öðrum. Þú verður því bara að koma og sannfærast ;-)

Dekkjahúsið

Dalbrekku 17
Kópavogi
Sími: 55 33 100
dekkjahusid@dekkjahusid.is
www.dekkjahusid.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**205** **JÓNAS HALLGRÍMSSON** skáld fæddist á þessum degi árið 1807.
*„Gott er að ganga/ geði kvíðalausu/ ófarið, örstutt/ æviskeið.“*

---

✝



Ástkær eiginmaður minn,

**ÁRMANN J. LÁRUSSON**

andaðist að morgni 14. nóvember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Björg R. Árnadóttir**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi.

**JÓNAS ÞÓRÐARSON**
**framreiðslumaður,**
**Öldugranda 1, Reykjavík,**

andaðist mánudaginn 12. nóvember.
Útförin auglýst síðar.

**Sanný Jónasdóttir**
**Guðrún Jónasdóttir**
**Ingibjörg Jónasdóttir**
**Vignir Jón Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Darrel F. Schneider**
**Kristján S. Birgisson**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR I. MAGNÚSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Álfabrekku 9, Kópavogi,**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 7. nóvember, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju í dag, föstudaginn 16. nóvember, kl. 13.00.

**Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigurbjörg Guðmundsdóttir** — **Sigurður Pálsson**
**Þórarinn Magnús Guðmundsson**
**Sigurlaug Guðmundsdóttir** — **Níels Adolf Ársælsson**
**Hjördís Guðmundsdóttir**
**Birna Guðmundsdóttir** — **Guðni Þór Sigurjónsson**
**Birgir Heiðar Guðmundsson** — **Helena Björk Pálsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**FRIÐRIKS ELDJÁRNS KRISTINSSONAR**
**Vitateigi 3, Akranesi.**

Sérstakar þakkir til Jóns Örvars Kristinssonar læknis, starfsfólks lyfjadeildar HVE Akranesi, heimahlynningar og sjúkraflutningamanna.

**Þórný Elísdóttir**
**Kristinn Eldjárn Friðriksson** — **Þóra Jónína Björgvinsdóttir**
**Elís Þorgeir Friðriksson** — **Auður Gudjohnsen**
**Ágústa Hjördís Friðriksdóttir** — **Hrafn Elvar Elíasson**
**afabörn og langafabörn.**

---

✝



Okkar ástkæri

**FRIÐJÓN JÓNSSON**
**frá Lindarbrekku í Staðarsveit,**

lést í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 7. nóvember á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 19. nóvember kl. 11.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Skógarbæjar.

**Hanna Olgeirsdóttir**
**Elísa Anna Friðjónsdóttir** — **Hermann Jóhannesson**
**María Lóa Friðjónsdóttir** — **Gunnar Sigurfinnsson**
**Jón Unnar Friðjónsson** — **Hulda Vilhjálmsdóttir**
**Heiða B. Friðjónsdóttir**
**Linda Kristín Friðjónsdóttir** — **Björn Magnús Tómasson**
**Linda Elínborg Friðjónsdóttir** — **Viktor Pétursson**
**afabörn og langafabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---

# Ljósafossganga niður Esju

Ljósið endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð stendur fyrir Ljósafossgöngu niður Esjuna þriðja árið í röð laugardaginn 17. nóvember. Er þetta gert til að minna á stuðninginn og þá sem eru að berjast við krabbamein. Ljósið sinnir að jafnaði um 300 manns á mánuði og stendur fyrir viðamikilli endurhæfingar- og stuðningsdagskrá alla virka daga.
Mæting í gönguna er klukkan 15 við Esjustofu. Þar mun Valgeir Skagfjörð leikari og tónlistarmaður laða fram notalega tóna meðan fólk býr sig í gönguna. Gangan hefst klukkan 15.30. Kveikt verður á ljósum klukkan 17 við Stein og þar með hefst Ljósafossgangan niður Esjuna. Allir eru beðnir um að taka með sér höfuð- eða vasaljós. Áætlað er að koma niður um klukkan 18. Bíða þá vöfflur með rjóma göngufólks sem Esjustofa býður upp á.
Allir eru velkomnir í gönguna.



**FRÁ GÖNGUNNI Í FYRRA** Mæting er við Esjustofu klukkan 15 á laugardag en lagt verður af stað upp Esjuhlíðar klukkan 15.30.

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, ömmu og systur,

**RAGNHEIÐAR BRYNJÓLFSDÓTTUR**
**áður til heimilis að Sæbraut 17, Seltjarnarnesi.**

Þökkum starfsfólki á D-gangi 3. hæðar í Sóltúni fyrir alúð og hlýja umönnun.

**Brynjólfur Þór, Þorbjörn og Helga Bryndís Jónsbörn og fjölskyldur**
**Bryndís og Helga Brynjólfsdætur**

---

✝



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**VIGFÚSAR ÓLAFSSONAR**
**Víðilundi 9, Akureyri.**

Sérstakar þakkir sendum við öllu starfsfólki Lyflæknisdeildar á Sjúkrahúsi Akureyrar fyrir góða umönnun.

**Anna Gunnur Vigfúsdóttir** — **Anton Sölvason**
**Sigurlaug María Vigfúsdóttir**
**Sigurður Vigfússon** — **Þóra Elísabet Leifsdóttir**
**Hulda Vigfúsdóttir** — **Ómar Stefánsson**
**Gunnar Vigfússon** — **Jóhanna María Friðriksdóttir**
**Dóra Vigdís Vigfúsdóttir** — **Ámundi Sjafnar Tómasson**
**afa- og langafabörn.**

---

✝



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT H. JÓHANNSDÓTTIR**
**Presthúsabraut 30, Akranesi,**
**áður Meðalholti 9, Reykjavík,**

lést 9. nóvember á Sjúkrahúsi Akraness. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju í Reykjavík, þriðjudaginn 20. nóvember klukkan 13.00.

**Þorkell Kjartansson**
**Ása Sigurlaug Halldórsdóttir** — **Einar Óskarsson**
**Rakel Katrín Guðjónsdóttir**
**Halldór Pétursson** — **Mari Martínsen**

---

✝



Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**ERLINGS DAGSSONAR**
**fv. aðalbókara.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hrafnistu í Reykjavík.

**Þór Ingi Erlingsson** — **Margrét Sigurðardóttir**
**Vigdís Erlingsdóttir** — **Steinar Geirdal**
**Kristrún Erlingsdóttir**
**Jón Sverrir Erlingsson** — **Kristín Stefánsdóttir**
**Kjartan Erlingsson**
**Grétar Örn Erlingsson** — **Bryndís Anna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**ÞÓRA J. HÓLM**
**Álfheimum 42,**
**Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 12. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Magnús G. Pálsson**
**Karl Óskar Magnússon** — **Guðný Bjarnarsdóttir**
**Þóra Margrét Karlsdóttir** — **Magnús Gunnar Karlsson**

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HANNA G. JÓNSDÓTTIR**
**Laufskálum 12, Hellu, áður til heimilis að Hólmgarði 54 í Reykjavík,**

er látin. Útför hennar fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum samúð og vinarhug. Einnig viljum við þakka starfsfólki á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi fyrir einstaka umönnun.

**Einar Örn Hákonarson** — **Margrét Björnsdóttir**
**Jón Haukur Hákonarson** — **Svava Árdís Jóhannsdóttir**
**Kolbrún Hákonardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**GUÐLAUGAR OTTÓSDÓTTUR**
**Laugarnesvegi 87,**
**Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Guðjón Eyjólfsson**
**Eyjólfur Guðjónsson**
**Ottó Guðjónsson** — **Guðbjörg Sigurðardóttir**
**Karólína Guðjónsdóttir**
**Áslaug Guðjónsdóttir** — **Steinþór Pálsson**
**Gunnar Guðjónsson** — **Marta Svavarsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANN KR. ÁRNASON**
**skipasmiður,**
**Njörvasundi 30, Reykjavík,**

andaðist á Landakotsspítala 9. nóvember.
Útför hans fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 19. nóvember kl. 15. Blóm eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Sigríður Magnúsdóttir**
**Laufey Jóhannsdóttir** — **Skúli Gunnar Böðvarsson**
**Árni Jóhannsson** — **Theódóra Þórarinsdóttir**
**Kristján Jóhannsson** — **Jóhanna Jenný Bess Júlíusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




FJÖLNOTAPAPPÍR

Fyrir ljósritunarvélar, prentara,
fax- og fjölnotatæki.
80. gr

500 blöð í pakka.
5 pakkar í einum kassa.

**584 KR.**
VERÐ ÁÐUR
~~899 KR.~~

# MIKIÐ ÚRVAL DAGBÓKA




GORMADAGBÓK
PENNANS
2013 HVÍT

Gormadagbók með
viku á opnu

**1183 KR.**
VERÐ ÁÐUR
~~1690 KR.~~

# NÓVEMBER TILBOÐ PENNANS




Tilboð gilda út nóvember 2012.

MERKITÚSSPENNI ARTLINE 700 SVARTUR

Vatnsþolinn.
Hentar vel á pappa, plast,
gler, járn og gúmmí.

Sá allra vinsælasti !

**472 KR.**
VERÐ ÁÐUR
~~629 KR.~~

## ALLT FYRIR JÓLAGJAFAKÖRFUNA Á EINUM STAÐ

Nýttu þér góð verð og raðaðu í jólapakkann
eins og hentar þér og þínu fyrirtæki.

Við pökkum og skreytum fyrir þig !








**Fyrirtækjaþjónusta Pennans**

Við bjóðum þig velkomin/n í viðskipti.
Hafðu samband við þjónusturáðgjafa okkar í síma
540-2050 eða í gegnum netfangið pontun@penninn.is

**Penninn um land allt**

Verslanir Pennans og Eymundsson eru staðsettar um land
allt. Fjölbreytt úrval vara fyrir skrifstofuna og heimilið.
Við Hallarmúla 4 er ein stærsta ritfangaverslun á landinu.

www.penninn.is | sími 540 2000 | pontun@penninn.is

Penninn
Gæði á góðu verði

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** góna, **6.** ólæti, **8.** ískur, **9.** fálm, **11.** samtenging, **12.** rými, **14.** kjöt, **16.** sjó, **17.** mánuður, **18.** heyskaparamboð, **20.** átt, **21.** sjúkdómur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** atorka, **3.** tvíhljóði, **4.** fjölmiðlar, **5.** beita, **7.** raddbönd, **10.** blekking, **13.** er, **15.** ávöxtur, **16.** dæling, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gapa, **6.** at, **8.** urg, **9.** þat, **11.** en, **12.** pláss, **14.** flesk, **16.** sæ, **17.** maí, **18.** orf, **20.** nv, **21.** gigt.
**LÓÐRÉTT: 1.** kapp, **3.** au, **4.** pressan, **5.** agn, **7.** talfæri, **10.** tál, **13.** sem, **15.** kíví, **16.** sog, **19.** fg.


# Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

Fákafeni 9, 108 Reykjavík



**Skeifan 11, 108 Reykjavík**

**Til leigu um 840 m2 verslunar- og lagerhúsnæði á góðum stað við Skeifuna.** Húsnæðið skiptist í 321,6 m² verslun og 518 m² lager. Góðir sýningargluggar sem snúa út að götu eru í verslun. Lagerrýmið er með góðri lofthæð. Auðvelt er að opna á milli lagers og verslunar og ná fram heildstæðu verslunarrými. Næg bílastæði. **Laust fljótlega.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson löggiltur fasteignasali í s. 534 1024/897 7086 eða hmk@atvinnueignir.is**

534 1020
www.atvinnueignir.is



# Jólasagan þín

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna.

Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin.

Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistök frjáls. Sögur skal senda á netfangið jolasaga@frettabladid.is.

Skilafrestur er til 5. desember.

Í fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.

Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United.

Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.

tl.is TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ


# Átakalínur þjóðfélagsins

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Dýrin í Hálsaskógi Thorbjörns Egner eru bráðskemmtilegt barnaleikrit. Þá er boðskapur þess – öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir – sem sniðinn handa markhópnum. Öllu verri er boðskapurinn þó sem einhvers konar leiðarstef í þjóðmálaumræðu eins og sumir virðast halda hér á landi. Stundum láta álitsgjafar nefnilega eins og það séu engar átakalínur í íslensku þjóðfélagi. Það er barnaleg skoðun, öllum ætti að vera ljóst að mannlífið hér á landi er fjölbreytt og hagsmunir ólíkra hópa mismunandi. Öllum.

**EIN** skýr átakalína er til að mynda á milli höfuðborgar og landsbyggðar. Það er augljóst að fæstir höfuðborgarbúar hafa nokkra hugmynd um verðmætin sem búa í hinum dreifðu byggðum landsins. Kaffihúsaspekingarnir í póstnúmeri 101 hafa enda hvorki migið í saltan sjó né mokað flór. Svo ekki sé talað um landsbyggðarpakkið sem vill bora göng í öll fjöll og trúir því að það sé bara hagkvæmt að niðurgreiða landbúnað um fleiri milljarða á ári! Hagsmunir þessara hópa rekast á og það er afneitun að láta eins og fleira sameini þá en sundri.

**JAFNVEL** skýrari átakalína er milli kynslóða á Íslandi. Við höfum drakúla-kynslóðina sem stal sparifé foreldra sinna og lifði hátt á kostnað afkomendanna sem nú sitja í skuldasúpu. Kynslóð sem berst nú með kjafti og klóm gegn sanngjörnum hugmyndum um afskriftir stökkbreyttra lána. Var við öðru að búast? Við höfum einnig sjálfhverfu kynslóðina sem hefur sett fram þá freklegu kröfu að aðrir landsmenn borgi skuldirnar frá eyðslufylleríi hrunsáranna. Loks höfum við klámkynslóðina, sem ég tilheyri, sem virðist ætla að kasta fyrir róða öllum þeim gildum sem hingað til hafa verið talin góð og gild. Það er réttara að tala um stríð milli kynslóðanna en átök.

**LOKS** er þjóðin klofin í herðar niður eftir aðdáun á erlendum knattspyrnuliðum. Ætlast einhver til þess að United- og Liverpool-menn lifi bara í sátt og samlyndi?

**ÞAÐ** búa fleiri en ein þjóð í þessu landi. Enda kannski ekki skrítið, hér búa 320.000 manns. Það er mikill fjöldi og einfaldlega eðlilegt að í svo stórum hópi myndist átakalínur. Það er ekki eins og saga, menning, tunga, gildi, einkenni og handboltalið þjóðarinnar nægi til að bera klæði á vopnin. Þar fyrir utan eru átök ekki endilega af hinu slæma. Eins og Hegel benti á geta átök einmitt leitt af sér samstöðu. Þess vegna eigum við ekki að syrgja þá staðreynd að á Íslandi geisar stríð. Við eigum þvert á móti að taka til vopna og berjast fyrir eigin hagsmunum!

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# HIÐ MIKLA TEXTASAFN MEGASAR

Megas er einn afkastamesti og ástsælasti textasmiður okkar og hér eru í einni bók allir textarnir hans. Margir hafa verið á allra vörum um árabil en aðrir hafa hvergi birst áður.

**Gefin út með fjórum mismunandi kápum, full af skemmtilegum ljósmyndum og teikningum meistarans.**




ÞESSI KJÖRGRIPUR ER JÓLAGJÖF SAFNARANS Í ÁR

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

**Í dag kl. 17. verður útgáfunni fagnað í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi – allir velkomnir!**

- Skálað og skáldið skjallað
- Snilldargóð textabrot lesin upp
- Ari Eldjárn sprellar
- Megas tekur lagið með stórgóðu bandi

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL Í BÓNUS NÝTT KORTATÍMABIL Í BÓNUS
398 KR.
BÓNUS PIPARKÖKUR
400 GR
795 KR. KASSINN
JÓLAKLEMENTÍNURNAR KOMNAR ROBIN KLEMENTÍNUR 2,3 KG.
FORKRYDDAÐ TILBÚIÐ Í OFNINN
1398 KR. KG
KF ÍSLENSKT HEIÐALAMB JURTAKRYDDAÐ
NÝ REYKT
1598 KR. KG
KF KOFAREYKT LAMBALÆRI MEÐ BEINI
REYKT OG SALTAÐ
FOLALDAKJÖT MEÐ BEINI
598 KR. KG
SALTAÐ FOLALDAKJÖT
598 KR. KG
REYKT FOLALDAKJÖT
EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGABRINGUR
BESTU KAUPIN Í KJÚKLINGABRINGUM Í BÓNUS
1498 KR. 900 GR
BLANDAÐ HAKK
NAUT-LAMB-GRÍS
998 KR.KG
SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS
1259 KR KG.
1398 KR. KG
SS SALTAÐIR LAMBALEGGIR
1279 KR. KG
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
DÖNSK KJÚKLINGALÆRI
FROSIN OG ÚRBEINUÐ
Úrbeinuð kjúklingalæri
700 GRÖMM
1398 KR.
198 KR.
AMERÍSKAR PASTASÓSUR 680 GR
98 KR. 500 ML
EGILS APPELSÍN - PEPSI - PEPSI MAX
149 KR.
KOLSÝRT VATN 2 LTR.
ALI GRÍSASKANKAR
SALTAÐIR
398 KR.KG
REYKTIR
598 KR.KG
VETURINN ER KOMINN
ERTU VIÐBÚINN ?
RÚÐU-VÖKVI
5 LTR. RÚÐUVÖKVI ÞOLIR 9 GRÁÐU FROST
498 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPNUM KL.10

# Tökum höndum saman

**Bónus og Kaupfélag skagfirðinga** hafa ákveðið að leggja þeim bændum lið sem urðu hvað verst úti í hamförunum fyrr í haust.

Nú um helgina munu **200 kr**. af hverju seldu kílói af frosnu lambakjöti frá Kaupfélagi skagfirðinga í verslunum Bónus renna óskipt til styrktar þessum bændum.



K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT I.FL.
798 KR.KG.



K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR
1879 KR.KG.



K.S FROSINN LAMBABÓGUR
898 KR.KG.



K.S FROSIN LAMBAHJÖRTU
298 KR.KG.



K.S FROSIN LAMBASVIÐ
229 KR.KG.



K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
1359 KR.KG.



K.S FROSIÐ LAMBAFILLET
3798 KR.KG.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

**LEIÐSÖGN Í HAFNARBORG** Boðið verður upp á leiðsögn klukkan 12 í dag um sýningu Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Lauslega farið með staðreyndir – sumt neglt og annað saumað fast, og sýningu Þuríðar Rósar Sigurþórsdóttur, Hinumegin. Báðar sýningarnar standa nú yfir í Hafnarborg og er aðgangur ókeypis.

# Ragnheiður ráðin leikhússtjóri LA

Ragnheiður Skúladóttir verður leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar, LA, frá og með næstu áramótum. Ragnheiður hefur gegnt hlutverki listræns stjórnanda leikfélagsins. „Ég hóf störf í vor og hef verið í hálfu starfi, nú verð ég leikhússtjóri í fullu starfi,“ segir Ragnheiður sem hlakkar til að fá tækifæri til að vinna áfram með þau mál sem hún hefur hug á.

„Ég ætla að halda áfram því metnaðarfulla leikhússtarfi sem ég er byrjuð á. Ég hef viljað leggja áherslu á leiðandi hlutverk leikfélagsins utan höfuðborgarsvæðisins, ég vil að við séum miðstöð fyrir atvinnu og áhugaleikhópa á svæðinu. Svo hef ég lagt áherslu á vinnustofur sem ganga út á að við fáum til okkar málsmetandi listamenn til að vinna að sínum hugðarefnum. Við viljum með öðrum orðum að leikhúsið sé samkomuhús sem flestir eiga erindi í.“


RAGNHEIÐUR SKÚLADÓTTIR

Tilkynnt var um ráðningu Ragnheiðar í gær og kom þá fram að stjórn LA teldi Ragnheiði réttu manneskjuna til að leiða endurreisn Leikfélags Akureyrar á erfiðum tímum. Ragnheiður var ráðinn til tveggja ára en í lögum félagsins segir að leikhússtjóri skuli ráðinn að undangenginni auglýsingu til þriggja ára. Afráðið var að fara þá leið að ráða Ragnheiði án auglýsingar og til tveggja ára í ljósi þeirra aðstæðna að mögulegt er að starfsemi LA breytist á næstunni vegna aukins samstarf menningarstofnana á Akureyri.

Dagur íslenskrar tungu



„Málblíðar mæður, hnjúkafjöllin himinblá og tunglmyrkvar Júpíters.“

*Jónasarvaka í Þjóðmenningarhúsinu kl. 17.15 í dag*

Menningarfélagið Hraun í Öxnadal og Þjóðmenningarhúsið halda hina árlegu Jónasarvöku. Þá er Jónasar Hallgrímssonar, skálds og náttúruvísindamanns, minnst á ýmsan hátt og verður dagskráin að þessu sinni sem hér segir:

Markús Örn Antonsson, forstöðumaður Þjóðmenningarhússins, setur samkomuna.

Dr. Guðrún Kvaran, stofustjóri orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, flytur erindið „Málblíðar mæður, hnjúkafjöllin himinblá og tunglmyrkvar Júpíters.“

Jónas Hallgrímsson er óumdeilanlega eitt af ástsælustu skáldum þjóðarinnar. Ein ástæða þess að ljóð hans urðu jafn vinsæl og raunin er felst í því hve góður orðasmiður hann var. Hann hafði næmi fyrir blæbrigðum tungumálsins sem gerði honum kleift að tjá hugsanir sínar og annarra með nýjum orðum sem þó virtust gamalkunn og eins og hluti af grunnorðaforða málsins. En Jónas orti ekki aðeins ljóð. Hann var afbragðs þýðandi og skrifaði einnig um fræðasvið sitt, náttúrufræðina. Á þessum vettvangi vantaði orð til að koma efni til skila til almennings og þau myndaði Jónas leikandi létt.

Í erindinu verða sýnd dæmi um orðasmíð Jónasar í ljóðum og lausu máli.

Björg Þórhallsdóttir, sópran, syngur lög við ljóð Jónasar við undirleik Hilmars Arnar Agnarssonar. Að einsöng loknum syngja allir saman Vísur Íslendinga.

Kynnir er Tryggvi Gíslason, formaður menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal.

Allir eru velkomnir á samkomuna og aðgangseyrir er enginn.

# LÍF FLESTRA ER ALVEG SKELFILEG VONBRIGÐI

**Málarinn eftir Ólaf Gunnarsson er mikil örlagasaga eins og búast má við frá hans hendi. Söguefnið rifjar upp smásöguna Kjarvalsmálverkið í Meistaraverkinu, smásagnasafni Ólafs frá í fyrra. Varð sú saga kveikjan að skáldsögunni?**

Ekki beint. Sumarið 2004 gerði ég fyrstu tilraunina til að skrifa þessa bók. Sagan í Meistaraverkinu varð til úr þeirri tilraun. Á þeim tíma komst ég ekki lengra með hana. Ég byrja oft á skáldverkum en kemst svo að því að þau lifa ekki. Eins og Norman Mailer sagði einhvern tíma: „Á köldum morgni er dálítið ónotalegt að komast að því að maður er kominn 150 síður í öfuga átt inn í skáldsögu.“ Þannig að þarna 2004 hætti ég að skrifa þessa sögu og skrifaði Höfuðlausn sem er mjög persónulegt verk.“


**ÖÐRUVÍSI SKRIFUÐ** Ólafur segir Málarann einu skáldsögu sína sem einungis sé sögð frá einu sjónarhorni og að það hafi verið skemmtileg nýbreytni að glíma við það form. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Kom fullsköpuð**

Þessi hefur samt greinilega ekki látið þig í friði. „Nei, hún var að malla í undirmeðvitundinni. Svo kom hún mjög snögglega og fullsköpuð upp í meðvitundina. Ég gat bara gert eins og Dickens; nóterað niður út á hvað hún gekk og nokkurn veginn fylgt því, án þess þó að missa niður spennuna fyrir því hvað væri að fara að gerast, það var ekkert niðurnjörvað.“

Hvernig vinnurðu, sérðu söguna fyrir þér eins og bíómynd? „Nei, það er frekar eins og innri rödd sem stjórnar henni og trixið er að hafa ekki hemil á röddinni. Það gengur til dæmis ekki fyrir mig að stíla söguna málsgrein eftir málsgrein á meðan hún er að verða til, þá frýs allt. Ég verð einfaldlega bara að leyfa henni að flæða. Stíllinn kemur með söguefninu en ekki öfugt.“

**Interessant klofningur**

Söguhetjan Davíð er mjög upptekinn af því að verða meðtekinn af listaelítunni, skiptir það listamenn svona miklu máli? „Ég hugsaði þessa sögu nú ekki út frá því þema, en maður hefur svo sem oft orðið vitni að því að fólk gerir eitthvað, bæði innan listaheimsins og víðari veraldar, og verður síðan reitt yfir því að því sé ekki tekið á réttum forsendum. Klassískt dæmi er reiði reyfarahöfunda yfir því að höfundar í öðrum sjangra séu metnir hærra en þeir. Engu að síður hafa þeir valið sjálfir að skrifa í þessum sjangra. Þetta finnst mér interessant klofningur.“

En skiptir það máli í sögunni að Davíð er listamaður? „Þegar þessi saga kom aftur til mín var hann reyndar bakari. Hann var bakari í heilt ár, en svo kom það til mín að auðvitað átti hann að vera málverkafalsari. Málari sem falsar málverk og missir um leið æruna fullkomlega gagnvart sjálfum sér. Þegar sú uppgötvun var komin gat ég skrifað bókina. Það var mómentið. Eftir það þaut sagan áfram eins og járnbrautarlest.“

**Plönum ekki synd**

Kolbrún Bergþórsdóttir sagði í Kiljunni að þú værir svo vondur við sögupersónurnar þínar, hvað finnst þér um að? „Kannski ég sé bara maður sem er yfirleitt vondur við eigin persónur

> Kannski ég sé bara maður sem er yfirleitt vondur við eigin persónur.

en ef fólki líkar það ekki er nóg af höfundum sem eru góðir við sínar persónur. Vissulega gerast hræðilegir hlutir í þessari sögu en ekki þó svo slæmir að það hafi ekki margt verra gerst í veröldinni. Vandamálið við að skrifa hér á Íslandi er hvað „bærinn“ er lítill, það þykjast allir þekkja söguefnið. En ég held að rithöfundur geti aldrei skrifað um annað en það sem fasínerar hann, annars einfaldlega deyr textinn í höndunum á honum. Ég hef alltaf heillast af því hvernig tilviljanirnar í lífinu marka þá stefnu sem það tekur. Ég held að óhappafólk sé ekkert öðruvísi en annað fólk nema fyrir það eitt að hafa lent í óhappi sem skilgreinir það og þá er engin leið til baka. Það sem við innan gæsalappa mundum kalla synd er ekki eitthvað sem við plönum. Það er bara eitthvað sem gerist og þú sérð ekki fyrr en eftir á. Fólk leggur af stað fullt bjartsýni og heldur að veröldin bíði þess galopin, en líf flestra er alveg skelfileg vonbrigði. Ég er ekki þar með að segja að það sé ekki þess virði að lifa því en það verður ekkert horft fram hjá því að tilveran er erfið.“

**Skrifuð eins og kvikmynd**

Þú hefur oft verið talinn trúarlegastur íslenskra skálda, að bækur þínar fjalli til dæmis mikið um synd og refsingu. Er það þema ein grunnhugmyndin að þessari bók? „Það held ég ekki. Í stuttu máli má segja að grunnhugmyndin að þessari bók sé að við göngum svo oft milli bols og höfuðs á því sem síst skyldi í lífi okkar. Ég veit reyndar ekki hvort þessi syndarhugsun er nokkuð trúarleg. Þetta þema kemur fram strax í ásatrúnni.

Þetta verk er hins vegar allt öðruvísi skrifað en aðrar bækur mínar, dálítið eins og kvikmynd. Þetta er líka fyrsta langa skáldsagan mín sem er bara sögð frá einu sjónarhorni.

Aksjónin í henni er útpæld og konstrúeruð þannig að hún byrjar sem raunsæisskáldsaga en er það samt ekki heldur nokkurs konar hyper-realismi og hraðinn eykst skref af skrefi. Ég er einna ánægðastur með það. Nú er bara spurningin hvað ég ætti að gera næst.“

fridrikab@frettabladid.is

# DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

Ef þú kaupir **ð ævisögu** og ert með stafinn **ð** í nafninu þínu þá færðu sérframleitt **ðúkkulaði** frá Nóa Síríus í kaupbæti!

Sagan af því hvernig útdauður bókstafur varð óaðskiljanlegur hluti íslensku nútímans er ævintýraleg og fáum kunn.




Tilboð
kr. 4.499
Verð 6.499 kr.




Tilboð kr. **3.999,-**
**Handbók um íslensku**
Verð kr. 4.999,-




Tilboð kr. **7.999,-**
**Íslensk samheitaorðabók**
Verð kr. 9.999,-




Tilboð kr. **4.399,-**
**Stafsetningarorðabók**
Verð kr. 5.499,-




Tilboð kr. **7.999,-**
**Íslensk orðabók**
Verð kr. 9.999,-

Tilboð gildir til og með 21.11.12 eða meðan birgðir endast.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

Eymundsson
Bóksali frá 1872
140 ára

# Saga um vandræðagang




Bækur ★★★★☆

**ð ævisaga**

Stefán Pálsson, Anton Kaldal Ágústsson, Gunnar Vilhjálmsson og Steinar Ingi Farestveit

**Crymogea**

ð ævisaga er eins og nafnið ber með sér saga bókstafsins ð, sem eins og segir í bókinni snýst að miklu leyti um „mistök og vandræðagang í samskiptum við fólk sem ekki notast við þennan óvenjulega bókstaf og hefur jafnvel ekki hugmynd um tilvist hans“.

Á kápu er efni bókarinnar lýst eins og um Hollywood-spennusögu sé að ræða og rætt er um viðburðaríkt líf ð-sins, fæðingu þess, dauða og upprisu. Því öllu saman eru gerð skil í bókinni, í sögu sem berst heimshorna á milli, á árþúsunda tímabili.

Höfundar eru fjórir. Þrír þeirra eru grafískir hönnuðir en sá fjórði er sagnfræðingur, Stefán Pálsson. Í bókinni kemur fram að hönnuðirnir þrír hafa allir rannsakað hver um sig ákveðin tímabil í þróunarsögu bókstafsins með tilliti til nútíma leturhönnunar, og þær rannsóknir liggja til grundvallar efni bókarinnar.

Bókin er ríkulega myndskreytt og hönnunin er fyrsta flokks. Kápa, pappír, brot og letur er allt vandlega valið, og bókin því mjög eigulegur gripur. Þó bókin sé saga ð-sins, þá er hún líka saga ýmissa annarra hluta. Hún er saga prentlistarinnar á Íslandi, hún er saga leturs og stafrófa. Hún er líka saga einstakra annarra stafa eins og þ-sins, zetunnar og ý-sins. Þetta er einnig saga staðla, og nútíma stafasetta. Vegir allra þessara sagna liggja að lokum til ð-sins, aðalhetju sögunnar, en á köflum dettur þráðurinn niður þegar aðdragandinn verður of langur og fær á sig yfirbragð kennslubókartexta, þó lipur sé. Skemmtilegar dæmisögur lífga textann við, t.d. sögurnar af tungumálinu elfdölsku, tónlistarmanninum Prince og fótboltamanninum Gylfa Sigurðssyni.

Ótal skemmtilegir fróðleiksmolar eru í bókinni, eins og til dæmis sögur, eða tilgátur, um þátt Rasmusar Kristjáns Rask í endurvakningu ð-sins inn í íslenskt mál í byrjun 19. aldarinnar, og sagan af því þegar Jón Baldvin Hannibalsson átti í deilum við Tyrki í aðdraganda EES-samningsins, til að halda íslensku stöfunum í alþjóðlegum stafatöflum.

Ekki má heldur gleyma hönnunarfræðilegum þætti bókarinnar, en fyrir áhugamenn er gaman að lesa um sveigjur, beygjur, gegnumstrik og stungur í stafnum sjálfum, og annað er snýr að því útlitslega.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Falleg og fróðleg bók og skemmtileg á köflum, en herslumuninn vantar til að hugmyndin gangi fullkomlega upp.






**SÝNINGAR** Þrándur Þórarinssonar listmálari á vinnustofu sinni.

## Þrándur sýnir í Gamla bíói

**Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður opnar málverkasýninguna Eintal í Svítunni í Gamla bíói á laugardag.**

**Flestar myndirnar á sýningunni sækja innblástur í Snorra-Eddu og eru allar málaðar í endurreisnarstíl. Æsir og jötnar koma mikið við sögu og sérstök sería er um hvarf Iðunnar og æskuepla hennar.**

**Þrándur hóf nám við LHÍ árið 2000, hætti þar og fór í læri hjá norska málaranum Odd Nerdrum næstu fjögur ár. Þrándur hefur starfað alfarið við myndlist síðan 2008 og haldið einkasýningu árlega frá þeim tíma. Efnivið verka sinna sækir Þrándur gjarnan í gömul og þjóðleg stef og menningararf, svo sem Íslendingasögur og þjóðsögur.**

**Sýningaropnun á laugardag er klukkan 17.**

## Víkingur og Kristinn fagna Vetrarferðinni

Kristinn Sigmundsson og Víkingur Heiðar Ólafsson halda tónleika í Norðurljósasal Hörpu í kvöld.



**VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON**

Tilefnið er tvöföld útgáfa á hljóð- og mynddiski með upptöku af annars vegar flutningi þeirra á Vetrarferð Schuberts, sem fram fór fyrir fullum Eldborgarsal sumarið 2011, og hins vegar flutningi þeirra á sama verki sem þeir tóku upp í hljóðveri síðar sama ár.



**KRISTINN SIGMUNDSSON**

Kristinn og Víkingur flytja nýja efnisskrá í kvöld: Dichterliebe eftir Schumann, valin ljóð eftir Hugo Wolf og Lieder eines fahrenden Gesellen eftir Mahler.

# Ástin, fortíðin, pólitíkin og allt hitt á Bókamessu

„Markmiðið er fyrst og fremst að sýna fram á þá gróskumiklu og breiðu flóru sem íslensk bókaútgáfa býður upp á,“ segir Kristín Viðarsdóttir verkefnisstjóri um bókamessu sem Félag íslenskra bókaútgefenda og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO halda í Ráðhúsi Reykjavíkur á laugardag og sunnudag.

Þetta er í annað sinn sem slík bókamessa er haldin; í fyrra fór hún fram í Ráðhúsinu og Iðnó en að þessu sinni var ákveðið að hafa alla dagskrána á einum stað. Á messunni gefst bókaunnendum færi á að kynna sér það sem í boði er á útgáfulistum forlaganna, spjalla við höfunda, hlýða á upplestra og margt fleira. Þrjár pallborðsumræður eru meðal annars á dagskrá. Á laugardag ræðir Eiríkur Guðmundsson við fjóra rithöfunda í spjalli um nýjar skáldsögur þeirra, þær Auði Övu Ólafsdóttur, Kristínu Ómarsdóttur, Sigurbjörgu Þrastardóttur og Steinunni Sigurðardóttur, þar sem sjónum er beint að ástinni í verkum þeirra. Á sunnudag stýrir Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, umræðum um nokkrar skáldsögur sem tengjast sögu eða sagnaarfi okkar Íslendinga. Hún fær til liðs við sig Einar Kárason, Eyrúnu Ingadóttur, Kristínu Steinsdóttur, Pétur Gunnarsson og Vilborgu Davíðsdóttur. Sama dag ræðir Guðni Th. Jóhannesson við þá Styrmi Gunnarsson og Svavar Gestsson um nýjar bækur þeirra í sal borgarstjórnar en þetta kvað vera í fyrsta sinn sem boðið er upp á dagskrá af þessum toga þar.

Fjölmargir aðrir viðburðir eru á dagskrá fyrir fullorðna og börn og segir Kristín að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni Bokmenntaborgin.is.



**KRISTÍN VIÐARSDÓTTIR** Segir Bókamessuna í Ráðhúsinu skipulagða með það fyrir augum að allir finni eitthvað við sitt hæfi, enda komi út bækur um allt milli himins og jarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 16. nóvember 2012**

### Fundir

**12.15** Lagadeild HR í samstarfi við lagadeildir HÍ, HA, Háskólans á Bifröst og fleiri boða til fundar í dómsal Háskólans í Reykjavík (M-103). Fjallað verður um niðurstöður sérfræðihóps um stjórnarskrárdrögin og næstu skref.

**15.00** Fundur verður haldinn í sal V101 Háskólans í Reykjavík um áhrif hnattrænna loftslagsbreytinga á umhverfið og samfélag manna. Fundurinn er öllum opinn.

### Upplestur

**12.10** Einar Már Guðmundsson og Björn Jóhann Björnsson lesa úr bókum sínum í húsnæði Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8. Boðið verður upp á te, kaffi og brauð.

### Málþing

**17.00** Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, heldur dag íslenskrar tungu hátíðlegan með fjölbreyttu málþingi í Árnagarði við Suðurgötu, í stofu 301. Einar Kárason og Dagur Hjartarson munu lesa upp úr verkum sínum og Svavar Knútur tekur lagið. Allir velkomnir.

### Tónlist

**12.15** Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari og Ásthildur Haraldsdóttir flautuleikari spila á tónleikaröðinni Klassík í hádeginu í Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

**12.30** Björn Thoroddsen og Hjörtur Stephensen gítarleikarar koma fram á hádegistónleikum í Háteigskirkju. Miðaverð er kr. 1.000.

**21.00** Árleg Jukejoint-hátíð The Lame Dudes fer fram á Hressó við Austurstræti. Rifjuð verður upp tónlist af plötunni Hversdagsblúminn auk þess sem spiluð verða lög af óútgefnum diski. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Jónas Sigurðsson og Ómar Guðjónsson verða á Mölinni, mánaðarlegri tónleikaröð á Malarkaffi á Dranganesi. Auk þeirra mun tónlistarmaðurinn Borko koma fram. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**22.00** Hljómsveitirnar Murrk og Ferja spila á Dillon. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Chris Cornell tribute-tónleikar verða haldnir á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir halda tónleika á Café Rosenberg. Flunkuný lög í bland við hundgömul. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

**23.00** Magnús Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

**23.00** Rafpoppkvintettinn Kiriyama Family, raftónlistarmaðurinn M-band og Ensími spila á Faktorý. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.59** Hljómsveitin Span heldur órafmagnað ball á Gullöldinni, Hverafold. Skemmtileg og hressandi lög og gleði út í eitt. Aðgangseyrir kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.00** John Bachtler, prófessor í Evrópufræðum, og Kari Aalto, forstöðumaður Evrópuskrifstofu Norður-Finnlands, tala á fyrirlestri í stofu 201 í Odda, Háskóla Íslands. Umræðuefni fundarins er byggðarstefna ESB og Ísland en hann er á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Fundurinn fer fram á ensku en aðgangur er öllum heimill, að kostnaðarlausu.

**20.00** Bíbí Ólafsdóttir heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Þegar maðurinn kemst í samband við sitt eigið sjálf. Fyrirlesturinn fer fram í húsi Lífspekifélagsins að Ingófsstræti 22.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**



popp@frettabladid.is



**26 MÁNUÐIR ERU SÍÐAN** breska söngkonan Cheryl Cole skildi við fótboltakappann Ashley Cole en hún er nú búin að kaupa hús með nýja kærastanum sínum, dansaranum Tre Holloway.

# Sjötíu manna Todmobile-rokk

„Flækjustigið er afar mikið en með góðu fólki þá gengur þetta upp," segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson í Todmobile.

Hljómsveitin heldur sína árlegu tónlistarveislu í Eldborgarsal Hörpu í kvöld. Henni til stuðnings verður kammersveitin sem sá um hljóðfæraleik í sýningu Þjóðleikhússins á Vesalingunum, auk fjörutíu manna kórs. Todmobile verður einnig fjölmennari en áður því slagverksleikarar, bakraddasveit, hljóðgervilsleikarar og fleiri aðstoða sveitina. Samanlagt verða um sjötíu manns á sviðinu þegar mest lætur.

Stífar æfingar hafa staðið yfir í Eldborg að undanförnu. „Að geta æft þetta í Eldborg og stillt af sándið með tæknifólkinu er gríðarlega mikilvægt," segir Þorvaldur Bjarni. „En svo það sé á hreinu þá er fólk ekkert að fara að mæta á einhverja 18. aldar kammertónleika. Við erum að „blasta" Todmobile-rokkinu algjörlega. Rokkbandið verður stundum sér en stundum verður bara klassíska sveitin. Í stærstu lögunum, t.d. Betra en nokkuð annað, verðum við með rokksveitina, kammersveitina og svo fjörutíu manna kór."

Þorvaldi Bjarna líkar vel við Eldborg en Todmobile spilaði þar í fyrsta sinn í fyrra. „Þetta er svolítið okkar heimavöllur. Þetta er akkúrat stærðin sem hentar okkur rosalega vel." Nokkrir miðar eru eftir á tónleikana og fást þeir á Harpa.is og Midi.is. **- fb**



**TODMOBILE** Hljómsveitin stígur á svið í Eldborgarsalnum í kvöld.

# Togstreita á númer sjö

Stafrænn Hákon er að gefa út sína sjöundu plötu, Prammi. Hugmyndin með henni var að búa til togstreitu á milli þungs hljóðheims og örlítið léttari hljóðheims sem mátti greina á síðustu plötu Stafræns Hákonar, Sanitas.

Forsprakkinn Ólafur Josephsson hefur frá árinu 2001 gefið út margar plötur, ýmist sem Stafrænn Hákon, Per:Segulsvið og Calder. Hann er einnig meðlimur í Náttfara sem gaf út plötu á síðasta ári.

Hægt er að nálgast Pramma á Gogoyoko og Bandcamp. Gríska jaðarútgáfan Sound in Silence gefur hana einnig út í takmörkuðu upplagi.



**NÝTT EFNI** Stafrænn Hákon er að gefa út sína sjöundu plötu. MYND/VALDÍS THOR



**SÉRSTAKUR OG SKEMMTILEGUR STÍLL** Þau Bjartey, Guðný og Smári sem skipa þjóðlagasveitina Ylju eru hvergi bangin við jólaplötuflóðið en fyrsta plata sveitarinnar kemur út í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# SJÁLFLÆRÐ Á HLJÓÐFÆRI

**Þjóðlagasveitin Ylja hefur vakið verðskuldaða athygli undanfarið en þau Guðný, Bjartey og Smári gefa út sína fyrstu plötu í dag.**

„Persónulega hefur mér aldrei farið jafn hratt fram á gítar og eftir að ég byrjaði í Ylju enda eru stelpurnar snillingar á gítar og ég læri mikið af þeim," segir Smári Tarfur Jósepsson sem ásamt þeim Guðnýju Gígju Skjaldardóttur og Bjarteyju Sveinsdóttur er í þjóðlagasveitinni Ylju.

Sveitin gefur út sína fyrstu plötu í dag en hún hefur vakið athygli fyrir sérstakan og skemmtilegan stíl. Ylja var stofnuð af Guðnýju og Bjarteyju fyrir Söngvakeppni Flensborgarskólans árið 2008 en í fyrra bættist Smári Tarfur í hópinn og spilar á svokallaðan „slide-gítar".

„Ekkert okkar hefur lært á hljóðfæri og höfum við í raun fikrað okkur áfram sjálf frá fyrsta degi og notið stuðnings hvert frá öðru," segir Bjartey.

Meðlimir sveitarinnar eiga fleira sameiginlegt en tónlistina. Þau vinna öll hvert á sínum leikskólanum í Vesturbænum og nýta allar frístundir sínar í hljómsveitina.

Upptökur á plötunni, sem ber einfaldlega heitið Ylja, hófust í fyrrahaust en átta af tíu lögum plötunnar voru tekin upp í september. „Eftir smá þreifingar ákváðum við að taka upp plötuna öll saman enda fannst okkur viss tengsl á milli meðlima tapast ef við færum að taka upp hvert í sínu lagi. Við teljum það gefa plötunni mjög sterkan lifandi blæ," segir Guðný Gígja en þær Bjartey semja öll lögin á plötunni fyrir utan eitt sem er samið af Smára.

Lag sveitarinnar, Út, hefur verið sérstaklega vinsælt undanfarið og fengið mikla útvarpsspilun. Vinsældir lagsins komu hljómsveitarmeðlimum skemmtilega á óvart. „Okkur grunaði þó að þetta lag væri grípandi enda hefur það vakið töluverða lukku á tónleikum. Persónulega hefur mér alltaf þótt þetta vel samið lag hjá stelpunum og ég er ekki frá því að sólóið sé mitt best heppnaða gítarsóló frá upphafi," segir Smári og fullyrðir að þau séu hvergi smeyk við að demba sér í jólaplötuflóðið í ár. „Aðalatriðið er að við séum sátt við útkomuna og svo er allt hitt bara bónus."

**alfrun@frettabladid.is**

## TÓNLEIKATÚR YLJU UM ÍSLAND

**Föstudagur 16. nóv.:** Stykkishólmur – Stykkishólmskirkja
**Laugardagur 17. nóv.:** Patreksfjörður – Sjóræningjahúsið
**Föstudagur 30. nóv.:** Hvammstangi – Kirkjan
**Laugardagur 1. des.:** Akureyri – Hlaðan, Litla-Garði
**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Í REYKJAVÍK**
**Fimmtudagur 6. des.:** Kex Hostel




# Ráðgátan Rodriguez

Bíó ★★★★★

**Searching for Sugar Man**

Leikstjórn: Malik Bendjelloul

Í upphafi 8. áratugarins sendi bandaríska söngvaskáldið Rodriguez frá sér tvær breiðskífur. Gagnrýnendur héldu vart vatni en almenningur var áhugalaus og plöturnar seldust ekkert. Útgáfufyrirtækið losaði sig við söngvarann og hann féll í gleymskunnar dá. En fyrir tilviljun sló fyrri platan í gegn í Suður-Afríku, og þar í landi vissu aðdáendur Rodriguez ekki neitt um goðið. Misvísandi frásagnir af andláti hans gengu manna á milli, sem og sjóræningjaútgáfur af plötunni, og í lok aldarinnar ákváðu tveir af hans dyggustu fylgismönnum að reyna að leysa ráðgátuna um þennan dularfulla listamann og andlát hans.

Með stórmerkilega sögu að vopni brýst leikstjórinn og nýgræðingurinn Malik Bendjelloul fram á sjónarsviðið með þessa frábæru heimildarmynd. Ekki er mikið til af myndefni með Rodriguez sjálfum og eykur það töluvert á dulúðina. En þrátt fyrir skort á hráefni fer leikstjórinn létt með það að segja söguna, og brúar hann bilið með viðtölum. Viðmælendurnir koma úr öllum áttum og eru allir jafn gáttaðir á því að ferill tónlistarmannsins hafi ekki náð flugi. Þetta skreytir Bendjelloul með örstuttum teiknuðum atriðum, landslagsmyndum og að sjálfsögðu tónlist söngvarans.

Frásögnin er óaðfinnanleg með öllu og upplýsingaflæðið er stöðugt og stígandi. Ýmsum mikilvægum upplýsingum er sleppt þar til þær eru tímabærar, en þó finnst áhorfandanum aldrei sem verið sé að slá ryki í augu hans. Þá held ég að það hafi gert upplifun mína jafnvel betri, að þekkja ekki söguna og viðfangsefnið fyrir fram. Gerir þú það ekki heldur hvet ég þig til að sleppa því alfarið. Taktu sénsinn, því Searching for Sugar Man er ógleymanleg.

**Haukur Viðar Alfreðsson**



**RODRIGUEZ** „Með stórmerkilega sögu að vopni brýst leikstjórinn og nýgræðingurinn Malik Bendjelloul fram á sjónarsviðið með þessa frábæru heimildarmynd," segir hæstánægður gagnrýnandi Fréttablaðsins um Searching for Sugar Man.

**Niðurstaða:** Dularfull, á köflum eilítið óhugguleg, en fyrst og fremst alveg frábær.

# Gott dæmi um verðsamanburð

**VERSLAÐ ERLENDIS**
Boston, MA USA

* * * * * * * * * * * * KASSAKVITTUN * * * * * * * * * * * *

| Lýsing | Magn | Ein. Verð | Samtals verð |
|---|---|---|---|
| Nike Legend Tight Fit kvennabuxur | 1 | $60,00 | 7.754 |
| Nike Manchester United treyja 12-13 | 1 | $85,00 | 10.985 |
| Nike Mercurial Vapor VIII FG | 1 | $220,00 | 28.433 |
| Nike Pro Combat Stuttermabolur | 1 | $30,00 | 3.877 |
| Adidas Duramo 4 hlaupaskór | 1 | $65,00 | 8.401 |
| adidas Chelsea FC treyja 12-13 | 1 | $85,00 | 10.985 |
| adidas Kanadia Trail skór | 1 | $65,00 | 8.401 |
| adidas Respnse 3/4 Running Pants | 1 | $45,00 | 5.816 |
| Samtals vörur | | | 84.652 |
| Boston söluskattur 6,25% | | | 5.291 |
| VSK í rauða hliðinu | | | 6.360 |
| Samtals erlendar vörur | | | 96.303 kr. |
| Flug fyrir 2 með Icelandair fram og til baka KEF-BOS fyrir 2 15.-18. nóv | 2 | 121.330 | 242.660 |
| Hótel gisting á 3 stjörnu hóteli í Boston 15.-18. nóv | 3 | $227,00 | 86.521 |
| Samtals Ferðalög | | | 329.181 |
| Samtals jólainnkaup | | | 425.484 |

** Einungis hægt að skila erlendis

Sótt 29. okt á Icelandair.is
Holiday Inn Boston at Beacon Hill sótt 29. okt 2012 á Price...
1 USD = 129,24 skv Sedlabanki.is sótt 15. nóv. 2012.
Nike verð eru fengin af Nike.com sótt 15. nóv. 2012.
Adidas verð eru fengin af adidas.com sótt 15. nóv. 201...

**SPORTS DIRECT.com**

Sportsdirect.com Ísland
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi
Sími 571-3000

KASSAKVITTUN

| Lýsing | Magn | Verð |
|---|---|---|
| Nike Legend Tight Fit kvennabuxur | 1 | 7.590 |
| Nike Manchester United treyja 12-13 | 1 | 11.890 |
| Nike Mercurial Vapor VIII FG | 1 | 34.690 |
| Nike Pro Combat Stuttermabolur | 1 | 4.990 |
| Adidas Duramo 4 hlaupaskór | 1 | 8.990 |
| adidas Chelsea FC treyja 12-13 | 1 | 11.890 |
| adidas Kanadia Trail skór | 1 | 12.890 |
| adidas Respnse 3/4 Running Pants | 1 | 6.790 |
| Samtals vörur | | 99.720 kr. |
| Þar af VSK 25,5% | | 20.262 |

ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN

| | |
|---|---|
| Samtals jólainnkaup | 99.720 |

EINUNGIS **3.417 kr.** MUNUR

VIÐ TRYGGJUM
**LÁGT VERÐ**

**Íslendingar eiga ekki bara að versla heima á Íslandi af góðmennsku við kaupmenn heldur eiga þeir að hugsa um budduna og versla þar sem það er hagstæðast fyrir þá.**

Með því að vera hluti af stærstu íþróttaverslunarkeðju Bretlands getur Sports Direct boðið samkeppnishæf verð á heimsmarkaði – hér á Smáratorgi!

Þess vegna er Sports Direct ódýrast – **gerið samanburð!**

**SPORTS DIRECT.com**

**SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI**
WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

Slazenger LONSDALE LONDON

# Frumsýningar fimm ár í röð

**Síðasta myndin í Twilight-ævintýrinu verður heimsfrumsýnd í kvöld. Ýmislegt hefur breyst frá því að fyrsta myndin var frumsýnd árið 2008 og nöfn á borð við Robert Pattinson, Kristen Stewart og Taylor Lautner voru sama og óþekkt. Öll hafa þau elst vel á síðustu fimm árum og útlitið tekið miklum breytingum. Hér má sjá breytinguna á aðalleikurunum þremur, miðað við hvernig þau hafa mætt til fara á frumsýningarnar á myndunum fimm.**

## KRISTEN STEWART




## TAYLOR LAUTNER




## ROBERT PATTINSON






UNDANTEKNINGIN EFTIR AUÐI ÖVU ÓLAFSDÓTTUR

# „OPINBERUN“

–LE MONDE UM AFLEGGJARANN



Flóki, eiginmaður söguhetjunnar kemur út úr skápnum og flytur til nafna síns og samstarfsmanns. Í kjallaranum býr dvergurinn Perla sem leggur stund á hjónabandsráðgjöf og ritstörf og situr ekki á sínum góðu ráðum.

**Auður Ava Ólafsdóttir** er stjórstjarna í evrópskum bókmenntaheimi. **Afleggjarinn** og **Rigning í nóvember** hafa farið sannkallaða sigurför.

„Býr yfir sjaldgæfum töfrum“
–LIBERATION

NÝ SKÁLDSAGA EFTIR HÖFUND METSÖLUBÓKARINNAR AFLEGGJARINN

2. SÆTI
Eymundsson metsölulistinn
07.11.12 - 13.11.12
Innbundin skáldverk, ljóðabækur & hljóðbækur

BJARTUR




DYNAMO REYKJAVÍK

# FIRNASTERKUR HÖFUNDUR

Tónlist ★★★★☆

**Jónas Sigurðsson og Lúðrasveit Þorlákshafnar**

Þar sem himin ber við haf

**Eigin útgáfa**



JÓNAS SIGURÐSSON Þar sem himin ber við haf er ein af betri plötum ársins að mati gagnrýnanda.

Þar sem himin ber við haf er þriðja plata Jónasar Sigurðssonar og sú fyrsta frá því að hann gaf út hina frábæru Allt er eitthvað fyrir tveimur árum. Blásturshljóðfæri voru mjög áberandi í útsetningunum á Allt er eitthvað, en á nýju plötunni gengur Jónas enn lengra og fær Lúðrasveit Þorlákshafnar til liðs við sig. Lúðrasveitin fær nafnið sitt á framhlið umslagsins með Jónasi, en flytjendur eru fleiri, m.a. Ómar Guðjónsson, Kristinn Snær Agnarsson, Ingi Björn Ingason, Stefán Örn Gunnlaugsson og Tónar og trix sem er tónlistarhópur eldri borgara í Þorlákshöfn.

Mín fyrstu viðbrögð þegar ég hlustaði á nýju plötuna voru að mér fannst hana vanta kraftinn sem einkenndi Allt er eitthvað. Það eru að vísu tvö kraftmikil lög á plötunni, Hafsins hetjur og Þyrnigerðið, en hin eru hægari og lágstemmdari. Við frekari hlustun (og með því að skrúfa hljóðstyrkinn vel upp) komu ótvíræð gæði plötunnar samt í ljós. Útsetningarnar eru yfir það heila mjög vel heppnaðar og koma sumar á óvart, í laginu Þyrnigerðið kraumar t.d. danstónlist undir og í laginu Tónar við hafið sjá eldri borgarar um sönginn. Jónasi hefur tekist að búa til flott popp með lúðrasveitinni og öðrum flytjendum. Framlag þessara ólíku tónlistarmanna blandast mjög vel og tónlistin er áheyrileg,



en hljómar líka oft fersk og nýstárleg.

Þar sem himin ber við haf er þemaplata sem fjallar að stærstum hluta um sjómennsku og samband manns og hafs. Einn af stærstu kostum plötunnar er hvað Jónas Sigurðsson er góður laga- og textahöfundur. Það rennur upp úr honum snilldin. Lögin eru flest góð og textarnir eru innihaldsríkir og vel skrifaðir. Á heildina litið er þetta mjög fín plata. Hún er öðruvísi en Allt er eitthvað, en engu síðri. Ein af betri plötum ársins. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Jónas Sigurðsson gerði góða ferð til Þorlákshafnar.

# Spilaður í Kólumbíu

„Þetta er plata sem er bæði að koma út hér heima og í Bandaríkjunum. Það er gríðarlegur heiður og persónulegur árangur hjá mér. Það er frábært að það skuli verða að veruleika,“ segir Geir Ólafsson um sína nýjustu plötu I´m Talking About You. Þar syngur hann lög eftir aðra flytjendur, þar á meðal Michael Jackson, Bítlana, Jóhann G. Jóhannsson og Paul Simon.

Platan kemur út í Bandaríkjunum með aðstoð Dons Randi, vinar Geirs og fyrrum píanista Franks Sinatra. Eitt lag af plötunni er einnig byrjað að hljóma í útvarpi Kólumbíu í gegnum Randi, eða Besame Mucho. Þar syngur Geir á spænsku í fyrsta sinn.

Bernie Dresel spilar á trommur á plötunni. Hann var að sögn Geirs valinn besti bigband-trommarinn í Bandaríkjunum í fyrra. Hann hefur einnig spilað inn á þættina The Simpsons og Family Guy. **- fb**



NÝ PLATA Nýjasta plata Geirs kemur út bæði hérlendis og í Bandaríkjunum.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%

LOKAMYNDIN Í EINNI STÆRSTU KVIKMYNDASERÍU ALLRA TÍMA! breaking dawn
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI 3 VIKUR Á TOPPNUM SKYFALL
PITCH PERFECT FRÁBÆR GAMANMYND
ÍSL TAL RALPH ÍSL TAL TEDDI

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE TWILIGHT SAGA PART 2 | 5.30, 8, 10.25 | 12 |
| SKYFALL | 7, 10 | 12 |
| WRECK-IT RALPH 3D | 4 | L |
| PITCH PERFECT | 5.50, 8, 10.15 | 12 |
| TEDDI 2D | 4 | L |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

THE EPIC FINALE THAT WILL LIVE FOREVER the twilight saga breaking dawn
LOKAMYNDIN Í EINNI STÆRSTU KVIKMYNDASERÍU ALLRA TÍMA

BEN AFFLECK BRYAN CRANSTON ALAN ARKIN JOHN GOODMAN - NEW YORK DAILY NEWS THE MOVIE WAS FAKE. THE MISSION WAS REAL. ARGO
STÓRKOSTLEG MYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D MEÐ ENSKU TALI/ÍSL TEXTA WRECK-IT RALPH
007 SKYFALL
CLOUD ATLAS

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI Í 3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| WRECK IT RALPH ENSKU. TALI | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| ARGO | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| HOPE SPRINGS | KL. 3:40 - 8 | L |
| HOUSE AT END OF STREET | KL. 8:10 - 10:30 | 16 |
| BRAVE M/ ÍSL. TALI | KL. 3:40 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 | KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| ARGO | KL. 8 - 10:30 | 14 |
| CLOUD ATLAS | KL. 5:50 - 8 | 16 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 | L |
| WRECK-IT RALPH ENSKT TAL | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 NÚMERUÐ SÆTI | 12 |
| SKYFALL | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| WRECK IT RALPH ÍSL. TALI | KL. 3:20 | L |
| WRECK IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 3:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 6 | L |
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| WRECK IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 6 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM
SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
JENS LAPIDUS SNABBA CASH II EASY MONEY 2
CLOUD ATLAS SKYFALL LÚXUS HOTEL TRANSYLVANIA PITCH PERFECT

| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% | | |
|---|---|---|
| SNABBA CASH 2 | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| PITCH PERFECT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 3.30 | 7 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| TEDDI LANDKÖNNUÐUR | KL. 3.30 | L |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | 7 |

| HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | | |
|---|---|---|
| SNABBA CASH 2 | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| SKYFALL | KL. 6 - 9 | 12 |
| TAKEN 2 | KL. 10.30 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 | 10 |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| SNABBA CASH 2 | KL. 6 - 8 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 10 | 16 |
| PITCH PERFECT | KL. 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5.20 - 10.10 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



DRAUMURINN UM VEGINN
5. hluti: Að heiman heim
Kvikmyndabálkur Erlends Sveinssonar um Thor Vilhjálmsson og menningarpílagrímsgöngu hans til Santiago de Compostela á Spáni
Sýningar hefjast á síðasta hluta bálksins í Bíó Paradís í kvöld, 16. nóv. kl. 20:00, og verða á sama tíma til 22. nóvember.
Kynning og stiklur á bioparadis.is

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus Ódýrt í bíó
ÍSL TAL SÝND Í 3D TILBOÐ KL. 4 TILBOÐ KL. 4 TEDDI ÍSLENSKT TAL
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

ÞÉR ER BOÐIÐ Í BÍÓ Í KVÖLD FRÁ KL. 19! FJÖLBREYTTAR VEITINGAR | ALPAR | HAFIÐ DJÚPA BLÁA | GAURARNIR | STRÁKUR Á HJÓLI | SÝNINGAR HEFJAST KL. 20
REYKJAVIK EUROPEAN FILM FESTIVAL 16.-25. NÓVEMBER 2012

ÁFRAM SÝNDAR: SEARCHING FOR SUGAR MAN BÍÓ:DOX HÁTÍÐ! 9.-15. NÓVEMBER WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY JIRO DREAMS OF SUSHI

DRAUMURINN UM VEGINN 5. hluti Að heiman heim

FÖSTUDAGUR: REFF 2012: ALPAR (L) 20:00 ■ REFF: HAFIÐ DJÚPA BLÁA (L) 20:00 ■ REFF: GAURARNIR (L) 20:00 ■ REFF: STRAKUR Á HJÓLI (L) 20:00 ■ SHADOW DANCER 18:00, 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 17:45 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 5. HLUTI (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

markhonnun.is

**LOKSINS! BÓKIN SEM BEÐIÐ ER EFTIR KOMIN Í ALLAR NETTÓ VERSLANIR**




Bók №2

**FIMMTÍU DEKKRI SKUGGAR**
EL JAMES

**1.998 KR**

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# sport

sport@frettabladid.is



**STEINÞÓR FREYR ÞORSTEINSSON**, er eini Íslendingurinn sem kemur til greina í vali Nettavisen á liði ársins í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta. Steinþór Freyr er einn af þrettán miðjumönnum sem eru tilnefndir í kjörinu. Steinþór Freyr hefur staðið sig vel með nýliðum Sandnes Ulf í ár og hefur hann sem dæmi komið að 18 mörkum liðsins á tímabilinu en í leik á dögunum átti hann þátt í öllum fimm mörkunum í dýrmætum 5-1 sigri á Fredrikstad í fallbaráttunni.

## ÚRSLIT

### N1-deild karla

**FH - Akureyri 23-26 (12-16)**
**Mörk FH (skot):** Ólafur Gústafsson 6 (11), Ragnar Jóhannsson 5 (9), Ásbjörn Friðriksson 4 (9/1), Sigurður Ágústsson 2 (3), Einar Rafn Eiðsson 2/1 (3/1), Bjarki Jónsson 2 (4), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (1), Andri Berg Haraldsson 1 (2),
**Varin skot:** Daníel Freyr Andrésson 14 (35, 40%), Sigurður Örn Arnarson 4 (8, 50%).
**Hraðaupphlaup:** 1 (Einar Rafn)
**Mörk Akureyrar (skot):** Guðmundur H. Helgason 7 (11), Bergvin Þór Gíslason 6 (8), Bjarni Fritzsson 5 (8), Andri Snær Stefánsson 4 (5), Friðrik Svavarsson 2 (2), Heimir Örn Árnason 1 (1), Geir Guðmundsson 1 (13),
**Varin skot:** Jovan Kukobat 14/1 (37/2, 38%),
**Hraðaupphlaup:** 2 (Bergvin, Andri Snær)

**Fram - Haukar 20-21 (8-10)**
**Mörk Fram (skot):** Elías Bóasson 5 (6), Ólafur Magnússon 5 (6/1), Haraldur Þorvarðarson 3/2 (4/3), Þorri Björn Gunnarsson 3 (6/1), Stefán Darri Þórsson 3 (12), Sigurður Örn Þorsteinsson 1 (2), Hákon Stefánsson (1), Garðar B. Sigurjónsson (1), Stefán Baldvin Stefánsson (2/1),
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 10 (26/1, 38%), Björn Viðar Björnsson 4 (9, 44%),
**Hraðaupphlaup:** 4 (Ólafur 3, Þorri)
**Mörk Hauka (skot):** Jón Þorbjörn Jóhannsson 4 (5), Tjörvi Þorgeirsson 4 (7), Stefán Rafn Sigurmannsson 4/1 (7/1), Freyr Brynjarsson 3 (4), Árni Steinn Steinþórsson 2 (5), Elías Már Halldórsson 1 (2), Gísli Kristjánsson 1 (2), Gylfi Gylfason 1 (2), Adam Haukur Baumruk 1 (2), Sveinn Þorgeirsson (2),
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 11/3 (28/5, 39%), Einar Ólafur Vilmundarson 2/1 (5/1, 40%),
**Hraðaupphlaup:** 5 (Freyr 3, Stefán, Elías Már)

**ÍR - Afturelding 27-20 (8-11)**
**Mörk ÍR (skot):** Sturla Ásgeirsson 7/2 (10/2), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 5 (6), Björgvin Hólmgeirsson 5 (10), Guðni Már Kristinsson 3 (6), Ingimundur Ingimundarson 3 (6), Jón Heiðar Gunnarsson 2 (2), Davíð Georgsson 2 (4),
**Varin skot:** Kristófer Fannar Guðmundsson 13 (33/1, 39%), Hermann Þór Marinós. 1 (1, 100%),
**Hraðaupphl.:** 7 (Sigurjón 4, Sturla, Björgvin, Jón)
**Mörk Aftureldingar (skot):** Hilmar Stefánsson 4 (9/2), Helgi Héðins. 3 (4), Sverrir Hermannss. 3 (5), Pétur Júníusson 3 (6), Benedikt R. Kristinsson 3 (6), Örn Ingi Bjarkason 3/1 (8/1), Þrándur Gíslason 1 (2), Jóhann Jóhannsson (1),
**Varin skot:** Davíð Svansson 11 (37/2, 30%)
**Hraðaupphlaup:** 5 (Benedikt 2, Hilmar, Helgi, Þrándur)

### Dominos-deild karla

**Snæfell-Tindastóll 86-76 (41-39)**
**Snæfell:** Sveinn Arnar Davíðsson 20, Hafþór Ingi Gunnarsson 18, Jón Ólafur Jónsson 16/10 fráköst, Jay Threatt 12/12 stoðsendingar, Asim McQueen 10, Ólafur Torfason 5, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 5.
**Tindastóll:** Drew Gibson 24/7 fráköst/8 stoðsendingar, George Valentine 16/10 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 10, Helgi Rafn Viggósson 8, Svavar Atli Birgisson 7, Ingvi Rafn Ingvarsson 3, Helgi Freyr Margeirsson 3, Hreinn Gunnar Birgisson 3, Sigtryggur Arnar Björnsson 2.

**Njarðvík-KFÍ 103-72 (52-32)**
**Stigahæstir:** Elvar Már Friðriksson 21/10 stoðsendingar, Hjörtur Hrafn Einarsson 19, Marcus Van 17, Nigel Moore 15/11 fráköst/5 stoðsendingar, Ólafur Helgi Jónsson 7, Ágúst Orrason 7 - Damier Erik Pitts 17, Momcilo Latinovic 15, Mirko Stefán Virijevic 13/10 fráköst, Kristján Pétur Andrésson 12, Tyrone Bradshaw 9.

**Grindavík-Stjarnan 90-86 (48-41)**
**Grindavík:** Aaron Broussard 24, Þorleifur Ólafss. 19, Sigurður Gunnar Þorsteinss. 16, Samuel Zeglinski 14/8 stoðs., Jóhann Árni Ólafsson 11, Ómar Sævarsson 5/12 fráköst, Davíð Bustion 1.
**Stjarnan:** Brian Mills 27/11 fráköst, Dagur Kár Jónsson 15, Justin Shouse 15/14 stoðsendingar, Marvin Valdimarsson 14, Fannar Freyr Helgason 8, Kjartan Atli Kjartansson 4, Jovan Zdravevski 3.

**Keflavík-Skallagrímur 81-72 (48-32)**
**Keflavík:** Michael Craion 25/15 fráköst, Darrel Keith Lewis 20, Stephen Mc Dowell 18/7 stoðsendingar, Valur Orri Valsson 9, Magnús Þór Gunnarsson 6, Ragnar Gerald Albertsson 2, Snorri Hrafnkelsson 1.
**Skallagrímur:** Haminn Quaintance 29/19 fráköst/5 stolnir, Carlos Medlock 26, Páll Axel Vilbergsson 9, Sigmar Egilsson 6, Birgir Þór Sverrisson 1, Trausti Eiríksson 1.

# Sat í stúkunni með tárin í augunum

**Rakel Dögg Bragadóttir er komin aftur í íslenska landsliðið eftir að hafa meiðst illa fyrir tæpu ári. Ágúst Jóhannsson tilkynnti í gær 22ja manna æfingahóp fyrir Evrópumeistaramótið í Serbíu í desember.**

**HANDBOLTI** 22 leikmenn voru í gær valdir í æfingahóp íslenska landsliðsins fyrir EM kvenna sem hefst í Serbíu þann 4. desember næstkomandi. Í næstu viku verður hópurinn skorinn niður í þá sextán leikmenn sem munu halda utan.

Meðal þeirra leikmanna sem eru í hópnum nú eru Rakel Dögg Bragadóttir, leikmaður Stjörnunnar, og Ramune Pekarskyte sem er á mála hjá norska liðinu Levanger. Hún lék með Haukum í átta ár áður en hún hélt til Noregs og fékk ríkisborgararétt fyrr á þessu ári.

Rakel Dögg var fyrir ári síðan einnig á mála hjá Levanger og varð fyrir því óláni að slíta krossband í hné í síðasta leik liðsins fyrir landsliðshlé sem var gert á deildinni vegna HM í Brasilíu.

Hún er nú komin af stað á nýjan leik með uppeldisfélagi sínu, Stjörnunni í Garðabæ, og var í gær valin í landsliðið í fyrsta sinn síðan hún meiddist.

### Meiðslin tóku mikið á

„Landsliðið hefur haldið mér gangandi í öllu þessu ferli," sagði Rakel Dögg á blaðamannafundi HSÍ í gær. „Það er ekkert leyndarmál að þessi meiðsli tóku mikið á sálartetrið og það komu stundir þar sem ég átti erfitt með að koma mér af stað og taka endurhæfingunni af fullri alvöru. En eftir að landsliðið komst inn á EM var það úr sögunni. Ég gerði allt sem ég gat – aukaæfingar og allt slíkt – til að komast aftur af stað í handboltanum," segir Rakel.

Þrátt fyrir meiðslin fór hún með til Brasilíu og í dag segist hún afar þakklát fyrir það. „Það kann að vera að einhverjum hefði fundist það peningasóun en í dag þakka ég mikið fyrir að hafa fengið að upplifa þetta með þeim. Mér finnst ég líka hafa átt minn hluta í árangrinum enda sat ég alla fundi, var leikmönnunum innan handar eftir æfingar og leiki og tók þátt í bæði gleði- og sorgarstundum. Ég veit ekki hvort ég hefði hreinlega getað horft á leikina í sjónvarpi í kuldanum heima á Íslandi," sagði hún.

### Ég lærði af mótinu í Brasilíu

Rakel viðurkennir þó að það hafi stundum verið erfitt fyrir sig að sitja utan vallar og fylgjast með. „Þegar þjóðsöngurinn var spilaður fyrir fyrsta leikinn sat ég upp í stúku með tárin í augunum. En heilt yfir var ferðin algjörlega frábær og það fór heilmikið inn á reynslubankann hjá mér – rétt eins og hjá öðrum leikmönnum.



**RAKEL DÖGG** Byrjuð að spila handbolta á ný með Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Aldrei verið meiri breidd í landsliðinu

Ágúst Jóhannsson landsliðsþjálfari segir að það hafi verið erfitt að taka út þá 22 leikmenn sem hann valdi í æfingahóp sinn fyrir EM í Serbíu. Það verði enn erfiðara að skera hópinn niður í sextán leikmenn sem munu svo halda utan.

„Aldrei í minni tíð sem landsliðsþjálfari hefur verið svo mikil breidd í hópnum. Það eru margir góðir leikmenn sem gerðu tilkall til sætis og því miður eru nokkrir sterkir leikmenn sem ekki eru í hópnum að þessu sinni. En þetta er vissulega jákvætt vandamál," segir Ágúst.

„Ég held að góð vinna HSÍ og félaganna í landinu sé að skila sér. Þá hefur árangur landsliðsins síðustu ár eflt ungar handknattleikskonur og hvatt þær til að leggja enn meira á sig. Það hefur átt sér stað jákvæð hugarfarsbreyting og ríkir mikill metnaður í handboltanum hér heima," bætir hann við.

Ágúst segir að fyrsta markmið Íslands á EM í Serbíu sé einfalt. „Við ætlum okkur að komast upp úr riðlinum. Við vitum að það verður erfitt og krefjandi en það er líka skemmtilegt að takast á við slík verkefni. Það væri metnaðarleysi að ætla sér ekki áfram en ég tel það raunhæft markmið."



## Æfingahópurinn fyrir EM

**Markverðir:**
Dröfn Haraldsdóttir, FH
Guðný Jenný Ásmundsdóttir, Val
Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir, HK
Sunneva Einarsdóttir, Stjörnunni

**Aðrir leikmenn:**
Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Val
Arna Sif Pálsdóttir, Álaborg
Ásta Birna Gunnarsdóttir, Fram
Birna Berg Haraldsdóttir, Fram
Dagný Skúladóttir, Val
Elísabet Gunnarsdóttir, Fram
Hanna G. Stefánsdóttir, Stjörnunni
Hildur Þorgeirsdóttir, Blomberg Lippe
Hrafnhildur Skúladóttir, Val
Jóna M. Ragnarsdóttir, Stjörnunni
Karen Knútsdóttir, Blomberg Lippe
Rakel Dögg Bragadóttir, Stjörnunni
Ramune Pekarskyte, Levanger HK
Steinunn Björnsdóttir, Fram
Stella Sigurðardóttir, Fram
Rut Jónsdóttir, Tvis Holstebro
Þorgerður Anna Atladóttir, Val
Þórey Rósa Stefánsdóttir, Tvis Holstebro

Ísland keppti á sínu fyrsta stórmóti á EM í Danmörku fyrir tveimur árum. Þar tapaði liðið öllum sínum leikjum í riðlinum og komst ekki áfram í milliriðlana.

Stelpurnar komu svo skemmtilega á óvart á HM í Brasilíu í fyrra þar sem þær unnu stórþjóðir á borð við Þýskaland og Svartfjallaland. Liðið komst í 16-liða úrslit en tapaði fyrir þáverandi heimsmeistaraliði Rússlands.

### Getum unnið hvern sem er

Á EM í Serbíu komast þrjú lið af fjórum áfram í milliriðlana en Ísland er í sterkum riðli með Rúmeníu, Svartfjallalandi og Rússlandi.

„Við eigum heima á öllum stórmótum. Það er mitt mat," segir Rakel en viðurkennir að verkefnið verði erfitt. „Það eru kannski ekki margir á alþjóðavettvangi sem hafa trú á okkur enda erum við litla liðið samkvæmt öllum sögubókum. En við höfum spilað frábærlega síðustu ár og unnið sterkar þjóðir sem hafa spilað til verðlauna á stórmótum. Við vitum að það þarf allt að ganga upp til að vinna þessu sterku þjóðir en við höfum fulla trú á okkur og að við getum unnið hvaða lið sem er á góðum degi."

eirikur@frettabladid.is

## Hlutfallsárangur




Samanburður á árangri íslenska fótboltalandsliðsins:

# Landsliðið á leið í rétta átt

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta spilaði sinn tíunda og síðasta landsleik á árinu þegar liðið vann 2-0 sigur á Andorra í vináttulandsleik í fyrrakvöld.

Fyrsta ári Lars Lagerbäck er þar með lokið og því ekki úr vegi að skoða aðeins árangur liðsins.

Sigrarnir komu ekki í hús fyrri hluta ársins en liðið hefur síðan unnið fjóra af sex leikjum sínum frá því í ágúst og íslenska liðið vann í gær sinn þriðja 2-0 sigur í haust.

Hér fyrir neðan má sjá árangur íslenska landsliðsins undanfarin ár en að auki má sjá þróunina undanfarna mánuði hér til hliðar.

Þar má sjá að landsliðið hefur tekið skref eftir skref í rétta átt síðan Lars tók við liðinu af Ólafi Jóhannessyni í ársbyrjun. -óój



## Markatala




## Hlutfallsárangur landsliðsins undanfarin ár



# FRÁBÆRT VERÐ Á 40"

# FINLUX




**Finlux 40FLHY930**

**99.990**

KYNNINGARVERÐ

**FINLUX 40“ LCD SJÓNVARP**
**Vandað 40“ Finlux sjónvarp með háskerpu upplausn, stafrænum DVBT móttakara og tveim USB tengjum. Flott tæki á frábæru verði.**

**Háskerpu upplausn**
Tækið er með vönduðum LCD skjá með 1920x1080 punkta háskerpu upplausn og Comb filter, Digital noise reduction og Progressive scan sem tryggir skarpa og góða mynd.

**Innbyggður margmiðlunarspilari**
Tækið er búið margmiðlunarviðmóti og tveim USB tengjum, þannig að hægt er að tengja USB lykil eða flakkara við tækið og horfa á ljósmyndir og kvikmyndir. Styður öll helstu snið, t.d. DivX, MKV, MP3 og JPG.

**CI Kortarauf**
Tækið er með innbyggðri CI kortarauf þannig að þeir sem eru með Digital Ísland frá Vodafone geta losnað við afruglarann frá Vodafone Digital Ísland og fá CA tengi sem er smellt í tækið.

**Vel tengjum búið**
Tækið er með öllum helstu tengimöguleikum sem þarf í dag, 2xHDMI, 2xScart, VGA, Audio In, Heyrnartólstengi og 2xUSB tengi þannig að ekkert mál er að tengja leikjatölvur, heimabíó, heyrnartól og margt fleira við tækið.

HDMI™ HIGH-DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE · USB · DVB T · FULL HD 1080p

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

FINLUX

> **Stöð 2 kl. 19.45**

## Týnda kynslóðin

***Björn Bragi og Nilli koma víða við í þættinum í kvöld. Þeir prófa m.a. að breyta röddinni og kíkja á blóðugan boxbardaga. Þá kíkir hljómsveitin Valdimar í skemmtilegt spjall og tekur eitt lag.***



# dagskrá

## Í KVÖLD



### The Secret Circle

Þegar mamma Cassie deyr flytur hún í smábæ í Washington. Þar kemst hún að því að hún er af nornum komin og býr yfir óvenjulegum hæfileikum. Hún er þó ekki sú eina í bænum með slíka hæfileika.

**Aðalhlutverk:** Britt Robertson, Thomas Dekker og Phoebe Tonkin.

Metacritic 55/100 · IMDb 7,5 · Popp Tíví 20.10



### Paul

Myndasögunördarnir Graeme Willy og Clive Gollings fara á hið umdeilda Svæði 51 í ferðalagi sínu um Bandaríkin. Þar hitta þeir fyrir geimveruna Paul sem leiðir þá í kostulega ævintýraferð.

**Leikstjóri:** Greg Mottola. **Aðalhlutverk:** Simon Pegg, Nick Frost og Seth Rogen.

Rotten Tomatoes 71% · IMDb 7,0 · Stöð 2 21.40



### Love and Other Disasters

Emily Jackson vinnur hjá breska Vogue og dundar sér í frítímum við að hjálpa vinum sínum að finna ástina. Á meðan er samstarfsfélagi hennar yfir sig ástfanginn af henni en hún tekur ekki eftir neinu.

**Leikstjóri:** Alek Keshishian. **Aðalhlutverk:** Brittany Murphy, Matthew Rhys og Catherine Tate.

Rotten Tomatoes 20% · IMDb 6,2 · Stöð 2 Bíó 13.55



### The Heartbreak Kid

Hinum fertuga Eddie Cantrow finnst vera kominn tími til að ganga í það heilaga. Hann hittir Lilu sem er fullkomin og þau gifta sig í snarhasti. Málin flækjast þó þegar Eddie fellur fyrir annarri í brúðkaupsferðinni.

**Leikstjórar:** Bobby Farrelly og Peter Farrelly. **Aðalhlutverk:** Ben Stiller, Michelle Monaghan og Malin Åkerman.

Rotten Tomatoes 29% · IMDb 5,8 · RÚV 23.20

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hvað er stjórnun **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Leitað að Jónasi í Sankti Péturs stræti, vínstofu Hvíts og víðar **15.32** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Dagur íslenskrar tungu **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Raddir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Ástareldur** (Sturm der Liebe) Endursýndir þættir vikunnar.
**16.30 Ástareldur** (Sturm der Liebe) Endursýndir þættir vikunnar.
**17.19 Snillingarnir**
**17.42 Bombubyrgið**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Samfestingurinn 2012** (e) Valin atriði úr söngkeppni Samfés, samtaka félagsmiðstöðva.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Á tali við Hemma Gunn** Hemmi Gunn og Þórhallur Gunnarsson rifja upp gamla tíma og kynna á ný gesti sem slógu í gegn í þáttum Hemma á sínum tíma. Gestur þáttarins er Edda Björgvinsdóttir.
**20.30 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni mætast lið Fjarðabyggðar og Skagafjarðar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Brynja Þorgeirsdóttir.
**21.40 Dans dans dans - Keppendur kynntir** Í þættinum eru kynntir þeir keppendur sem stíga á svið á laugardagskvöld.
**21.55 Ást í ökuskóla** (Learners) Bresk gamanmynd um Bev sem er kúguð húsmóðir sem hefur fallið átta sinnum á ökuprófi eftir tilsögn eiginmannsins. Hún skráir sig í ökuskóla og verður skotin í kennaranum sínum. Leikstjóri er Francesca Joseph og meðal leikenda eru Jessica Hynes, Shaun Dingwall og David Tennant.
> **23.20 Hjartaknúsarinn** (The Heartbreak Kid) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.55 Gray Matters**
**12.30 Sammy's Adventures**
> **13.55 Love and Other Disasters**
**15.25 Gray Matters**
**17.05 Sammy's Adventures**
**18.35 Love and Other Disasters**
**20.05 Nanny Mcphee returns**
**22.00 Righteous Kill**
**23.45 Enid**
**01.10 Nanny Mcphee returns**
**03.00 Righteous Kill**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** (14:22)
**08.30 Ellen** (43:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (24:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (27:30)
**10.55 Cougar Town** (22:22)
**11.25 Hank** (7:10)
**11.50 Masterchef USA** (3:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Last Man Standing** (3:24)
**13.25 Flirting With Forty** Rómantísk mynd um Jackie Laurens sem er fráskilin, fertug tveggja barna móðir sem ákveður að fara einsömul í frí til Havaí.
**15.00 Game Tíví**
**15.30 Tricky TV** (23:23)
**15.55 Sorry I've Got No Head**
**16.25 Ævintýri Tinna**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (44:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** (13:22)
**19.45 Týnda kynslóðin** (11:24)
**20.10 The X-Factor** (16:27) Önnur þáttaröð af bandarísku útgáfunni. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á dómefndinni en auk Simon Cowell og L.A. Reid hafa ný bæst í hópinn Britney Spears og Demi Lovato.
> **21.40 Paul**
**23.20 Angel and the Bad Man** Endurgerð á samnefndum vestra frá 1947 og fjallar um Quirt Evand, sannkallað illmenni, sem særist í byssubardaga og er hjúkrað aftur til heilsu af kvekarakonu. Þegar á líður lendir hann í vandræðum með að velja á milli gamla lífsins og hins nýja.
**00.50 Pretty Persuasion** Ung stúlka sakar kennara sinn um kynferðislega áreitni. Þá fer af stað atburðarás sem enginn sá fyrir.
**02.35 Schindler's List** Stórvirki Stevens Spielberg um Oskar Schindler sem réð til sín fjölda gyðinga í seinni heimsstyrjöldinni til að forða þeim frá fangabúðum nasista.
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Fuchse Berlin - Croatia Zagreb** Leikur í Meistaradeild Evrópu í handbolta.
**15.00 Formúla 1: Ameríka - Æfing 1** BEINT frá Austin í Texas.
**16.30 Course Design & Set Up** Í þessum þætti er fjallað um uppsetningu golfvalla og hvernig þeir eru byggðir upp.
**17.00 Spænsku mörkin**
**17.30 Þýski handboltinn: Flensburg - Magdeburg**
**19.00 Formúla 1: Ameríka - Æfing 2** BEINT frá Austin í Texas.
**20.30 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**21.00 La Liga Report**
**21.30 Tvöfaldur skolli** Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina.
**22.30 UFC 115** Sýnt frá UFC 115 en þangað mætta til leiks margir af færustu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþrótt.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.55 Sunnudagsmessan**
**17.10 Arsenal - Fulham**
**18.50 Everton - Sunderland**
**20.30 Premier League World**
**21.00 Premier League Preview Show**
**21.30 Football League Show**
**22.00 Southampton - Swansea**
**23.40 Premier League Preview Show**
**00.10 Chelsea - Liverpool**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Búbbarnir** (2:21)
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Stubbarnir**
**09.35 Strumparnir**
**09.55 Brunabílarnir**
**10.15 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.25 Xiaolin Showdown**
**17.50 iCarly** (42:45)

## POPP TÍVÍ

**17.00 The Simpsons** (5:22)
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** (1:18) Þættirnir byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** (7:24)
**19.25 The Simpsons** (6:23)
**19.50 How I Met Your Mother** (14:22) Hópurinn reynir að forðast að heyra úrslit fótboltaleiks sem hann ætlar að horfa á í endursýningu. Það reynist ekki auðvelt enda leikurinn á allra vörum.
> **20.10 The Secret Circle** (13:22)
**20.55 The Vampire Diaries** (13:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.40 Pretty Little Liars** (14:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**22.25 Breakout Kings** (13:13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**23.10 The Secret Circle** (13:22)
**23.55 The Vampire Diaries** (13:22)
**00.40 Pretty Little Liars** (14:25)
**01.25 Breakout Kings** (13:13)
**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** (71:175)
**19.00 Ellen** (44:170)
**19.40 Idol-Stjörnuleit**
**20.50 Idol-Stjörnuleit**
**21.10 Entourage** (4:12)
**21.45 The X-Factor** (17:27)
**22.30 Það var lagið**
**23.30 Idol-Stjörnuleit**
**00.40 Idol-Stjörnuleit**
**01.00 Entourage** (4:12)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dr. Phil** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.20 Parenthood** (13:22) (e)
**16.05 My Mom Is Obsessed** (5:6) (e)
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 Survivor** (2:15) (e)
**19.05 An Idiot Abroad** (9:9) (e) Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bak við þennan einstaka þátt sem fjallar um vin þeirra, Karl Pilkington, og ferðir hans um sjö undur veraldar. Karl er kominn heim úr heimsreisunni reynslunni ríkari. Í þessum lokaþætti lítur hann um öxl ásamt félögum sínum, Stephen Merchant og Ricky Gervais.
**19.55 America's Funniest Home Videos** (31:48) (e)
**20.20 America's Funniest Home Videos** (4:44) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.45 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Þar frá Kaliforníu spreytir sig á þrautum kvöldsins.
**21.30 The Voice** (10:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er hæfileikaríku tónlistarfólki. Dómarar þáttarins eru þau Christina Aguilera, Adam Levine, Cee Lo Green og Blake Shelton.
**23.55 Excused** Nýstárlegir stefnumótaþættir um ólíka einstaklinga sem allir eru í leit að ást.
**00.20 House** (9:23) (e)
**01.10 CSI: New York** (13:18) (e)
**02.00 A Gifted Man** (11:16) (e)
**02.50 CSI** (5:23) (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Tiger gegn Rory **11.40** US Open 2002 - Official Film **12.40** Golfing World **13.30** Ryder Cup 2012 (1:3) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





FULL ÞJÓNUSTA
Á VERÐI SJÁLFS-
AFGREIÐSLU.
Starfsmenn okkar taka upp hanskann fyrir viðskiptavinina. Þeir skipta um rúðuþurrkur, mæla og fylla á olíu, rúðuvökva og frostlög – og dæla á tankinn, en þú greiðir sama verð og í sjálfsafgreiðslu.
Fáðu sem mest út úr hverjum dropa.
Athugið að þjónustutími er mismunandi eftir stöðvum.
Nánari upplýsingar á www.skeljungur.is

HELGIN



*„Í kvöld ætla ég í Hertz-hellinn að horfa á KR sigra ÍR í körfubolta. Morgundeginum mun ég eyða með konunni minni, tveimur börnum okkar og einu aukabarni. Og á sunnudaginn verð ég á Instagram Meetup á Kexinu. Þannig að það er nóg um að vera.“*

Guðmundur Þór Magnússon, móttökustjóri Kex Hostel.

# Skemmtigarðurinn þykir bestur

Skemmtigarðurinn í Smáralind hlaut í gær verðlaun sem Besti innanhúss skemmtigarður heims árið 2012. Verðlaunin eru veitt árlega af IAAPA, alþjóðlegum samtökum skemmtigarða.

„Það var óvæntur heiður að fá þessi verðlaun og þau eru mun stærri við áttum von á. Það var gaman að standa við hlið verðlaunaþega frá Walt Disney, Sea World og annarra stærri garða og sannast kannski hið margkveðna að stærðin skiptir ekki alltaf máli,“ segir Eyþór Guðjónsson framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins. Eyþór veitti verðlaununum viðtöku við hátíðlega athöfn í Orlandó ásamt Ingibjörgu Guðmundsdóttur og Sigurði Erni Eiríkssyni.

Keppt er í tveimur flokkum, annars vegar í flokki stórra skemmtigarða og hins vegar í flokki smærri garða. Að sögn Eyþórs er nokkuð langt um liðið frá því að evrópskur skemmtigarður hlaut umrædd verðlaun. IAAPA-samtökin voru stofnuð árið 1918 og innan samtakanna má finna yfir fjögur þúsund skemmtigarða í 93 löndum.

En hvaða þýðingu hafa verðlaunin fyrir Eyþór og samstarfsfólk hans?

„Þetta hvetur okkur til áframhaldandi góðra verka. Við erum ánægðust með það að þarna kemur hlutlaus aðili í Skemmtigarðinn og telur hann bestan í heimi. Það er frábært að fá þessa viðurkenningu. Við tökum þessu af hógværð og erum fyrst og fremst þakklát.“

Þegar hann er að lokum inntur eftir því hvort aðstandendur Skemmtigarðsins ætli að fagna þessu góða gengi segir hann hlæjandi: „Við förum kannski út að borða hér í Orlandó og gefum hvert öðru „high five“.“ **- sm**



**VERÐLAUNUÐ** Eyþór Guðjónsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sigurður Örn Eiríksson veittu verðlaununum móttöku í Orlandó í gær.





Góí og Baunagrasið

Bráðskemmtileg og fyndin leiksýning fyrir alla fjölskylduna

Sun 18/11 kl. 13:00 Örfá sæti

★★★★ Fréttatíminn ★★★★ Morgunblaðið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is Borgarleikhúsið






**Á BAK VIÐ HROSS** Friðrik Þór Friðriksson, framleiðandi Hross, ásamt leikstjóranum Benedikt Erlingssyni. Þeir safna nú peningum til að geta lokið við gerð hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BENEDIKT ERLINGSSON: VIÐ ERUM AÐ RÍÐA Á VAÐIÐ

# Safna peningum á netinu til að ljúka við Hross

„Við erum að safna peningum í eftirvinnsluna svo við getum gert þetta vel,“ segir Benedikt Erlingsson, leikstjóri kvikmyndarinnar Hross. Tökum á henni er lokið og er stefnt á frumsýningu hérlendis næsta haust.

Á síðunni Alpha.karolinafund.com óska aðstandendur Hross eftir fjárhagsaðstoð til að geta klárað myndina og vonast þeir til að safna sex og hálfri milljón króna á tveimur mánuðum. Í staðinn fá þeir sem veita aðstoðina eitthvað fyrir sinn snúð.

Verðflokkarnir sem koma til greina á síðunni eru sjö. Fyrir rúmar átta hundruð krónur fær fólk persónulegan tölvupóst frá Benedikt þar sem hann þakkar fyrir aðstoðina. Fyrir þann dýrasta, 1,6 milljónir króna eða meira, fær það áritaðan mynddisk, boðsmiða á frumsýningu Hross og kvöldmat með aðstandendum myndarinnar fyrir frumsýninguna. Einnig eru þeir titlaðir meðframleiðendur og geta fengið eitt prósent af ágóðanum.

„Við þurfum á hjálp að halda. Ef menn vilja vera meðskapendur að fyrstu íslensku hestamyndinni og góðri kvikmynd þá er þetta tækifærið,“ segir Benedikt.

Stutt er síðan Fréttablaðið greindi frá því að tónlistarmaðurinn Pétur Ben notaði þessa sömu vefsíðu til að safna fyrir gerð næstu plötu sinnar. Í staðinn gátu menn fengið áritaða plötu og einkatónleika á Skype.

Spurður hvort þetta sé ekki óvenjuleg aðferð til að fjármagna kvikmynd er Benedikt sammála því. „Ég held að þetta hafi ekki verið áður gert með mynd í fullri lengd á Íslandi. Stuttmyndir hafa verið fjármagnaðar í gegnum erlendar síður en við erum að ríða á vaðið, eins og það heitir á hestamáli,“ segir hann og heldur áfram: „Við höfum tvo mánuði til stefnu. Það eru komin tvö prósent. Miðað við Hollywood-myndirnar hérna í sumar þá var fjárhagsáætlunin okkar eitt prósent af þeim peningum sem Hollywood-mennirnir höfðu.“

Kvikmyndasjóður Íslands hefur staðið á bak við Hross, auk einkafjárfesta og er lista yfir þá að finna á síðunni Hrosss.is.

**freyr@frettabladid.is**

# Sendir til Ameríku og Evrópu

„Ég er búinn að selja um fjörutíu plötur í Ameríku og aðeins meira í Evrópu. Þetta tínist inn á hverjum degi,“ segir Friðrik Ómar.

Tónlistarmaðurinn er í óða önn að pakka nýjustu plötu sinni, Outside the Ring, í stofunni heima hjá sér og senda út um allan heim. Einnig hefur hann sent hana víða um Ísland en hann gefur plötuna út sjálfur undir merkjum fyrirtækisins Rigg.

Aðspurður segir hann að margir Eurovision-aðdáendur hafi fylgst með sér síðan hann tók þátt í Eurovision með Eurobandinu. „Ekki bara með mér heldur Heru, Gretu og Páli Óskari til dæmis. Þetta er þessi gluggi sem maður getur nýtt sér, sem kannski allt of fáir hafa gert. Það eru náttúrulega hátt í 100 milljónir sem horfa á keppnina og það má alveg ætla að einhverjar þúsundir fíli það sem þú ert að gera.“

Hann segir að margir fylgist með heimasíðunni sinni en núna er hann búinn að opna vefverslun í fyrsta sinn og hefur gaman af öllu stússinu í kringum útgáfuna. „Þess vegna er ég að þessu, því mér finnst þetta skemmtilegt. Fólk fær áritaða plötu senda heim að dyrum. Ég er með pökkunarmiðstöð í stofunni og trylli svo út í pósthús.“

Síðasta sólóplata Friðriks Ómars, Annan dag, kom út fyrir sex árum og hefur selst í tæpum þrjú þúsund eintökum. Næstu tónleikar hans verða í Hofi á Akureyri 21. nóvember. **- fb**



**NÓG AÐ GERA** Friðrik Ómar sendir nýjustu plötuna sína bæði til Ameríku og Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# LJÓSASERÍUHELGI

## 20% afsláttur af öllum inni- og útiseríum



*Ótrúlegt úrval af inniljósum*

*seríur*
*aðventuljós*
*kransar*
*stjörnur*
*o.fl.*



*30% til 40% afsláttur*

*af öllum „amerísku" jólatrjánum*

*nú er tækifærið!*

GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
Í 21ÁR



*Jóladagatal Garðheima*

*jólapakkar, tilboð, gleði og gaman frá 14. nóv til 14. des.*

Vertu vinur okkar á Facebook

*Við höfum ofan af fyrir börnunum*



FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gísli í endurprentun

Bókin Gísli á Uppsölum, sem fjallar um einbúann í Arnarfirði, hefur hitt í mark. Hún kom út fyrir tveimur vikum og er sú fyrsta sem fer í endurprentun fyrir þessi jól. Fyrsta upplagið var tvö þúsund eintök og nú eru Sögur útgáfa að láta prenta tvö þúsund eintök til viðbótar. Höfundurinn **Ingibjörg Reynisdóttir** hefur haft í nógu að snúast við að kynna bókina og ferðast út um allar jarðir. Til dæmis keyrði hún 1.200 kílómetra í síðustu viku, þar á meðal til Ísafjarðar. Í sömu ferð fór hún að Uppsölum og var þetta í fjórða sinn sem hún heimsótti bæinn síðan vinnan við bókina hófst.



### Lag í minningu Sigursteins

Í dag eru liðnir tíu mánuðir síðan knattspyrnumaðurinn- og þjálfarinn **Sigursteinn Gíslason** lést eftir erfið veikindi. Söngkonan Áslaug Fjóla Magnúsdóttir, sem er æskuvinkona Sigursteins og ekkju hans Önnu Elínar, hefur unnið að nýju lagi í minningu hans. Það heitir Gleðitár og var textinn byggður á orðum Steina: „Ef þið ætlið að gráta, hafið það þá gleðitár vegna góðrar minninga“. Áslaug fékk Kristján Hreinsson til að gera íslenskan texta við lagið What If sem er úr myndinni Christmas Carol. Gleðitár er nú fáanlegt á Tonlist.is og rennur allur ágóðinn af sölu þess í framtíðarsjóð barna þeirra Sigursteins og Önnu Elínar.
-fb



## Mest lesið VÍSIR

1. Vilja skipalægi við Hörpuna og að tónlistarhúsið verði „terminal“
2. Starfsfólk Iceland Express efnir til markaðar vegna ferðaloka
3. Ók bíl í gegnum rúðu hjá Heklu
4. Slösuðum manni bjargað úr 15 metra háum byggingakrana






785 hundar - 80 tegundir - 32 ungir sýnendur
Hundaræktarfélag Íslands - félag allra hundaeigenda – stofnað 1969

Alþjóðleg hundasýning
Hundaræktarfélags Íslands
17. – 18. nóvember að Klettagörðum 6, 104 Reykjavík

Dómarar sýningar eru frá Danmörku, Finnlandi, Írlandi, Svíþjóð og Serbíu
Sýningin stendur frá kl. 9-17 laugardag og sunnudag
Keppni ungra sýnenda fer fram laugardaginn 17. nóvember kl. 12:00

Meðal viðburða
Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
Fallegustu hundar sýningar valdir
Viðamikil starfsemi HRFÍ kynnt
Kynning á hundategundum
Sölu- og kynningabásar – ýmis sértilboð
Veitingasala

VÍS
Pedigree
Sjá dagskrá á hrfi.is
Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára og í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 400 kr.
HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969